



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
1. apríl 2011
76. tölublað 11. árgangur

10
ÁRA
2001 - 2011



Frábær frumraun

Fyrstu tónleikar Friðriks Ómars í Svíþjóð gengu eins og í lygasögu.

fólk 54

Hausaveiðar

Valtýr Sigurðsson, fráfarandi ríkissaksóknari, segir að það hafi mistekist að skapa nýtt samfélag eftir hrun.

föstudagsviðtalið 22




Meistararnir úr leik

Stjörnumenn eru komnir í lokaúrslit körfunnar í fyrsta sinn í sögu félagsins.

sport 48

veðrið í dag



VÍÐA VÆTA Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt. Víða rigning með köflum en úrkomulítið N-tíl. Hiti 2-8 stig. **VEÐUR 4**



Ekkert minnst á Helguvík

Framkvæmdastjóri SA telur orku- og iðnaðarmál tekin allt of lausum tökum í drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga sem honum voru kynnt í gær. Ekkert er fjallað um sjávarútvegsmál.

KJARAMÁL Ekki er minnst einu orði á álversframkvæmdir í Helguvík í drögum að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að liðka fyrir gerð kjarasamninga, sem lögð voru fram sem trúnaðarmál á fundi með aðilum vinnumarkaðarins í gær.

Í kafla um orku- og iðnaðarmál er fjallað um verkefni sem farin eru af stað og sagt að fleiri séu í undirbúningi. Þar er einungis nefnt að Landsvirkjun muni halda áfram rannsóknum í Þingeyjarsýslum og sé í viðræðum við nokkra aðila um fjárfestingar, sem gætu í besta falli numið 70 til 80 milljörðum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir kaflann rýran. Svo virðist sem stjórnvöld séu að reyna að tala sig í kringum álver í Helguvík.

„Við viljum sjá miklu ákveðnar fjallað um stórar fjárfestingar í atvinnulífinu heldur en þarna er gert,“ segir Vilhjálmur. Hann líti á þessi drög sem byrjun á viðræðunum.

Hvergi er heldur minnst á sjávarútvegsmál, sem Vilhjálmur telur ótækt þótt hann hafi ekki átt von á öðru að svo stöddu. Ekki tjái að ræða atvinnumál og hunsu sjávarútveginn. „Ef við færum að skilja hann eftir væri það eins og að ætla að fara af stað í langferð á bil með þremur hjólum,“ segir hann.

Vilhjálmur fundaði um drögin í gærkvöldi með Gylfa Arnbjörnsyni, forseta Alþýðusambandsins. Viðbúid er að þau taki töluverðum breytingum þegar viðræður halda áfram næstu daga. - sh / sjá síðu 4

Nokkur atriði úr drögnum

- Ný peningamálastefna og lög um Seðlabankann unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.
- Persónuafsláttur hækkar árlega til 2014 í samræmi við verðlag.
- Skattalækkun í lægsta skattþrepi frá árslokum 2012 skoðuð.
- Atvinnutryggingagjald lækkað árlega frá 2012 eftir getu.
- Tryggingagjald launa hækkað um 0,2% í ársbyrjun 2012 til að mæta umframútgjöldum fæðingarorlofssjóðs.
- Skoðað hvernig megi takmarka möguleika þeirra sem keyra fyrirtæki ítrekað í þrot með tjóni fyrir launþega, stéttarfélag og ríkissjóð

- til að stofna og sitja í fyrirtækjum með takmarkaða ábyrgð.
- Lögm um opinber innkaup breytt til að tryggja meiri samkeppni og rétt launþega.
- Aðkoma stjórnvalda að byggingu stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir 1,2 milljarða í skoðuð.
- Ráðist í vegafarmkvæmdir suðvestanlands með sérstakri tekjuöflun og byggingu skóla- og fræðabygginga.
- Sköpuð námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur í haust.
- Ekki hróflað við lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna án samráðs og samþykkis þeirra.



OFSALEGA HRÆDD Að óbreyttu mun Priyanka Thapa brátt yfirgefa Ísland og halda til Nepals þar sem hún hefur verið seld í hjónaband með ókunnugum manni. Henni hefur verið synjað um dvalarleyfi hérlandis á grundvelli mannúðarsjónarmiða, jafnvel þótt lög kveði á um að sérstakt tillit skuli tekið til kvenna í hennar stöðu. „Ég er ofsalega hrædd og vil ekki fara heim,“ segir Priyanka. **Sjá síðu 6**

Hestadagar í Reykjavík: Tryppaeistu á torginu í dag

FÓLK Steikt tryppaeistu að enskum sið verða boðin til smakks í gamla söluturninum á Lækjartorgi seinni partinn í dag, en Úlfar Eysteins-son matreiðslumeistari sér um matseldina í tilefni Hestadaga í Reykjavík.

„Ég hef nú sjálfur verið að laumast í að borða þetta í gegnum árin, en auðvitað er orðið löngu tímabært að fleiri njóti þessa áhrifamikla sælkerafæðis sem fersk tryppaeistu eru í raun,“ segir Úlfar. Gómsætið ber hann fram með grænpiarsósu og káli, en sósun segir hann taka mestan ótta úr fólki við að smakka.

Úlfar segir tryppaeistu eftirsóknarvert hráefni því alkunna sé að þau auki kynorku. **- þlg / Allt í miðju blaðsins**



NÝ BRAGÐUPLIFUN Svona lítur diskurinn út hjá Úlfari, en tryppaeistun sker hann niður í girnilega munnbita.

Lækkað lánshæfismat myndi hækka fjármögnunarkostnað að mati Tryggva Þórs: Nei kostar tugi milljarða á ári

EFNAHAGSMÁL Ef Icesave-samningnum er hafnað má búast við að lánshæfiseinkunn Íslands fari í ruslflokk og þá hækkar fjármögnunarkostnaður opinberra aðila um tugi milljarða króna, segir Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Tryggvi Þór bendir á að sam- anlagðar skuldir hins opinbera, Landsvirkjunar og Orkuveitu

Reykjavíkur séu um 1.350 milljarðar króna. Endurfjármagna þurfi hluta þessara skulda og stofna til nýrra vegna nýrra framkvæmda.

Verði Icesave hafnað og lánshæfismatseinkunn ríkisins fari í ruslflokk, eins og matsfyrirtækið Moody's hefur gefið til kynna, er „líklegast að fjármögnunarkostnaður verði 27-43 milljörðum hærri á ári vegna lélegra lánshæfismats sem gefur 135 til 216 milljarða á

fimm árum,“ segir Tryggvi Þór í grein sinni.

Hann miðar þar við að vextir verði um 2 til 3,2 prósentum hærri fari skuldarnar í ruslflokk.

Þennan kost ber Tryggvi saman við líklegan kostnað af því að samþykka Icesave, sem hann gerir ráð fyrir að verði 47 milljarðar króna. „Þetta er hið ískalda hagsmunamat,“ segir Tryggvi Þór.

- gb / sjá síðu 28

LYFJA - Lífið heil
Hjá okkur er opið alla daga langt fram á kvöld
kl. 7-1 í Lágmúla kl. 8-24 á Smáratorgi
www.lyfja.is

Teppi á stigaganginn
Eitt verð niðurkomið kr. 5.690 m²
ALLUR VINNA
Komum á staðinn með þrotur og mælum, ykkur að kostnaðarlausu
ALFABORG
Skútvogi 6 - Sími 568 6755

SPURNING DAGSINS



Sigurður, eiga menn heldur að sleppa því að veiða heldur en að veiða og sleppa?

„Miklu heldur, það liggur í augum uppi.“

Sigurður Pálsson, málari og fluguhnýtari, segir það dælu að veiða fisk á stöng og sleppa honum síðan. Engin fiskivernd sé í því og oft sé það einfaldlega til vandræða.

2

Vísindamenn hafa unnið að kortlagningu þyngdaraflsins á jörðinni:


Þyngdaraflið sterkast á Íslandi

VÍSINDI Þyngdaraflið er sterkast á tveimur svæðum jarðar: Annars vegar á nokkuð stóru svæði í Atlantshafinu, sem nær rétt norður fyrir Ísland og alla leið suður að Azoreyjum, hins vegar á svæði norður af Ástralíu allt frá Filippseyjum og austur að Fidjeyjum í Suður-Kyrrahafi.

Minnsti styrkur þyngdaraflsins er hins vegar á sunnanverðu Indlandi og stóru svæði þar suður af á Indlandshafi.

Þetta er niðurstaðan úr mælingum vísindamanna við Evrópsku geimferðastofnunina, sem hafa nú sent frá sér endurbætta kortlagningu þyngdaraflsins á jörðinni.

Kortlagningin er byggð á gögnum



EINS OG KARTAFLA Mynd af dreifingu þyngdarafls á jörðinni. Sterkast er það á gulu svæðunum en gættir minnst á þeim bláum.

úr gervihnettinum GOCE, sem þeyttist í kringum jörðina í 255 kílómetra hæð og mælir styrkleikamun þyngdaraflsins milli staða.

Munurinn er reyndar svo lítil að hann telst ekki skynjanlegur nema í mælitækjum. Í kortlagningunni er hann hins vegar ýktur mjög, svo greinilega megi sjá dreifinguna.

Tilgangur mælinganna er ekki síst að reikna út hæðina á yfirborði sjávar á hverjum stað, svo hægt sé að bera saman „raunverulega“ hæð staða á jörðinni frekar en bara hæð yfir sjávarmáli, eins og til þessa hefur eingöngu reynst unnt.

- gb

Héraðsdómur staðfestur:

Sýknaður af kynferðisbroti

DÓMSMÁL Karlmaður, búsettur í Vestmannaeyjum, hefur verið sýknaður í Hæstarétti af ákæru um kynferðisbrot gegn fimm ára stúlku. Þar með staðfestir Hæstiréttur dóm héraðsdóms.

Við ákvörðun dómsniðurstöðu var litið til þess að dómskýrsla stúlkunnar hefði borið þess merki að í einhverjum tilvikum hefði framburður hennar litast af því sem móðir hennar hafði tjáð henni. Stúlkan var ekki yfirheyrð í Barnahúsi fyrr en mánuði eftir meint brot.

- jss

Grænn apríl hefst í dag:

Ísland verði vistvænna

UMHVERFISMÁL Aprílmánuður á að verða grænasti mánuður ársins í átaki sem samtökin Grænn apríl standa fyrir.

Átaksverkefninu er ætlað að beina athygli fólks að vöru, þjónustu og þekkingu sem er græn og umhverfisvæn og hægt er að nálgast hér á landi.

Fjölmörg sveitarfélög og ráðuneyti, stór og smá fyrirtæki þátt í átakinu, sem hefur að markmiði að auka þekkingu og umræðu um umhverfisvænna valkosti í innkaupum og stuðla þannig að vistvænna og sjálfbærara Íslandi.



GEISLAVIRKNI KÖNNUÐ Starfsmenn Fukushima-sýslu taka sýni í grennd við kjarnorkuverið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkin finnast enn út um allt

JAPAN, AP „Við erum að finna lík út um allt – í bifreiðum, í ám, undir rústum og úti á götum,“ segir lögreglumaður í Fukushima, sem varð afar illa úti í hamförnunum 11. mars.

Tugir þúsunda íbúa í Fukushima hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna hættu á geisla-mengun frá kjarnorkuverinu þar. Ekki þykir einu sinni óhætt lengur að fólk leiti í rústum heimila sinna vegna geisla-mengunar.

Til þessa hefur verið staðfest að 11 þúsund manns eru látnir.

- gb



ALMANNAGJÁ OG HAKIÐ Mikil hola opnaðist á stígnum um Almagnagjá. Undir er eins konar hellir, sem reyndist ná undir stígninn þar sem grafan stendur. Einar Sæmundsen, fræðslufulltrúi í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, stendur við opið.

MYND/EINAR SÆMUNDSEN

Almannagjá dýpkar

Talið að skjálftar og leysingar hafi leitt til þess að djúp gjá opnaðist á miðjum stígnum í Almagnagjá. Vegir liggja víða yfir sprungur í Þingvallabjörggarði.

UMHVERFISMÁL „Þetta er hálfgerð Ginnungagap,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen, fræðslufulltrúi í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, um mikla sprungu sem í ljós hefur komið á miðjum stígnum í Almagnagjá.

Einar segir að gat hafi komið á stígninn og síðan myndast djúp hola sem reynst hafi verið op að tíu til fjórtán metra djúpri gjá beint undir stígnum. „Þetta er líklega framhaldið af litlu gjánni sem menn klofa yfir þegar þeir ganga út á Hakið og á útsýnispallinn,“ segir Einar, sem kveður barma holunnar hafa verið ótrygga. Því hafi hún verið víkkuð með því að fjarlægja laust efni.

Lokað var fyrir umferð um stígninn á meðan smíðaður var fleki yfir holuna og henni þannig lokað til bráðabirgða. Almagnagjá er nú opin fyrir umferð á ný.

Gjáin undir holunni er mikið gímald að sögn Einars. Vísast þurfi mörg vörubílahlöss til að fylla gjána, sem liggja eins og hellir suður undir Kárastaðastíg og meira en fjórir metrar á breidd þegar ofan í sé komið. „Ef sú ákvörðun yrði tekin færi alveg gríðarlegt magn af efni í það.“

Einar kveðst reikna með að sérfræðingar verði fengnir til að skera úr um orsakir þess að nú hefur opnast ofan í þessa miklu sprungu. Sjálfir telji hann sam-

spil jarðskjálfta árin 2000 og 2008 við miklar leysingar hafa valdið því að jarðefni hafi skolest úr sprungunni með árunum.

„Þetta höfum við séð í Þjóðgarðinum áður. Sérstaklega hafa menn þukkað í með stóru grjóti og mól þar sem malbikaðir vegir eru lagðir yfir gjár. Eftir jarðskjálftana 2000 og 2008 kom greinilega los á jarðveginn. Í vorleysingum árin eftir komu göt hér á vegi, bæði austan við Þjónustumiðstöðina og niðri við vatn,“ segir Einar, sem kveðst eiga von á því að jarðvísindamenn verði fengnir til að meta stöðuna. „Við munum grannskoða stígana hérna í gjánni en ég tel að þetta sé staðbundið.“

gar@frettabladid.is

SÝRLAND

Lætur kanna hvað gera eigi

Bashar Assad, forseti Sýrlands, hefur tilkynnt að nefndir verði stofnaðar til að kanna hvort aflétta eigi nærri sex áratuga gömlum neyðarlögum í landinu. Jafnframt verði nefndir látnar rannsaka dauðsföll almennra borgara í átökunum undanfarinn hálfán mánuð. Með þessu virðist hann vonast til að draga broddinn úr mótmælum, sem boðuð hafa verið í dag. Fyrr í vikunni varð ekkert úr loforðum hans um að boða raunverulegar umbætur.

Meirihluti borgarstjórnar samþykkti aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda OR:

Samstaða um óháða úttekt

BORGARMÁL Allir flokkar í borgarstjórn Reykjavíkur samþykktu mótatkvæðalaust í gærkvöld að gerð yrði óháð úttekt á stöðu og rekstri Orkuveitu Reykjavíkur.

Í bókun borgarstjórnar segir að draga eigi fram með skýrum hætti orsakir þeirrar fjárhagslegu stöðu sem fyrirtækið hefur ratað í og úttektin verði unnin í samstarfi þeirra sveitarfélaga sem eiga hlut í Orkuveitunni.

Á borgarstjórnarfundinum var jafnframt samþykkt með atkvæðum meirihlutans eingöngu aðgerðaráætlun vegna fjárhagsvanda Orkuveitunnar. Fulltrúar minnihlutans sátu hjá í þeirri atkvæðagreiðslu.

„Samanlagt er þessum ráðstöfunum ætlað að brúa um 50 milljarða króna óleysta fjárhörf OR til ársloka 2016,“ sagði Jón Gnarr

Samanlagt er þessum ráðstöfunum ætlað að brúa um 50 milljarða króna óleysta fjárhörf OR til ársloka 2016

JÓN GNARR
BORGARSTJÓRI

JÓN GNARR

ÞORBJÖRG HELGA
VIGFÚSDÓTTIR

borgarstjóri í ræðu sinni í gær, þar sem hann kynnti tillögurnar.

Meðal annars verður kannaður fýsileiki þess að eigendur Orkuveitunnar kaupi hús hennar að Bæjarhálsi og endurleigi fyrirtækinu til langs tíma.

Í ræðu sinni sagðist Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vilja ganga lengra og leggja út í nokkurs konar íraska leið, eins og hún

orðar það, þar sem lánardrottinn verði líka látnir taka þátt í lausn vandans, frekar en „að samþykka að borgarbúar taki óbeint yfir 230 milljarða skuldir sem hvíla á OR með því að færa þær yfir á borgarsjóð annars vegar og viðskiptavini OR hins vegar – sem eru aftur að megninu til borgarbúar. Það er kjarninn í aðgerðunum sem hafa verið kynntar.“

- gb

FERMINGARTILBOÐ

Öflugt afþreyingar og vinnutæki

frá 7" til 10"
Android stýrikerfi



Erum í Gallery Art2b

2b.is YouTube facebook Verð frá 19.800,-


Kauptún 3 - Garðabær - s: 5 800 800 - www.2b.is



HÖGNI EGILSSON

Davíð Þór Jónsson og Karlaórin Fóstbræður

Harpa, Norðurljós, 28. maí
2.900 kr.



BEIJING DANCE THEATRE

Nútímadansleikhús frá Kína
Þjóðleikhúsið, 2. júní
3.900 kr.



Bandaríska sópransöngkonan


BARBARA BONNEY

Harpa, Eldborg, 5. júní
5.500/6.500 kr.



MÍÐASALA HAFIN

Á ALLA VIÐBURÐI LISTAHÁTÍÐAR



TONY ALLEN OG STÓRSVEIT SAMÚELS

Tjarnarbíó, 1. júní
2.900 kr.



ÖRFÁ SÆTI LAUS

JONAS KAUFMANN

Harpa, Eldborg, 21. maí
4.900-10.900 kr.



LES SLOVAKS

Borgarleikhúsið, 22. maí
3.900 kr.



Hallgrímskirkja, 4. júní
3.500 kr.

FLÉTTA HAUKUR TÓMASSON

Kammersveit Reykjavíkur, Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju



SEX ÞÖR

Ný verk í samvinnu tónskálda og danshöfunda

Tjarnarbíó, 31. maí
2.900 kr.



KRAKÁSINFÓNÍETTAN FLYTUR SOLARIS

Harpa, Silfurberg, 4. júní
3.500 kr.



ÖRFÁ SÆTI LAUS

ÓLÖF ARNALDS OG SKÚLI SVERRISSON

Harpa, Norðurljós, 20. maí
2.900 kr.



Harpa, Kaldalón, 2. júní
2.900 kr.

EDDA ERLENDSDÓTTIR



Þjóðleikhúsið, 20. maí
3.900 kr.

Erna Ómarsdóttir

VIÐ SÁUM SKRÍMSLI



BIG WHEEL CAFÉ

Þjóðleikhúsið, 26. og 27. maí
3.900 kr.



FOX STORY

Skuggaleikhús fyrir börn

Tjarnarbíó, 28. maí
1.500 kr.



ÖRFÁ SÆTI LAUS

OJOS DE BRUJO

Harpa, Silfurberg, 27. maí
3.900kr.

Ferðalag Fönixins, Klúbburinn, Húslestrar, Subtales, Bændur flugust á, Háskólatónleikar, Michel Houellebecq og margt fleira.

KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA OG TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.LISTAHATID.IS
Miðasölusími: 552 8588 | Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050



GENGIÐ 31.03.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	113,8 114,34
Sterlingspund	183,19 184,09
Evra	161,62 162,52
Dönsk króna	21,672 21,798
Norsk króna	20,58 20,702
Sænsk króna	18,096 18,202
Japanskt jen	1,3724 1,3804

SDR	180,34	181,42
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
216,0697		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

4

Forsætisráðherra um umsókn fjársterkra útlendinga um ríkisborgararétt:

Boðar varkárni vegna undanþága

ALÞINGI Forsætisráðherra segir að fara verði varlega þegar rætt sé um að veita fólki undanþágu vegna veitingar ríkisborgararéttar og fara verði að öllu með gát.

Eins og fram kom í Kastljósi RÚV hafa tíu fjársterkir einstaklingar sótt um íslenskan ríkisborgararétt, en þeir hafa lýst yfir áhuga á að fjárfesta í orku- og nýsköpunarverkefnum hér á landi fyrir milljarða króna.

Í fyrirspurn á Alþingi í gær sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að uggur sækti að henni í sambandi við þetta mál. „Íslenska þjóðin þarf á erlendri fjárfestingu að



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

halda til að byggja upp atvinnulífið, en okkur er ekki sama hverjir koma hingað.“

Málið er til skoðunar hjá allsherjarnefnd Alþingis.

Lögfræðingur tímenningsanna hefur gagnrýnt innanríkisráðuneytið, sem hann segir hafa lagt steina í götu umsóknanna, en ráðuneytið vísar því á bug.

Í tilkynningu um málið segir: „Ráðherra hefur engin áform um að leggja til [...] breytingar þar sem vikið verði frá almennum skilyrðum laga um íslenskan ríkisborgararétt gegn greiðslu eða vegna viðskiptalegra sjónarmiða.“

- þj

Ákærðir fyrir morð í Noregi:

Krafist 19 og 20 ára fangavistar

NOREGUR Ákærvaldið í Noregi hefur krafist 19 og 20 ára fanga- vistar í morðmáli gegn tveimur mönnum. Þeir eru sakaðir um að hafa, í síðasta mánuði, rétt ungru konu í bænum Høvik, rétt utan við höfuðborgina Ósló, myrt hana og falið líkið í skóglendi í nágrenninu.

Annar mannanna hefur játað við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa fengið féлага sinn til að ræna stúlkunni, en neitar að hafa fyrir- skipað morðið.

Óljóst er hvenær má vænta niðurstöðu í þessu máli.

- þj

Rannsókn á byggingarism:

Hleruðu síma forstjóranna

LÖGREGLUMÁL Símar forstjóra Byko og Húsasmíðjunnar voru hleraðir við rannsókn lögreglu og Samkeppniseftirlitsins á umfangsmiklu verðsamráði byggingavörurrisanna tveggja. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Rannsóknin snýr að verslun með timbur og aðra grófvöru og beinist gegn fyrirtækjunum tveimur og einni smærri verslun, Úlfínun. Húsleitir voru gerðar fyrr í mánuðinum og á annan tug manna handtekinn í tvígang.

Í frétt Stöðvar 2 kom fram að símar forstjóranna hefðu ekki verið þeir einu sem voru hleraðir, heldur einnig símar milli- stjórna hjá fyrirtækjunum.

- sh

Landsvirkjun og Vísindavefur:

Samstarf um miðlun vísinda

VÍSINDI Vísindavefur Háskóla Íslands og Landsvirkjun hafa undirritað samning um samstarf á sviði vísindamiðlunar.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að með samstarfinu vilji Vísindavefurinn og Landsvirkjun „stuðla að vandaðri og nútímallegri fræðslu um vísindi handa almenningi“.

Samningur þessi felur meðal annars í sér, að því er fram kemur í tilkynningunni, miðlun Landsvirkjunnar í fræðsluskyni á völdum svörum Vísindavefsins um orku og orkumál.

Gagnkvæmur áhugi er á að þróa samstarfið frekar.

- þj

ÁRÉTTING

Vegna mistaka við frágang birtist rangur útdráttur með aðsendsri grein Ragnars Þorsteinssonar, fræðslustjóra í Reykjavík, í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.



TILLÖGUR KYNNTAR Aðilar vinnu- markaðarins hittu stjórnvöld á fundi í gær þar sem kynntar voru tillögur til að örva efnahagslífið. Forsætisráðherra sagði útgjaldaauka ríkissjóðs gætu skipt tugum milljarða en vonast væri eftir samningi til þriggja ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja skapa 10 þúsund störf á þremur árum

Tillögur ríkisstjórnarinnar til að liðka um fyrir kjarasamningum fela í sér auknar opinberar framkvæmdir. Útgjaldaauki ríkissjóðs á tímabilinu gæti skipt tugum milljarða. Formaður SA segir kristaltært að sjávarútvegsmálin verði að leysa.

KJARASAMNINGAR Ríkisstjórnin stefnir að því að skapa tíu þúsund störf á næstum þremur árum. Til- laga stjórnvalda að aðgerðaáætlun sem ætlað er að örva atvinnu- og efnahagslífið var kynnt aðilum vinnu- markaðarins í gær.

Tillögur stjórnvalda eru enn eingöngu til í drögum sem lögð voru fram í gær. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði eftir fundina í gær að í þeim fæ- lust mörg og viðamikil verkefni sem gætu jafnvel numið fimmtíu prósentu aukningu á opinberum framkvæmdum miðað við fjárlög.

Jóhanna sagði að óvissa væri í vegamálum þar sem verulega myndi muna um ef hægt væri að leggja í umbætur á Sudurlands- vegi og Vesturlandsvegi.

Taldi hún að þessi áætlun gæti liðkað fyrir samningnum.

„Útgjaldaaukning ríkissins, í tekjutapi og útgjöldum, gæti skipt tugum milljarða króna, en

við erum að vonast til þess að ef samið verði til þriggja ára muni það auka hagvöxt og atvinnu- upp- byggingu og þannig minni hluti af útgjöldunum nást til baka. Þar skiptir stöðugleiki máli.“

Steingrímur J. Sigfússon fjár- málarráðherra sagði að ekki ætti að líta til skammtímaáhrifa aðgerðanna á ríkissjóð.

„Við erum að veðja á framtí- dina. Að hér verði hagvöxtur og hjólin fari í gang og umsvifin í hagkerfinu aukist. Þá getur verið réttlætlanlegt að taka byrðar á ríki og opinbera aðila sem skila sér til baka í auknum umsvifum síðar.“

Spurður hversu mörg störf gætu skapast vísaði Steingrímur til þess markmiðs stjórnarinnar að ná atvinnuleysi niður fyrir fimm prósent á næstu þremur árum og sagði að það kallaði á tíu þúsund ný störf á því tímabili.

Náist sátt um tillögurnar verður

strax hafinn undirbúningur aðgerða, meðal annars með laga- breytingum. Vilmundur Jóseps- son, formaður Samtaka atvinnu- lífsins (SA), segir að tillögur stjórnarinnar séu sámiðleg byrjun.

„En það verður að vera krist- altært í huga ríkisstjórnarinnar að sjávarútvegsmálin verða að klárast. Annað er útilokað.“

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að tillögurnar feli í sér grunn sem geti nýst í sam- ningaviðræðum. Hún kveðst hafa áhyggjur af aukningu á útgjöldum úr ríkissjóði sem geti kallað á nið- urskurð í almannajónustu. Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segir að of snemmt sé að segja hvort tillögurnar muni liðka fyrir kjaraviðræðum.

„Ekki að óbreyttu, en við erum að skoða málin.“

ASÍ og SA funduðu sín á milli um tillögurnar í gær.

thorgils@frettabladid.is

Kaupþingsmaður vinnur mál:

Fær milljónir til baka frá ríkinu

DÓMSMÁL Hæstiréttur sneri í gær við dómi Héraðsdóms Reykjaví- kur í skattamáli Bjarka H. Diego, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi.

Héraðsdómur hafði komist þeirri niðurstöðu að skattleggja bæri samninga sem Bjarki gerði um kaup á bréfum í Kaupþingi sem launatekjur en ekki fjár- magnstekjur. Hæstiréttur sneri þessu við og þarf ríkið því að greiða Bjarka til baka 45 mill- jónir sem hann hafði greitt í ríkis- sjóð eftir að dómur féll í héraði.

Málið snerist um hvenær Bjarki varð raunverulegur eig- andi bréfanna; þegar hann gerði samninginn eða þegar hann inn- leysti hagnaðinn af þeim við lok samningstímans. Niðurstaðan er að hann hafi átt bréfin frá upphafi.

- sh

KÓPAVOGUR

Mótmæla aðgerðum OR

Fulltrúi Y-listans í bæjarráði Kópavogs bókaði mótmæli við „vinnubrögðum og framkomu eigenda og stjórn- enda Orkuveitu Reykjavíkur í garð neytenda á þjónustusvæði Orkuveitu Reykjavíkur“, eins og segir í bókuninni sem fulltrúi Næst besta flokksins tók undir. „Reykjavíkurborg þarf að lána fé til reksturs Orkuveitunnar með til- heyrandi kostnaði. Kostnaðinum á að velta yfir á íbúa á þjónustusvæðinu sem hafa hvorki möguleika á að koma að stjórnun fyrirtækisins né snúa viðskiptum sínum annað.“

DÓMSTÓLAR

Ók undir áhrifum með dóp

Karlamður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norð- lands eystra fyrir fíkniefnaakstur á Akureyri. Þegar lögregla stöðvaði hann reyndist hann vera með í fórum sínum í bifreiðinni 2,93 grömm af amfetamíni og 1,77 grömm af hassi.

KERTI
FYRIR ALLAR GERÐIR BIFFREIDA

NGK

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir veður- fréttamaður

HELGARVEÐRIÐ lítur nokkuð vel út þrátt fyrir úrkomu- saman morgun- dag. Þá verður vindur hægur og sólin lætur sjá sig. Hins vegar kólnar smám saman og má búast við vægu frosti norðan til á sunnudag.

Á MORGUN Hæglætis veður.

SUNNUDAGUR 3-8 m/s.

HEIMURINN

Alicante	21°
Basel	20°
Berlín	17°
Billund	12°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	20°
London	18°
Mallorca	22°
New York	9°
Orlando	27°
Ósló	2°
París	20°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Naut
helgarinnar!

TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

NAUTA
MÍNÚTUSTEIK
2.729 kr/kg.
Merkt verð 3.898.-



MÍNÚTUSTEIK Í STÖKKU PARMESANRASPI fyrir 4
að hætti Rikku

4 grófar brauðsneiðar
4 plómútómatar,
fræhreinsaðir og saxaðir
½ rauðlaukur, saxaður
4 mínútusteikur c.a. 800g
1 egg
1 eggjahvíta

70 g rifinn parmesanostur
2 msk fersk söxuð steinselja
4 msk ólífuolía + olía til
steikingar
200 g klettasalat
2 msk söxuð fersk basillauf
1 msk sítrónusafi
salt og nýmalaður pipar

Rífið brauðsneiðarnar niður í matvinnsluvél og þurrstið á pönnu. Setjið tómata og laukinn saman í skál og saltið. Kryddið steikurnar og hrærið egginn. Blandið 50 g af parmesanostinum saman við brauðraspið ásamt steinseljunni. Veltið steikunum upp úr eggjunum og síðan brauðraspinu og steikið á meðalheitri pönnu í 3-4 mínútur á hvorri hlið.
Hellið 4 msk af ólífuolíu og sítrónusafanum saman við tómata og blandið klettasalatinu og basillaufunum saman við. Stráið afganginum af parmesanostinum yfir salatið og kryddið með salti og pipar. Gott er að bera steikina og salatið fram með kartöflumús.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 688/ 38% LDS*
Prótein: 50 g/ 100% LDS
Fita: 32 g/ 49% LDS
Kolvetni: 19g/ 6% LDS
Járn: 8.2 mg/ 45% LDS
Sink: 10.5 mg/ 70% LDS
*Leiðbeinandi dagskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.

TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

2.474 kr/kg.
Merkt verð 3.298.-

TILBOÐ
35%
afsláttur við kassa

1.429 kr/kg.
Merkt verð 2.199.-

TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

1.124 kr/kg.
Merkt verð 1.498.-

1.998 kr/kg.

Mangó marinerað lambaprime

Lambalæri kryddlegið

Svínavöðvi kryddleginn

Kalkúnabringur frosnar

Loksins aftur í Hagkaup!



"We're Talkin' Serious"
Bone Suckin'

INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
engin rotvarnarefni
engar transfitusýrur
enga fitu

ómótstæðilega gott!

amerískt sinnep

NYTT

TASTE OF NATURE BARIR
199 kr/stk.

JACK DANIELS' SINNEPP
599 kr/stk.

NYTT
AVO HEALTH
AVOCADO OLÍA
2 TEG.

NYTT
AVO HEALTH
OLJUR
3 TEG.

NYBÁKAÐ

TILBOÐ

HVÍTLAUKS BAGUETTE
259 kr/stk.

NYBÁKAÐ

TILBOÐ

FOCACCIA 2 TEGUNDIR
199 kr/stk.

NYBÁKAÐ

TILBOÐ

KJÚKLINGA BÖKUR M/PESTÓI
199 kr/stk.

NYBÁKAÐ

TILBOÐ

KANILLENGJUR
399 kr/stk.



Gildir til 3. apríl á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríð?

Já	49,9%
Nei	50,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Heldurðu að það sé langt í kjarasamninga?

Segðu skoðun þína á visir.is



Fékk tveggja og hálf árs dóm fyrir hrottaskap í héraði en sýknaður í Hæstarétti: Fjölmargir gallar á lögreglurannsókn

DÓMSMÁL Hæstiréttur sýknaði í gær mann af ákæru um hrottalegt ofbeldisverk. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í tveggja og hálf árs fangelsi.

Sá sem varð fyrir árásinni sagði í lögregluskýrslu að maðurinn hefði meðal annars barið hann með hnúajárni og sparkað ítrekað í höfuð hans. Tennur, nef og fingur mannsins brotnuðu við atlguna.

Hæstiréttur snýr dómnum aðallega vegna fjölmargra galla á málsmeðferðinni.

Annars vegar var rannsókn lögreglu mjög áfátt. Lögregla

yfirgaf vettvang árásarinnar og skildi eftir óvarinn þar til sá sem annast átti þar rannsókn mætti klukkustundum síðar. Ekki er vitað hvort einhver fór inn í húsið á þeim tíma. Þá fór ekki fram nein rannsókn á blóðugum skóförum á gólfinu.

Sakborningurinn var handtekinn og færður í fangageymslu en hafði síma meðferðis og hringdi í vitni sem hann taldi að gæti tryggt sér fjarvistarsönnun. Að lokum var ósamræmi í gögnum um rannsókn fingrafara á glösum.

- sh

Þorði ekki að tala

Polandinn neitaði að mæta fyrir rétt til að vitna um það sem gerðist. Hæstiréttur slær því föstu að það hafi verið af ótta við að mæta þar meintum árásarmanni. Ekki var hins vegar leitað eftir því að hann mætti að sakborninginum fjarstöddum eða að hann yrði sektaður fyrir að brjóta vitnaskyldu. Hæstiréttur telur þetta ótækt, því að dómari hafi þurft að spyrja manninn mun nánar um málið.

Ákærður fyrir fjárdrátt:

Póttist bakfæra símakort

DÓMSMÁL Karlmaður á þritugsaldri hefur verið ákærður fyrir fjárdrátt.

Manninum er gefið að sök að hafa sem starfsmaður í verslun 10-11, Hraðkaupum, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, dregið sér samtals kr. 155.500. Aðferðin sem hann notaði var að bakfæra greiðslur undir því yfirsýni að verið væri að skila símakortum.

Þess er krafist að maðurinn greiði skaðabætur að upphæð ríflega 107 þúsund krónur.

- jss

Brast í grát eftir synjunina

Priyönku Thapa hefur verið neitað um dvalarleyfi á Íslandi. Hún hefur verið gefin í hjónaband í heimalandi sínu. Lögin kveða á um að taka beri sérstakt tillit til kvenna sem eru í sömu sporum og Priyanka.

FÓLK „Ég brast í grát þegar ég heyrði fréttirnar. Ég er ofsalega hrædd og vil ekki fara heim,“ segir Priyanka Thapa, 23 ára Nepali sem hefur verið synjað um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða á Íslandi.

Priyanka stendur frammi fyrir því að þurfa að fara aftur heim til Nepals og giftast fertugum manni, sem hún hefur aldrei hitt, til að bjarga fjölskyldu sinni frá sárri fátækt.

Priyanka hefur starfað sem barnfóstra hjá átta manna fjölskyldu hér á landi. Fjölskyldan hefur tekið henni opnum örmum og boðið henni að búa áfram hjá sér. Priyanka hefur auk þess lagt stund á nám í verk- og raunvísindadeild við háskólalábrú Keilis með ótrúlega góðum árangri. Hún útskrifast í maí og hyggur á frekara nám í lyfja- eða efnafræði.

Priyanka sagði sögu sína í Fréttablaðinu síðasta aðfangadag. Þar kom fram að hún ólst upp hjá einstæðri móður sem getur ekki lengur framfleytt sér né fötluðum syni sínum af heilsufarsástæðum. Því greip hún til þess ráðs að gefa Priyönku.

„Lífi mínu er hreinlega lokið ef ég fer aftur heim. Þar bíða mín gamlir karlar og ömurlegar aðstæður – í raun bara þrældómur,“ sagði Priyanka, sem hafði vonast til að geta búið áfram á Íslandi, fengið sér vinnu meðfram námi og framfleytt fjölskyldu sinni þannig.

Útlendingastofnun hefur úrskurðað að Priyanka uppfylli ekki skilyrði um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Í ákvörðuninni er vitnað í tölvupóst frá bróður Priyönku, sem hvetur hana til að giftast manni, annars fari illa fyrir allri fjölskyldunni. Hún verði auk þess fjölskyldunni til skammar þar sem manni hafi verið lofað að giftast henni. Hún er beðin um að tilkynna ákvörðun sína eins fljótt og hún geti og vinsamlegast beðin um að koma heim.

Útlendingastofnun telur að þar



PRIYANKA THAPA Vinir Priyönku hafa stofnað fésbókarsíðu henni til stuðnings. Þau ætla að afhenda Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra undirskriftalista.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Horfa ber til aðstæðna kvenna

Lögum um útlendinga var breytt í fyrra. Í greinargerð sem fylgir lögum kemur fram að veita verði stjórnvöldum svigrúm við mat á því hvenær rétt sé að veita dvalarleyfi. Þar kemur fram að taka verði tillit til almennra aðstæðna í heimalandi hælisleitenda eða því landi sem hann verði sendur til. Þar segir jafnframt að útlendingar hafi þörf á vernd vegna félagslegra aðstæðna í heimalandi og má þar sem dæmi nefna aðstæður kvenna sem annað hvort hafa sætt kynferðislegu ofbeldi, sem leitt getur til erfiðrar stöðu þeirra í heimalandi, eða aðstæður kvenna sem ekki aðhyllast kynhlutverk sem er hefðbundið í heimaríki þeirra og eiga á hættu útskúfun eða ofbeldi við endurkomu.

Óneitanlega sérstök ákvörðun

„Ákvörðun Útlendingastofnunar er óneitanlega sérstök. Það er mín skoðun að ekki sé tekið tillit til þess að hennar biður nauðungarbrúðkaup í Nepal fái hún ekki dvalarleyfi,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður Priyönku. Sigurður Örn segir að Alþingi hafi áréttað sérstaklega með lögum árið 2010 að konur í sambærilegri stöðu og Priyanka ættu rétt á dvalarleyfi hér á landi. Þar væri sérstaklega dregið fram að taka ætti tillit til kvenna sem ættu á hættu að verða settar í einhvers konar kynhlutverk í heimalandi sínu sem þær sættu sig ekki við. „Þessi vilji löggjafans virðist ekki koma fram í ákvörðun Útlendingastofnunar,“ segir Sigurður Örn. Næsta skref sé að leita leiða til að hnekkja ákvörðuninni og þar séu tvær leiðir færar; að kærna hana til innanríkisráðuneytisins eða krefjast endurupptöku á málinu. „Við teljum að forsendur stofnunarinnar séu rangar og að hún hafi lagt rangt mat á sönnunargögnin.“

„Ég brast í grát þegar ég heyrði fréttirnar. Ég er ofsalega hrædd og vil ekki fara heim.“

PRIYANKA THAPA

sem bróðir Priyönku biðji hana um að upplýsa um „ákvörðun“ sína og að hún sé „vinsamlegast“ beðin um að koma heim sé henni í raun í sjálfsvald sett hvort hún giftist manni.

Þá telur stofnunin ekkert benda til þess að fari Priyanka heim til Nepal verði hún neydd í hjónaband eða að ómannúðleg eða vanvirðandi meðferð bíði hennar. Og þótt Priyanka segist eiga bjartari framtíð og betri möguleika til náms á Íslandi telur Útlendingastofnun það eitt og sér ekki ástæðu til að veita henni dvalarleyfið.

Í úrskurðinum kemur fram að stofnunin hafi farið yfir gögn sem varða réttindi kvenna í Nepal, þar á meðal hjónabönd, sem voru höfð til hliðsjónar við ákvörðunir í máli Priyönku. Þar er meðal annars vitnað í norsku Útlendingastofnunina, sem staðfesti að hefðin í Nepal væri sú að foreldrar ákvæðu maka fyrir börn sín og hvenær þau gengju í hjónaband. Félagsleg staða fjölskyldunnar, menntun og fjárhagur hefði áhrif á val á maka.

Rannsóknir sýndu hins vegar að viðhorf til þessa fyrirkomulags væru að breytast; hjónaböndum þar sem aðilar ákvæðu sjálfir makaval sitt færi fjölgandi og umburðarlyndi gagnvart slíkum hjónaböndum væri að aukast. Útlendingastofnun telur að þessi viðhorfsbreyting renni einnig stoðum undir það að Priyanka verði ekki neydd í hjónaband fari hún aftur til síns heima.

Ekki náðist í Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, í gær. kristjan@frettabladid.is

GÚMMÍKURL Á GERVIGRASI Ráðherra hefur falið Umhverfisstofnun að mælast til um að hættulaus efni verði notuð á gervigrasi.

Skaðleg efni á gervigrasi:

Ráðherra gegn gúmmíkurlinu

ALÞINGI Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra mun á næstunni gefa út tilmæli um að hætt verði að nota gúmmíkurl unnið úr notuðum bíldekkjum á gervigrasvelli hér á landi. Þetta kom fram í svari hennar við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur á þingi fyrr í vikunni.

Siv vísaði í sænska löggjöf þess efnis að við viðhald gervigrasvalla væri notast við hættulaust efni og sagði ráðherra að Umhverfisstofnun myndi gefa út tilmæli um slíkt.

Ráðherra sagði að rannsóknir gæfu ekki til kynna að kurl úr dekkjum væri heilsuspillandi, en það geti valdið ofnæmisviðbrögðum og myndun svifryks.

- þj

STJÓRNLAGARÁÐ

Íris Lind tekur sæti

Íris Lind Sæmundsdóttir hefur samþykkt að sitja í stjórnlagaráði í stað Ingu Lindar Karlsdóttur sem afþakkaði sitt sæti. Fullskipað er þá í stjórnlagaráð, sem kemur saman til fyrsta fundar á miðvikudag í næstu viku.

Alicante

Flugsæti

Verð frá 66.500 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Vikulegt flug frá 14. apríl til 6. okt. 2011.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is



HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG? 

ÞÚ ...

... getur gefið
draum sem
rætist

Framtíðarsjóður er rétta gjöfin fyrir fermingarbarn með framtíðardrauma.
Með því að leggja reglulega fyrir geta draumarnir ræst.

Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is


BYR

Valið væri auðveldara með lélegri samning

Lee Buchheit segir að ef þriðji Icesave-samningurinn væri ekki svona miklu betri en sá sem á undan fór stæði þjóðin frammi mun auðveldara vali en ella. Bæði já og nei feli í sér óvissu en í samningnum séu varnir gegn já-óvissunni.

ICESAVE Ef Icesave-samninganefndin undir forystu Lee Buchheit hefði ekki náð jafngóðum samningum við Breta og Hollendinga og raun ber vitni hefði Alþingi – og nú íslenska þjóðin – staðið frammi fyrir mun auðveldari ákvörðun við afgreiðslu málsins. Þetta sagði Buchheit á fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær.

Buchheit sagði val þjóðarinnar mjög erfitt og þakkaði guði fyrir að standa ekki í hennar sporum. Það snerist í raun um að leggja mat á óvissuna sem lægi sín hvoru megin kjarar, annars vegar óvissuna um gengisþróun og heimtur úr þrotabúi Landsbankans sem fylgdu já-leiðinni og hins vegar óvissuna sem óhjákvæmilega hlytist af nei-leiðinni og dómsmálinu sem líklega risi í kjölfarið.

Buchheit áréttaði hins vegar að fyrri óvissuþættirnir hefðu verið hafðir mjög í huga við samningsgerðina og niðurstaða við-ræðnanna tæki sérstakt mið af þeim. Þannig væru varnir gegn óhóflegri greiðslubyrði Íslendinga til dæmis innbyggðar

Afsalar sér greiðslu frá ríkinu

Lee Buchheit var spurður að því á fundinum í gær hver greiddi fyrir komu hans til landsins til að halda fyrirlesturinn.

Buchheit svaraði því að hann hefði til þessa fengið greitt frá ríkinu fyrir að kynna fólki innihald samningsins, enda hefði hann litið svo á að það væri meðal hlutverka hans sem formanns nefndarinnar.

Í gærmorgun hefði hann hins vegar haft samband við fjármálaráðuneytið og látið vita af því að honum þætti hlutverk hans nú hafa breyst og að þessi fyrirlestur væri ekki bein kynning á efni samningsins. Því myndi hann ekki þiggja greiðslu fyrir ferðina.

í samningana. Á hinn bóginn hefði ekkert tillit verið tekið til óvissunnar sem skapaðist ef samningunum yrði hafnað.

Buchheit sagði að yrði samningunum hafnað tæki að líkindum við langt ferli fyrir EFTA-dómstólnum og ef við töpuðum málinu þyrftum við sennilega að semja enn eina ferðina, þá um það hvernig staðið yrði að því að endurgreiða mun hærri upphæð með mun veikari samningsstöðu.

Buchheit sagði að ástæðan fyrir því að Bretar og Hollendingar vildu semja væri sú að þeir óttuð-

ust dómstólaleiðina, og ekki síst möguleg áhrif hennar á bankakerfi Evrópu í heild – jafnvel þótt þeir væru sannfærðir um rétt sinn. Samninganefnd Íslands hefði spilað á þennan ótta og einn kollegi hans í nefndinni hefði iðulega lokið fundum með því að segja háðskt: „Sjáumst í réttarsal.“

Buchheit var spurður um siðferðilega hlið málsins og svaraði því til að Íslendingar bæru talsverða ábyrgð í málinu. Hins vegar hefðu það eftir á að hyggja, að hans mati, verið mistök hjá breskum og hollenskum stjórnvöldum að greiða reikningshöfum út Icesave-innstæðurnar upp í topp. Réttast hefði líklega verið að endurreikna þær miðað við eðlilega vexti sem stóðu fólki til boði í bönkum á þessum tíma og greiða út í samræmi við það.

stigur@frettabladid.is




LEE C. BUCHHEIT

Það er enginn að snuða Breta og Hollendinga

Með íslensku neyðarlögum voru hagsmunir innistæðueigenda í Bretlandi og Hollandi tryggðir mun betur en tilskipun ESB um innistæðutryggingar fer fram á: Í stað 674 milljarða munu þeir fá 1175 milljarða.

En þeir vilja samt meira. Að við tökum ábyrgð á þrotabúinu og borgum líka vexti. Okkur ber engin skylda til að verða við því, hvorki lagaleg né siðferðileg.

Greiðsla til Breta og Hollendinga



Taktu upplýsta ákvörðun. Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl. Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is



VÍTISENGLAR Réttarhöld standa nú yfir gegn hópi danska „rokkara“. Þeir vilja ekki tjá sig í vitnastúkunni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Danskir „rokkarar“ fyrir rétti: Neituðu að tjá sig um ákærur

DANMÖRK Fyrstu tveir af „rokkurum“ sextán, meðlimum í Vítisenglum eða AK81 sem ákærðir eru fyrir morðtilraunir og margvislega aðra glæpi, voru kallaðir til vitnis í réttarsal í gær en neit-uðu að tjá sig.

Mennirnir tveir eru sakaðir um að hafa lagt á ráðin um að myrða meðlim í innflytjendaklíku í Kaupmannahöfn en ekkert varð af ódæðinu þar sem fyrirhugað skotmark fannst ekki þegar til kastanna kom.

Þetta mál er það umsvifamesta sem höfðað hefur verið gegn dönskum rokkurum. Réttarhöldin eru talin verða langvinn og standa jafnvel fram á haust.

HAFNARFJÖRÐUR

Góði hirðirinn borgi skatt

Bæjarráð Hafnarfjarðar hefur enn á ný hafnað ósk Góða hirðisins um styrkveitingu í formi eftirgjafar á fasteignaskatti. Bæjarráð synjaði samskonar ósk í fyrra en Góði hirðirinn bað um endurpötu málsins.

Verðun
Ármúla 26
522 3000
Opíð:
virka daga
9.30-18
laugardaga
12-17

Markað: E7 slær í gegn



Snjall sími E7 snjallsímur er einn öflugasti viðskiptasímurinn á markaðnum.



Viltu vita meira um þetta tæki?



www.hataekni.is/E7

VERTU AÐEINS SNJALLARI

Nokia E7 er einn öflugasti viðskiptasímurinn á markaðinum, með öflugan stuðning við MS Office™, MS Communicator™, Outlook™ og Lotus Notes/Traveler™.

Hann er með stóran snertiskjá og QWERTY-lyklaborð svo einstaklega þægilegt er að vafra um vefinn, skoða skjöl og eiga tölvu-póstsamskipti.

- 4" ClearBlack AMOLED snertiskjár
- QWERTY-lyklaborð
- Athliða MS Office™ stuðningur
- OviMaps með fríum kortum og raddleiðsögn
- HDMI-tengi fyrir sjónvarp og/eða skjávarpa

NOKIA


Verð

129.995

Hataekni

Tilkynningin er talin munu hafa úrslitáþýðingu fyrir heimilin í

Nýjar vörur



Flýrabólur
Margir litir | 1990,-



Carolina
pils

Kjöll
- munstraður | 5.990,-



nytt frá
Carolina



Leggings
- svartar | 990,-

Ný skósending í Shoemarket
ótrúleg verð!!!

Ath. "Mid Season Sale" hefst í dag í verslun okkar
á laugavegi 25 **50% afsl** af völdum vörum!

3 SMÁRAR

- SMÁRALIND
- KRINGLUNNI
- LAUGAVEGI

„Með því að samþykkja Icesave stígum við stórt skref upp úr þeim öldudal sem við höfum verið í allt frá bankahruninu. Þannig eflum við hagvöxt og atvinnustigið í landinu og drögum úr því mikla atvinnuleysi sem við búum við um þessar mundir, þjóðinni til hagsbóta.“



Aðalsteinn Á. Baldursson, Formaður Framsóknarfélags



Já er leiðin áfram!

www.afram.is Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasróarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirbyggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfböðavinnu fjölda fólks.

Norræna ráðherranefndin sviptir hulu af þeim sem flytja fé í erlend skattaskjól:

Fáir felustaðir eftir í heiminum

VIÐSKIPTI „Það eru ekki margir staðir eftir í heiminum til að fela sig,“ segir Torsten Fensby, verkefnisstjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. „Engin skattaskjól eru lengur til í Evrópu. Það þarf að leita lengi til að finna þau,“ bætir hann við.

Nefndin greindi frá því í gær að skrifað hefði verið undir samkomulag á miðvikudag við yfirvöld á Seychelles-eyjum í Indlandshafi um skipti á skattaupplýsingum með það fyrir augum að sporna gegn skattaflóttanda á milli. Það merkir að öll norrænu ríkin fimm geta fengið aðgang að upplýsingum um alla



BEDIÐ VIÐ BANKANN Norðurlandarárikin hafa samið um aðgang að upplýsingum um skattaundanskot við yfirvöld í þrjátíu löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

einstaklinga sem reyna að koma sér hjá því að greiða tekju- og fjármagnsskatta í heimalandinu.

Þetta er þrjúgasti samningurinn

sem Norðurlandarárikin hafa undirritað síðastliðin fjögur ár. Fensby reiknar með að samningum við öll þekkt skattaskjól verði lokið um mitt næsta ár.

Samningar Norðurlandarárikjanna hafa svipt hulunni af fjölda skattsvika og hafa þeir sem slíkt hafa á samviskunni oftan en ekki gefið sig fram að fyrra bragði og greitt gjöld af því sem stungið var undan.

„Þetta hefur ekki síst forvarnargildi því þeim mun fækka sem munu reyna að koma sér hjá því að greiða skatt í heimalandinu,“ segir hann.

- jab

Harðir bardagar geisa enn á Fílabeinsströndinni milli liðsmanna tveggja forseta:

Átökin nálgast höfuðborgina

FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Harðir bardagar geisuðu í gær í næsta nágrenni Abidjans, sem er stærsta borg Fílabeinsstrandarinnar og í reynd höfuðborg landsins.

Uppreisnarmenn, sem styðja réttkjörinn forseta landsins til valda, sækja að borginni þar sem Laurent Gbagbo og stjórnarher hans hafa höfuðstöðvar.

Gbagbo tapaði í forsetakosningum í nóvember en hefur neitað að láta af völdum þrátt fyrir þrábeidni bæði Sameinuðu þjóðanna og Afríkubandalagsins.

Sigurvegari kosninganna, Alassane Ouattara, nýtur liðsinnis uppreisnarmanna sem hafa náð áttatíu prósentum landsins á sitt vald á örfáum dögum.

„Þessu er alveg að ljúka. Það er bara spurning um nokkrar klukkustundir,“ sagði Patrick Achi, talsmaður Ouattaras. „Ef Gbagbo vill ekki að barist verði í Abidjan, þá á hann að gefast upp.“



LIÐSMENN GBAGBOS Götur borgarinnar Abidjan voru að mestu auðar í gær fyrir utan liðsmenn forsetans sem neitar að láta af völdum.

NORDICPHOTOS/AFP

Ef hann gerir það ekki, þá er enginn annar kostur fyrir okkur.“

Ekkert bendir þó til að Gbagbo hafi minnsta hug á að gefa eftir.

Allt að ein milljón manna hefur hrakist á flóttu undan átökunum, sem hafa kostað hátt í fimm hundruð manns lífið.

- gb



Getur þú fundið Valla?

Öll börn 12 ára og yngri geta tekið þátt í skemmtilegum leik í verslun Eymundsson í Norður-Kringlunni.

Búið er að staðsetja stóra mynd í glugga verslunarinnar þar sem börnin geta fundið Valla og fyllt út þátttökuseðil inni í versluninni.

10 heppnir vinningshafar fá barnabókapakka frá Forlaginu og stendur leikurinn til 14 apríl.



Hvor bók kostar
2.499 kr.
Áður 2.999 kr.

Silfukross,
fáanlegur í 3 stærðum
8.200 kr.
9.300 kr.
11.200 kr.



Íslensk hönnun og smíði

Silfurhálsmen
16.900 kr.



Daisy hálsmen
17.900 kr.



Daisy hringur
25.900 kr.



GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1844

GÓÐAR FERMINGARGJAFIR



Fossil
19.800 kr.



Fossil
18.500 kr.



Jacques Lemans
19.900 kr.



Jacques Lemans
28.800 kr.



Jacques Lemans
22.200 kr.



Casio
16.500 kr.



Casio
24.000 kr.



Casio
6.100 kr.



Casio
11.300 kr.



Fossil
18.000 kr.



Diesel
16.000 kr.



Diesel
17.000 kr.



Diesel
17.800 kr.



Diesel
21.700 kr.



Fossil
17.900 kr.



Adidas
10.800 kr.



Adidas
9.000 kr.



Adidas
11.000 kr.

Skoðaðu glæsilegt úrval
fermingagjafa á michelsen.is



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909



STEYPTUR WARHOL Myndastytta af listamanninum Andy Warhol hefur nú verið reist fyrir utan „Verksmiðju“ hans í New York, þar sem hann vann að list sinni.

NORDICPHOTOS/AFP

Í nýhöfnu sölufarli kallar Arion banki eftir tilboðum í allt hlutfé BM Vallár hf.: Róttæk endurskipulagning að baki

VIÐSKIPTI Frestur til að skila inn tilboðum í BM Vallá hf. er til 2. maí næstkomandi. Ákveðið hefur verið að bjóða til sölu allt hlutfé í fyrirtækinu, en það er í eigu Eignabjargs, dótturfélags Arion banka.

Eftir að tilboðum hefur verið skilað inn verða valdir fjárfestar sem fá aðgang að frekari upplýsingum um félagið áður en óskað verður eftir bindandi tilboðum og gengið til endanlegra samninga.

Fram kemur í tilkynningu Arion banka í gær að sölufarlið sé opið öllum fjárfestum sem uppfylli

skilyrði um „viðeigandi þekkingu og fjárhagslegan styrk“. Gert er ráð fyrir að allt hlutfé í félaginu verði selt í einu lagi.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefur umsjón með sölufarlinu, en bankinn tók yfir rekstur fyrirtækisins í fyrra. Róttæk endurskipulagning er sögð að baki hjá BM Vallá og kostnaðaruppbygging sögð hafa verið löguð að núverandi efnahagsástandi.

Framleiðslugeta fyrirtækisins er engu að síður sögð geta annað meðalári án þess að til mikilla

fjárfestinga þurfi að koma. „BM Vallá er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki innan byggingariðnaðarins á Íslandi og er vörumerki þess sterkt. Fyrirtækið starfar á sviði steypu-, hellu-, eininga- og múrframleiðslu sem og vikurvinnslu,“ segir í tilkynningu bankans. - ók

MÚRTANKUR Arion banki segir að vörður hafi verið staðinn um sérfræðiþekkingu BM Vallár þrátt fyrir endurskipulagningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Gefðu framtíðarmöguleika í fermingargjöf

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er frábær fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



BERJAST GEGN OFUREFLI Þrátt fyrir loftárásir á herbúnað Gaddafistjórnarinnar hafa uppreisnarmenn verið á undanhaldi síðustu daga.

NORDICPHOTOS/AFP

Líbískir ráðamenn flýja

Fleiri háttsettir embættismenn í Líbíu sagðir vilja flýja land. NATO tók formlega við yfirstjórn hernaðarins í gær. Uppreisnarmenn enn á undanhaldi.

LÍBÍA, AP Flestir æðstu embættismenn Múammar Gaddafí eru sagðir vilja flýja landið, en komast hvergi vegna strangrar öryggisgæslu og erfiðleika við að ferðast.

Þetta fullyrðir Ibrahim Dabbashi, aðstoðarsendiherra Líbíu hjá Sameinuðu þjóðunum, en hann hefur sjálfur gengið til liðs við stjórnarandstöðuna.

Í gær tókst Ali Abdessalem Treki, fyrrverandi utanríkisráðherra Líbíu, að komast úr landi. Gaddafí hafði ákveðið að gera hann að sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum.

Á miðvikudag flúði Mússa Kússa, utanríkisráðherra landsins, til Bretlands, þar sem skosk yfirvöld vilja yfirheyra hann vegna Lockerbie-árásarinnar. Bretar segjast ekki hafa lofað honum friðhelgi af neinu tagi, svo hann má búast við málaferlum og jafnvel fangelsi.

Dabbasi segist hafa vitað af flóttu Trekis í tíu daga og fengið vitneskju um flóttu Kússas með tveggja daga fyrirvara.

Fleiri háttsettir embættismenn hafa flúið Líbíu á síðustu vikum, þar á meðal Júsaf Savani, aðstoðarmaður Saífs al-Islam, sonar Gaddafis, og Abdel Fattah Júnas al-Abidi innanríkisráðherra.

„Við vitum að flestir háttsettir

embættismenn Líbíu eru að reyna að flýja,“ segir Dabbashi en vill þó ekki nefna neina með nafni.

Charles Bouchard, kanadíski herforinginn sem stjórnar aðgerðum Atlantshafsbandalagsins, sagðist í gær ætla að kanna fréttir um að loftárásir Vesturlanda hefðu kostað fjórutíu almenna borgara í Trípolí lífið.

Hann varaði hins vegar liðsmenn Gaddafis við því að ráðast á almenna borgara, sem NATO hefur tekið að sér að verja.

NATO tók í gær við yfirstjórn aðgerðanna af Bandaríkjunum.

Liðsmenn Gaddafis héldu hins vegar áfram sókn sinni gegn uppreisnarmönnum í gær, þriðja daginn í röð. Þeir hafa nú aftur náð á vald sitt mestu af því svæði sem uppreisnarmenn náðu á sitt vald eftir að loftárásir Vesturlanda hófust, sem var hinn 19. mars.

Fréttir af flóttu ráðamanna kættu hins vegar uppreisnarmennina: „Við teljum að stjórnin sé að molna innan frá,“ sagði Mustafa Gheriani, talsmaður uppreisnarmanna í Bengasí. Hann líkti Gaddafí við sært dýr.

„Særður úlfur er hættulegri en heilbrigður úlfur. En við vonum að flóttinn úr röðum hans haldi áfram og ég held að hann standi eftir einn á báti.“

gudsteinn@frettabladid.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétt- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR



TAKMARKAÐ
UPPLAG!

Mest selda bókin árið 2010 Er komin aftur. Takmarkað upplag!

Hér er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.

Komin í Hagkaup,
Eymundsson og á www.edda.is

TRYGGÐU ÞÉR
EINTAK NÚNA!
SÍÐAST SELDIST
BÓKIN UPP!



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÓDÝRT -FLJÓTLEGT
ÞÆGILEGT

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4
aðeins **998** kr.bakkinn

ÞARF
AÐEINS
AÐ HITA!



BÓNUS
HEILSURÉTTUR



BÓNUS
BURRITOS 4 STK



BÓNUS
ITALSKT LASAGNE



BÓNUS
ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR



KOKTEJLSÓSA-REMOLADI-HAMBORGARASÓSA-PÍTUSÓSA
BÓNUS SÓSUR 4 TEG: 420ml

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK



EMMESS TOPPAR 4 stk
HNETUTOPPAR - DAIMTOPPAR
398 KR.4 stk



100% ÍTÖLSK
50% MEIRA MAGN
BETRA VERÐ
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
598 KR.750ml

BÓNUS SALÖT Á BRAUÐIÐ



RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT
198 KR. 200g



NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
3JA LAGA - 160 BLÖÐ
798 KR. PK



BÓNUS HRÁSALAT
159 KR.350g



KOMIÐ AFTUR
LISTERINE MUNNSKOL
798 KR.500ml



PIZZU
SÓSA 420g
259 KR.

PIZZU
SKINKA 125g
129 KR.



KJARNAFÆDI: FROSID
SPARHAKK
359 kr.625g



EUROSHOPPER 1 ltr.
GLERHREINSIR
259 KR. 1 ltr.



MYLLU HEIMILISBRAUÐ
129 KR.385g



FERSKT
PIZZADEIG 400g
295 KR.



GÆDAKLEINUR 10 STK.
259 KR.PK



PEPSI MAX - PEPSI - APPELSÍN
89 KR.500ml.



PEPSI & PEPSI
MAX 4 FL. x 2 LTR
698 KR.

LÉTTUR AADA
MY SECRET
1495 kr. 2ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1359 KR.KG

BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI




Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1498 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI



1298 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



798 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR



2998 KR.KG

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS FERSKT LAMBAFILLET



2998 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBAFILLET



1995 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



Caj-P.

GRILLOLÍA 500ML
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTID

398 KR.



659 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



998 KR.KG

BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR



898 KR.KG

ALI FERSKAR
GRÍSAKÓTILETTUR



10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR.KG

898 KR.KG

FERSK BAJONSKINKA
ÚR GRÍSABÓG -MERKT VERÐ 998 KR.KG

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

1. APRÍL LYGILEG VORTILBOÐ



RON THOMPSON
ÖNDUNARVÖÐLUR
OG SKÓR

**PAKKATILBOÐ AÐEINS
24.900,-**



SCIERRA CC3
ÖNDUNAR-
VÖÐLUR

**PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.900,-**



DAM HYDROFORCE
NEOPRENVÖÐLUR.
Fullt verð 16.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
13.995,-**



DAM TASLAN NYLON
VÖÐLUR
Fullt verð 8.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-**



MAD NEO-
PRENVÖÐLUR Í
FELULITUM
Fullt verð 19.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
16.995,-**



PROLOGIC
FELUGALLI
Jakki og smekkbuxur.
Fullt verð 29.900,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
25.900,-**



RON THOMPSON ONTARIO
JAKKI
Vatnsheldur jakki sem hægt er að
breyta í vesti.
Fullt verð 12.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-**



SCIERRA AQUATEX PRO
VEIÐIJAKKI
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 29.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
23.995,-**

OKUMA AIRFRAME
FLUGUJÓL
3 aukaspólar og taska.
Fullt verð 12.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-**



OKUMA ELECTRON
KASTHJÓL MEÐ GIRNI.
Fullt verð 3.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
2.995,-**



RON THOMPSON STEEL-
HEAD KASTSTÖNG
Fullt verð 8.995,-

RON THOMPSON TYRAN
KASTSTÖNG
Fullt verð 8.995,-

**VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-**



SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 5 - SÍMI 517 8050



VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU



VEIDIMADURINN.IS

Óleyst deila er áhætta - og ógn við framtíð okkar



Mynd: Gunnar Karlsson

Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirbyggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfböðavinnu fjölda fólks.

Viljir þú leggja baráttunni fjárhagslegt lið eru b.nr: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.



Já er leiðin áfram!
www.afram.is | Facebook

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI


opnum klukkan 12
í Skeifunni

frábær opnunartilboð

UNN
SAL
ÞA



50%
afsláttur



geggjuð tilboð

takmarkað magn



DIR
MA
KI



aðeins 30 stk.
54.999
verð áður 64.999



7.999
verð áður 10.999



8.999
verð áður 10.999



aðeins 15 stk.
8.999
verð áður 14.999



7.999
verð áður 9.999



aðeins 30 stk.
34.999
verð áður 39.999



aðeins 10 stk.
79.999
verð áður 89.999

LG 32" LCD 320
Upplausn: 1024x768 - HD Ready



aðeins 10 stk.
99.999
verð áður 129.999

LG 37" LCD 450
Upplausn: 1920x1080 - Full HD



aðeins 10 stk.
109.999
verð áður 139.999

SAMSUNG 42" Plasma C435
Upplausn: 1024x768 - HD Ready

1.499 DVD myndir frá 299 kr.



1.299



3D aðeins 10 stk.
399.999
verð áður 469.999

SAMSUNG 46" LED C87005
Upplausn: 1920x1080 - Full HD



1.999
verð áður 3.499

Verbatim multimedia headset



18.999
verð áður 24.999

Verbatim flakkarí 1,5TB VE47513

5.999
verð áður 8.999



hama fartölvutaska



4.499
verð áður 6.999

SCOTT útvarpsvekjari



12.999
verð áður 15.999

SCOTT DVD spilari




aðeins 5 stk.
149.999
verð áður 199.999

SAMSUNG 50" Plasma C435
Upplausn: 1365x768 - HD Ready

**ÓDÝRT
OG GOTT**

FYRIR BAÐIÐ



STÆKKUNARPEGILL Á ARMI

stgr.
2.500



STURTUHLEMMAR
verð frá

stgr.
3.900



BAÐHLÍFAR verð frá

stgr.
14.900



STURTUHURÐAR
70, 80, 90 sm

stgr.
26.900

til
afgreiðslu
af lager



THERMÓ STURTU/BAÐTÆKI **14.900**



THERMÓ STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR **11.900**



STURTUBARKI **1.200**



DREIFARI Á KRANA **450**



STURTUHAUSAR MEÐ BARKA OG VEGGFESTINGU **1.750**



STURTUHILLA Í HORN **1.690**



BAÐÁHÖLD - SETT

4.900

sh-58020



BAÐÁHÖLD - SETT

3.900

sh-58050



stgr.
12.900

STURTUSTANGARSETT
BARKATENGT



verð frá
27.900
stgr.

STURTUSTÖNG
MEÐ THERMÓ



stgr.
2.750

STURTUSTANGIR MEÐ
STURTUHAUS, BARKA OG SÁPUSKÁL

ÓDÝRIR

ELDHÚSVASKAR



48 x 48 sm **5.900**



57 x 45 sm **7.450**



63 x 48 sm **9.900**



66 x 43 sm **12.900**



76 x 43 sm **8.900**

Öllum vöskum fylgir tappasett með yfirfalli og vatnslás með tengi fyrir uppþvottavél.

**Á MEDAN
BIRGDIR
ENDAST!**



- fyrir þitt heimili

Frankenstína

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Að mati kæruneftndar jafnréttismála braut Jóhanna Sigurðardóttir jafnréttislög. Þótt sjálfsgagt sé að rifja upp gömul ummæli hennar um sambærilegar uppákomur og velta málinu upp frá pólitískum flötum á það sér einnig aðrar hliðar og praktískari. Ef einni helstu stuðningskonu nógildandi jafnréttislaga virðist illfært að framfylgja þeim, hve raunhæft er þá að leggja þær skyldur sem í lögnum felast á öll fyrirtæki landsins? Það hafa ekki endilega allir sömu burði til að standa að ítarlegu fjölþrepa-ráðningarferli. Og jafnvel slíkt virðist ekki duga.

Það er auðvitað varhugavert að setjast í dómarasæti í umræddu máli en sé úrskurður kæruneftndar lesinn er ekki hægt annað en fá það á tilfinninguna að sú sem kærði hafi sitthvað til síns máls. Sé til dæmis litið til menntunar, starfsreynslu og tungumálakunnáttu verður vart annað séð en að mat ráðuneytisins, eða ráðgjafa þess, á hæfni konunnar sé í töluverðu ósamræmi við þau skriflegu gögn sem lágu fyrir. Skýringar ráðuneytisins byggðu á tilvísun í

huglægt mat ráðgjafans og þær skýringar virkuðu veikar.

Bara til að það sé ljóst þá ber ráðherra áfram ábyrgð þótt hann biðji um ráð. Auðvitað væri þægilegt að hann gæti vísað faglegru ábyrgð á ráðgjafann, sem vísaði hinni formlegu ábyrgð á ráðherrann og lokaði þannig hringnum. En þannig virkar þetta ekki alveg.

Jafnréttisþrjotar?

En þá kemur auðvitað að þeirri spurningu hvort það sé líklegt að þær konur sem sáu um ráðninguna hafi ekki viljað ráða konu heldur einhvern gaur. Sjálfum detta mér nokkrir tugir

virðist vera besta leiðin til að bjóða ráðherra birginn vegna ómálefnalegar ráðningar. Réttarstaða karls er meiri ef kona er ráðin og ófugt. Ef litið er framhjá menntun konu og reynslu verður hún helst að vona að karl verði ráðinn. Þannig er nú jafnréttið.

Atvinnu(kyn)líf

En eitt er síðan að ákveða hvernig hið opinbera hagar málum á sínum heimavelli, annað er kannski þegar sömu stefnumarkandi skyldur eru lagðar á atvinnulífið. Dekkja-verkstæði sem ekki semja jafnréttisáætlun geta verið beitt



Margt má sjá í þessu máli og sumt gruggugt, en að kynferði hafi ráði ákvarðanatöku er langsótt.

annarra líklegri ástæðna í hug: að menn voru búnir að ákveða sig fyrir fram, að menn vildu ráða einhvern sem þeir þekktu, að menn vildu ekki ráða einhvern út af ástæðum sem þeir vildu ekki hafa skriflegar, eða að menn hafi einfaldlega leyft utanaðkomandi ráðgjöf að ráða för í góðri trú. Margt má sjá í þessu máli og sumt gruggugt, en að kynferði hafi ráðið ákvarðanatöku er langsótt.

Það er auðvitað dálítið undarlegt að sú aðferð að kæra mál á grundvelli jafnréttislaga

dagsektum. Talsmaður fyrirtækisins Össurar vísaði til laga um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja sem einni af ástæðum fyrir afskráningu fyrirtækisins úr kauphöllinni. Án þess að menn þurfi að láta allt eftir atvinnulífinu er spurning hvort þetta er góð þróun.

Eins og það er ástæða til að hafa fullan skilning á markmiðum jafnréttislaga liggur það fyrir að sá ójöfnuður sem enn þrífst á sér að mestu samfélagslegar og menningarlegar rætur en ekki lagalegar.

Það mætti því tækla hann með samfélagslegum úrræðum en ekki endilega lagalegum. Jákvæðar aðgerðir geta skilað meiru en neikvæð lagasetning.

Ráðningarstofa ríkisins

En hverjar verða afleiðingar af þessu máli? Ætli ein líkleg, og vond, niðurstaða verði ekki sú að flestar opinberar ráðningar verði framvegis fyrir fram stimplaðar af jafnréttisfyrirvöldum.

Jafnréttisstofnanir gætu þá talið kynin í flestum starfsstéttum og dregið af því ályktanir. Í úrskurði kæruneftndarinnar kom þannig fram að „af 54 skrifstofustjórum Stjórnarráðsins, að utanríkisráðuneytinu undanskildu, voru á þeim tíma sem hér um ræðir og eftir því sem næst verður komist, 38 karlar og 16 konur“. Það að sleppa utanríkisráðuneytinu án skýringa slær mann sem dæmigerð sköpunartölfræði. Kynjatalningar sem þessar eru jafneinfaldar og þær eru grunnar. Þær miða að því að skoða málin frekar út frá jafnrétti kynjanna, sem hópa, frekar en jafnrétti einstaklinga, óháð kyni.

Sá úrskurður sem kæruneftndin felldi var að mörgu leyti góður. Það er hins vegar full ástæða til að hugleiða hvort sú leið lagasetningar sem mörkuð hefur verið í jafnréttismálum sé endilega farsælust. Alla vega hvað atvinnulífið snertir.

AF NETINU

Asni klyfjaður gulli

Við búum í veröld sem er ekkert sérlega réttlát. Í fjölmiðlum hefur verið fjallað um mál tveggja kvenna, Jussanam Dejah frá Brasíliu og Priyanka Thapa frá Nepal. Báðar hafa þær getið sér gott orð á Íslandi, eru góðir borgarar, en samt er mikil tregða í kerfinu við að veita þeim varanlegt landvistarleyfi. Manni finnst það satt að segja ansi skítt.

Maður hlýtur að álykta að reglur séu túlkaðar of þröngt eða að kerfið sé hrætt við að setja fordæmi – því varla er það af einhverri mannvönsku að þær fá ekki lausn sinna mála.

Svo er fjallað um mál tíu auðmanna sem vilja fá íslenskan ríkisborgararétt. Það mál er allt hið skringilegasta. En þetta er samt ekki einsdæmi. Við erum ekki ein í heiminum. Því það er frægt að asni klyfjaður gulli kemst í gegnum marga múra.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason

Beina brautin lokuð?

Því miður bendir flest til þess að vonir þær sem við bundum flest við úrlausn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki séu að verða að engu. Beina brautin er að verða að hlykkjóttu og skrykkjóttu torleiði, þar sem ótal farartálmur eru á leiðinni. Þetta mál verður að nálgast með öðrum hætti. [...] Gleymum því ekki að það eru einmitt þessi litlu og meðalstóru fyrirtæki sem munu ráða úrslitum um hvort okkur tekst að skapa hér hagvöxt að nýju.

ekg.blog.is

Einar K. Guðfinnsson

Líf í tuskunum á löngum laugardegi

NÚ VERÐUR KÁTT Í KAUPSTAÐNUM

Komdu á Lækjartorg kl. 12:00 á hádegi á morgun og fylgstu með Skrautreið Fjallkonu og 200 hesta hennar upp Bankastræti og Laugaveg.

Harmonikkuleikarar, peysufatafreyjur og búandsveinar, fornbílar og glimrandi stemning á löngum laugardegi

Kaupmenn og veitingakonur klæða sig upp og bjóða sitthvað á „gamla góða verðinu“ hér og þar.

– Munið tóbaksdósirnar og klútana!

Miðborgin okkar
– þar sem hestshjartað slær



Kostnaður forréttinda

Sjávarútvegur

Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur



Í umræðunni um stjórn fiskveiða hafa tvær ástæður fyrir óhagkvæmni forréttinda eins og núverandi gjafakvóta lítið verið ræddar.

Annars vegar viðurkenna fylgismenn markaðshagkerfa að samkeppni um takmörkuð gæði sé almennt besta leiðin til að hámarka verðmæti þeirra og framþróun atvinnugreina sem þau nýta. Þ.e.a.s. að samkeppni um kvóta hámarki verðmæti hans og stuðli að mestri framþróun sjávarútvegs. Skipta áhrif nýliðunar þar miklu máli.

Hins vegar er sá kostnaður sem fylgir því að verja forréttindi eins og gjafakvóta, sem ekki fellur til ef réttindin eru seld á markaði. Rökrétt er fyrir forréttindahópa að leggja út í kostnað við að vernda forréttindi sín og fer kostnaðurinn eftir því hversu líklegur árangur baráttunnar er. Sá kostnaður getur í vissum tilfellum orðið nánast jafn hár og tekjurnar af forréttindunum.

Þannig gæti t.d. verið hagkvæmt fyrir handhafa gjafakvóta að eyða næstum öllum leigutekjum af honum til að koma í veg fyrir að landsmenn fái þær, ef hann væri þá viss um að halda honum. Eitthvað væri jú eftir fyrir hann sjálfan sem annars færi til landsmanna. Fyrir sjávarútveginn í heild gæti því

verið um verulegar fjárhæðir að ræða sem færu í að verja gjafakvótann. Sá kostnaður getur fallist í ýmsu, t.d. í að því að niðurgreiða útgáfu dagblaðs, „leigja“ virðingu háskóla með kostun starfsmanna þar eða greiða í sjóði hliðhollra stjórnmalaflokka. Sú leið er mun áhrifaríkari ef þau framlög eru ekki gefin upp og hafa því ekki áhrif á fylgi hliðhollra flokka og því ekki áhrif á árangur baráttunnar fyrir forréttindunum.

Aðalatriðið er að kostnaðurinn við vernd forréttindanna felur ekki í sér neina verðmætasköpum fyrir þjóðarþúið og bætir

Stórum hluta af arði kvótans er hugsanlega sóað í baráttu við landsmenn í stað þess að landsmenn nýti hann sjálfir til einhvers gagnlegs.

lífskjör ekkert. Þ.e.a.s. stórum hluta af arði kvótans er hugsanlega sóað í baráttu við landsmenn í stað þess að landsmenn nýti hann sjálfir til einhvers gagnlegs.

Þeir Íslendingar sem vilja halda í núverandi gjafakvóta vilja því ekki aðeins standa vörð um það sem Sameinuðu þjóðirnar kalla mannréttindabrot heldur líka fóna efnahagslegri hagsæld. Það þurfa þeir að rökstyðja.

Kynjaskekkja við styrkveitingar?

Menntamál

Eygla Harðardóttir
Þingmaður
Framsóknarflokksins



Síðasta áratug störfuðu nær jafn smargar konur og karlar við kennslu við Háskóla Íslands. Þrátt fyrir þetta voru konur mun ólíklegri til að sækja um styrki sem verkefnisstjórnir í samkeppnisjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís. Kynjaskekkja virðist því vera til staðar við umsóknir og úthlutun styrkja til vísindarannsóknna.

Á árunum 2004-2010 voru tæplega 70% karlar verkefnisstjórnir þeirra verkefna sem fengu styrk frá Rannsóknasjóði en rúm 30% konur. Rannsóknasjóður veitir styrki á grundvelli almennra áhersla Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknaverkefna. Á sama tímabili var hlutfall karla sem fengu úthlutað úr Tækjasjóði um 78,4% og konur 21,6%. Tækjasjóður styrkir kaup á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun styrkja í gegnum markáætlun á sviði vísinda og tækni var um þrjú áherslusvið að ræða: erfðafræði í þágu heilbrigðis þar sem kynjahlutfallið var 50/50, örtækni þar sem allir verkefnisstjórnir voru karlmennt og öndvegissetur og rannsóknaklasa þar sem karlar voru verkefnisstjórnir í þremur verkefnum en kona í einu. Hlutföllin snúast við innan Rannsóknarnámssjóds, en þar voru 59,9% konur verkefnisstjórnir og 40,2% karlar.

Í rannsókn sem unnin var á vegum Evrópusambandsins árið 2009, „The Gender Challenge in Research Funding – Assessing the European National Scenes“, kemur sama skekkja fram. Konur eru almennt ólíklegri til að sækja um styrki í rannsóknasjóði, sækja um lægri upphæðir og fá lægra hlutfall af úthlutuðum styrkjum.

Í rannsókn sem unnin var á vegum Evrópusambandsins árið 2009, „The Gender Challenge in Research Funding – Assessing the European National Scenes“, kemur sama skekkja fram. Konur eru almennt ólíklegri til að sækja um styrki í rannsóknasjóði, sækja um lægri upphæðir og fá lægra hlutfall af úthlutuðum styrkjum bæði í fjölda talið og upphæðum. Hefur þessi kynjaskekkja verið sérstaklega áberandi í öndvegissetum verkefnum.

Konur eru almennt ólíklegri til að sækja um styrki í rannsóknasjóði, sækja um lægri upphæðir og fá lægra hlutfall af úthlutuðum styrkjum

Í rannsókn sem unnin var á vegum Evrópusambandsins árið 2009, „The Gender Challenge in Research Funding – Assessing the European National Scenes“, kemur sama skekkja fram. Konur eru almennt ólíklegri til að sækja um styrki í rannsóknasjóði, sækja um lægri upphæðir og fá lægra hlutfall af úthlutuðum styrkjum bæði í fjölda talið og upphæðum. Hefur þessi kynjaskekkja verið sérstaklega áberandi í öndvegissetum verkefnum.

Konum að kenna?

Lengi var talið að vísindi væru hlutlaus og kynlaus, en æ fleiri hafa gert sér grein fyrir að vísindin endurspeglar umhverfi og samfélag þeirra sem stunda þau. Erlendar rannsóknir hafa sýnt

fram á að gerðar voru meiri kröfur til kvenna sem fengu styrk en karla. Konur urðu að birta 2,5 sinnum fleiri vísindagreinar en karlar og fá mun fleiri tilvitnanir til að fá styrk. (Konur í vísindum 2002, bls. 6) Brottfall kvenna er einnig meira eftir því sem hærra er komið innan akademíunnar. Samspil flókinnna samfélagslegra þátta virðist draga úr möguleikum kvenna til frama innan vísindanna. Vinnu- markaður er kynjaskiptur, konur skila sér verr inn í framhaldsnám, náma tryggir þeim síður en körlum öruggan starfsframa, konur sinna heimili og börnum í meiri mæli en karlar og konur og karlar sækja í ólíkar fræðigreinar sem eru metnar misjafnlega þegar kemur að úthlutun styrkja.

Víða hafa stjórnvöld gripið til ýmissa aðgerða til að fjölga umsóknum kvenna s.s. með því að hvetja konur til að sækja um styrki, jafna kynjahlutföll innan úthlutunarnefnda, upplýsa um mikilvægi kynjasjónarmiða við úthlutun og skipulagningu styrkja, veita meiri upplýsingar og efla rannsóknir á orsökum og afleiðingum kynjaskekkju innan vísindaumhverfisins.

Aukum jöfnuð

Á næstunni mun menntamálaráðherra setja af stað tilraunaverkefni í kynjaðri hagstjórn á þessu sviði, m.a. til að greina ástæður þess að konur sækja síður í sjóðina en karlar. Kanna þarf betur orsakir mismunandi þátttöku karla og kvenna í vísindarannsóknunum á Íslandi svo hægt verði að gripa til markvissra aðgerða til að auka hlut kvenna á því sviði.

Nauðsynlegt er að tryggja jafnrétti á sem flestum sviðum samfélagsins og hluti af því er að framlag karla og kvenna í vísindum sé sem jafnast.

STOFUHÚSGÖGN og sjónvarpsskápar !



Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Hrollvekjandi skilaboð

Vatnsorka

Jakob Bjarnar Grétarsson
á brotabrot af landi sem liggur að Jöklu



Þann 25. janúar 2011 féll furdómur í Héraðsdómi Austurlands um hvað Landsvirkjun beri að greiða fyrir Jöklu. Bagaleg er þögnin sem ríkir um þetta mikilvæga mál. Á því eru vissulega margir fletir en það er ekki eins flókið og ætla mátti að óathuguðu máli. Fyrir það fyrsta: Þetta er íslenskur almenningur gegn Landsvirkjun en ekki gráðugir afdalabændur gegn almenningi (ríkinu). Landsvirkjun er ríki í ríkinu og hefur verið í einkavæðingakerli áratugum saman.

Til áréttingar: Ríkið á vel á 70% vatnsréttinda sem fylgja Jöklu. Þannig að „landeigendum“, sumsé þeim sem eiga land í einkaeigu sem liggur að Jöklu, er ætlað samtals 400 milljónir í sinn hlut, ekki 1,6 milljarður (1,2 milljarður plús 20% skattur af rest fer beint í ríkissjóð). Stóri eigandi vatnsréttinda er íslenskur almenningur. Hvað þarf til að almenningur átti sig á því?

Lykilspurning er þessi: Hvers virði er vatnsorkan? Hvers virði er bensínið sem knýr þetta allt áfram – frumforsenda virkjunarinnar? Um það snýst málið, þó lögmaður Landsvirkjunar hafi gert allt sem í hans valdi stendur til að flækja málið og tekist þærilega upp. Miðað við dóminn, en Jökla er tæp 14 prósent allrar virkjanlegrar fallvatnsorku Íslands, er vatnsorkan öll 12 milljarða króna virði – eða sem nemur um það bil verði rúmlega hálfur Boeing-þotu? Um hvað eru menn eiginlega að tala þegar fjallað er um orkuauðlindir landsins og mikilvægi þeirra? Landsvirkunarmenn segja dóminn hafa ótvírætt fordæmisgildi. Skilaboðin sem verið er að senda erlendum álbræðslum eru hrollvekjandi: Þið fáðið raforku fyrir nánast ekki neitt. Eftir dóminn fjallaði

Viðskiptablaðið um vatnsorku landsins og þar er hún metin með hóflegri notkun á 200 milljarða á ári!

Hagsmunum fórnað til að fela klúður

Mórallinn í þjóðfélaginu er sá að nú skal passa rækilega uppá að enginn fái neitt fyrir eigin sínar. Svo rammt kveður að þessu að frekar vilja menn fórna gígantískum hagsmunum fremur en að einhver bóndi fái hugsanlega einhverja hundrabúsumdalla fyrir vatnsréttindi sín. Fyrsta spurning allra sem ég reyni að ræða þetta við er: Hvað ert þú sjálfur að græða á þessu? Dettur engum í hug að Landsvirkjun hljóti að hafa gert fyrirvara á samningum

Skilaboðin sem verið er að senda erlendum álbræðslum eru hrollvekjandi: Þið fáðið raforku fyrir nánast ekki neitt.

sínum við Alcoa um hvornig þetta mál fari? Með öðrum orðum: Líklegt má telja að ef orkan væri metin þó ekki væri nema á 1/100 af raunverulegu virði þá kæmi Alcoa að því að greiða þann reikning til dæmis með hækkuðu orkuverði til stóriðju. Ríkissjóður er að verða af gríðarlegum fjármunum vegna kotungsháttar.

Þegar hið pantaða mat frá Landsvirkjun kom fram viltu eigendur vatnréttinda að sjálfsögðu ekki una því. Árni Mathiesen þá fjármálaráðherra, sem handhafi vel á 70% vatnsréttinda, var auðvitað á því einnig og lýsti því yfir þá. Einhvers staðar á leiðinni snérist honum hugur og hann ákvað óvænt bak við tjöldin að taka 180 gráðu snúning í málinu og una matinu. Menn geta velt því fyrir sér hvað olli hugarfarsbreytingu Árna? Hvers vegna hann ákvað að nánast selja Friðriki Sophussyni þá forstjóra Landsvirkjunar sjálfðæmi í málinu og styrkja þannig félagan sinn í sessi? Í leiðinni

þjarga þáverandi stjórnvöldum, Geir H. Haarde og Valgerði Sværissdóttur, frá því klúðri að hafa ekki gengið frá vatnréttindamálum áður en farið var í ofboði til að virkja?

Dómari í þjónustu kerfisins

Pantað mat? Fyrsta matið (fjölmeðög önnur liggja fyrir sem kveða á um allt annað) og dómurinn eru uppá punkt og prik það sem Landsvirkjun ætlaði sér í upphaflegri kostnaðaráætlun að greiða fyrir vatnsréttindin: 400 milljónir. Athugist, þetta er eingreiðsla fyrir vatnréttindin um alla eilífð en það tekur Landsvirkjun fjóra mánuði að hafa fyrir þessari upphæð með hagnaði sínum af Kárahnjúkavirkjun einni þrátt fyrir tombóluberð til Alcoa. Módelið sem Landsvirkjun miðaði við í kostnaðaráætlun sinni er Blönduvirkjun frá árinu 1980! (Af hverju ekki að miða við Hamarskotslækinn í Hafnarfirði sem virkjaður var 1894 og virði vatnsorku þá?) Þetta er þrátt fyrir gerbreytt landslag í orkumálum á heimsvísu, og breytingar orkukala frá árinu 2003. Af hverju stillir Halldór Björnsson héraðsdómari sér upp með þeim hætti að gera lögmönnun sækjenda að úrslitaatriði að afbyggja þetta tiltekna mat sem byggir á fullkomlega úreltum forsendum? Að öðrum kosti standi það. Auk þess að leggja áherslu á í dómsorði að Árni Mathiesen hafi fyrir sína parta unað mati Landsvirkjunar?! Í engu var tekið tillit til fjölda fordæma um leigu á vatnsorku í nútímanum og einfaldlega raforkuverði og orkusölu dagsins í dag. Þóður Bogason lögfræðingur Landsvirkjunar gat varflegt leyt gotti sínu þegar dómur var kveðinn upp klukkustund áður en Hæstiréttur kom með álit sitt um stjórnlagaþingskosningar. Leitt að segja en svarið gæti verið á þessa leið: Halldór Björnsson héraðsdómari er taglhnýtingur þess kerfis þaðan sem hann þiggur vald sitt, laun og öryggi. Borin von virðist fyrir einstaklinga að sækja rétt sinn fyrir dómsstólum kerfisins. Þannig starfa þeir og hafa kannski alltaf gert.



HEIMAPIZZA steikt beikon 120g 275,-



250,-

STÄM pizzahnífur L17cm. Ymsir litir



HEIMAPIZZA pizzaostur 300g 445,-



STRÁLANDE rifjárn L28cm Ryðfrítt stál/dökkgrátt 895,-

Rjúkandi beint úr ofninum þínum



STRÁLANDE saxari H20cm. Hvítt 1.290,-



HELGARTILBOÐ

95,-

HEIMAPIZZA pizzadeig 400g ~~175,-~~



HEIMAPIZZA hvítlauksóla 300ml 595,-



HEIMAPIZZA maískurl 300g 295,-



SNITTA hnífar L22cm Ryðfrítt stál/plast 895,-/6 í pk.



HEIMAPIZZA fajitas kjúklingur 120g 295,-



FRANK'S sterk vængjasósa 354ml 525,-



685,-

HEIMAPIZZA sterkir vængir 800g



MAGASIN kökukefli L43cm. Gegnheilt birki 695,-



HEIMAPIZZA rótsterkt pepperoni 120g 285,-



595,-

HEIMAPIZZA brauðstangaóla 400g



SMARTA framreiðsludiskur Ø30cm. Hvítt 995,-



DRÄLLA mjúk skurðarbretti B29xL37cm Ymsir litir 495,-/2 í pk.



HEIMAPIZZA pizzanet 12" 995,-
pizzanet 14" 1.145,-

Ókeypis máltíð fyrir börnin



Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

Kynning um helgina



Laugardag og sunnudag kl. 13-17 ætlum við að kynna nýju sterku kjúklingavængina okkar. Einnig munum við sýna hvernig búa má til brauðstangir úr pizzadeiginu og brauðstangarolíu. **Komdu og smakkaðu!**



Nei við Icesave

Icesave

Lýður Arnason

læknir og kvikmyndagerðarmaður



Sá mikli skáldjöfur og skemmtipenni, Hallgrímur Helgason, reit um öfugt Icesave á dögnum og kallaði Britsave. Fór yfir staðreyndir með öfugum formerkjum án hlutdrægni. Að minnsta kosti miðað við skáld. Þæling Hallgríms er væntanlega sú að setja okkur í spor við-semjendanna og spyrja hvernig málið sneri ef okkar eigin landar hefðu tapað á viðskiptum sínum við breskt bankaútibú á Íslandi en breskir þagnar í heimalandinu hins vegar stikkfrí í skjóli neyðarlaga.

Spyrji nú hver Íslendingur sig sjálfan hvort hann fremur myndi átella eigin landa sem létu blekkjast af gylliboði breska útibúsins eða krefja bresku þjóðina um endurgreiðslu þeim til handa? Fyndist okkur óeðlilegt af Bretum að vernda eigin þegna fram yfir aðra yrði heildstætt bankahrun þar í landi? Myndum við ásækja þá fyrir misvísandi yfirlýsingar ráðamanna? Beita hryðjuverkalögum, hótunum og þrýstingi? Ætla bresku þjóðinni heilan Versalasamning til borgunar með vöxtum og vaxtavöxtum? Svari hver fyrir sig.

Ákvæði EES um innistæðu-tryggingar kveða á um innistæðusjóði EES-ríkja til að bregðast við hruni

bankastofnana. Bankakerfin skuli sjá um áfyllinguna undir eftirliti hins opinbera. Bankarnir á Íslandi rændu þessu fé eins og öðru og eftirlitið úti á túni. En er Ísland eina EES-ríkið sem þannig er ástatt um? Hvernig ætli innistæðu-tryggingarsjóðir annarra EES-ríkja séu í stakk búinir til að mæta þjóðarhruni? Líkast er lítið hald í þessu ákvæði ef til kæmi. Vilji menn hins vegar virkja þetta ákvæði þrátt fyrir augljósan ágalla má benda á annan ágalla. Nefnilega þann að þó hið opinbera gangist

bankans, þær svörtustu nálgast núllið. Sömuleiðis er enn óútkljáð hverjir munu sitja að forgangi í þrotabúið og óvíst að íslenska ríkið verði þar í öndvegi. Þessi vafi gerir Icesave að óútfylltum víxli. Tal um lokun lánalína og einangrun hirði ég lítt um enda sýnt sig að vera marklaust.

Alvarlegast við samþykkt Icesave er þó þetta: Íslenskt þjóð er ekki að taka á sig skuldir örvasa manna heldur ránsfeng einstaklinga sem við sjáum enn sem hluthafa, fjárfesta, stóreignamenn og rekendur risakompanía,

„Peir gangast ekki við glæpum sínum, sýna hroka og yfirlæti og ljóst að enginn þeirra mun reiða krónu af hendi ótilneyddur.“

við eftirlitsskyldu er ekkert sem segir að sé hún vanrækt skuli viðkomandi ríki borga brúsann. Þetta hafa lögfræðingar ítrekað bent á.

Inngrip forsetans í Icesave-deiluna hafa sætt gagnrýni. Þau eru þó samkvæmt stjórnarskrá og varin lýðréttindi. Íslenska þjóðin mun því ganga aftur að kjörborðinu í aprílbyrjun. Margir eru skiljanlega orðnir þreyttir á þessu vafstri en að samþykkja Icesave þýðir ekki að við séum laus við okið heldur þvert á móti að skuldbindingin sé okkar. Gætum líka að því að óvissa um endanlega upphæð er mikil. Björtustu spár miða við 100% skil úr þrotabúi Lands-

bæði heima og heiman. Þeir gangast ekki við glæpum sínum, sýna hroka og yfirlæti og ljóst að enginn þeirra mun reiða krónu af hendi ótilneyddur. Já við Icesave losar alla þessa menn úr viðjum og við þeim tekur alsaklaust fólk.

Nei við Icesave mun hins vegar beina sjónpípum Breta og Hollendinga einmitt að þessum einstaklingum, hinum einu og sönnu sökudólgum. Stjórnvöld beggja ríkja munu finna þá í fjöru og hundelta. Nei við Icesave inniber þannig dómstóla-leið en hún verður okki gegn íslenska ríkinu og skattborgurum þess heldur bankaræningjunum sjálfum. Segjum því NEI við Icesave.

Hið ískalda hagsmunamat

Icesave

Tryggvi Þór Herbertsson

þingmaður Sjálfstæðisflokksins



Matsfyrirtæki Moody's segir allar líkur á því að fyrirtækið setji íslensk ríkisskuldabréf í ruslflokk fari svo að þjóðin hafni Icesave-samkomulaginu í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Fari svo að þjóðin samþykki samninginn er líklegast að við breytum horfum úr neikvæðum í stöðugar,“ segir einnig í svari við fyrirspurn frá blaðamanni Bloomberg-fréttastofunnar en Ísland er nú metið með einkunnina Baa3 með neikvæðum horfum.“ (sjá www.visir.is 23. febrúar 2011).

Ef marka má framangreinda yfirlýsingu Moody's eru miklir hagsmunir í því fölgni að hafna lögunum um Icesave vegna kostnaðar við endurfjármögnun erlendra skulda hins opinbera. Samanlagðar heildarskuldir hins opinbera, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur eru nú um 1.350 milljarðar króna samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Mikið af þessum fjármunum hefur farið í fjárfestingar sem hafa mun lengri endurgreiðslutíma en skuldarnar. Af þeim sökum er eðlilegt að hluti þessara skulda sé endurfjármagnaður. Jafnframt þarf að stofna til nýrra skulda vegna nýrra verkefna í framtíðinni, t.a.m. vegna Hverahlíðar, Þeistareykja og Búðarháls.

Kostnað sem líklegt er að falli á ríkissjóð vegna Icesave er sanngjarnt og rétt að skoða í samhengi við þann ávinning sem hlýstist af samþykktinni. Talið er að líklegast sé að ríkið muni þurfa að bera 47 milljarða kostnað vegna Icesave. Sá kostnaður er tæp 3,5% af áðurgreindum skuldum hins opinbera.

Ef marka má orð Moody's þarf ríkið því að reiða fram 47 milljarða á næstu fimm árum til að viðhalda lánshæfismati sínu og tryggja endurfjármögnun 1.350 milljarða skulda á alþjóðamarkaði á næstu árum.

Ef samningnum verður hins vegar hafnað er svo til öruggt að endurfjármögnun skulda verður bæði erfiðari og dýrari. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hver munurinn er á fjármögnunarkostnaði ríkis sem er í ruslflokki og ríkis sem er með fjárfestingareinkunn. Vísendingar er þó að finna með því að bera saman vexti á ruslskuldabréfum og skuldabréf fyrirtækja með fjárfestingareinkunn í Bandaríkjunum. Nú um stundir er munurinn á þessum tveim flokkum 3,2% á ári. Sú vaxtaþrósentu gefur um 43 milljarða á ári miðað við 1.350 milljarða höfuðstól. Ef við hins vegar lækkum muninn í 2% í varúðarskyni þá er munurinn 27 milljarðar á ári. Þess má einnig geta að vaxtaálag Portúgals er nú 5,65% og Grikklands 9,80% sem gefur vísbendingar um að kjör Íslands yrðu um 5,44% í stað 2,24% nú (reyndar myndi betri einkunn í kjölfar samþykktar lækka núverandi álag, en það er önnur saga og

lengri). Nú er auðvelt að bera sviðsmyndirnar tvær saman:

1. Samningar samþykktir og fjárfestingareinkunn tryggð. Þá er líklegast að ríkissjóður þurfi að greiða Bretum og Hollendingum 47 milljarða á næstu fimm árum.

2. Samningnum hafnað og einkunn fer í ruslflokk. Þá er líklegast að fjármögnunarkostnaður verði 27-43 milljörðum hærra á ári vegna lélegra lánshæfismats sem gefur 135 til 216 milljarða á fimm árum.

Ef menn vilja taka ákvörðun um hvort þeir samþykkja eða hafna Icesave út frá kostnaði við endurfjármögnun skulda hins opinbera þá er augljóst hvor kosturinn er valinn – þetta er hið ískalda hagsmunamat.

Rússnesk rúletta

Icesave

Geir Ágústsson

verkfræðingur



Rökun fyrir því að Íslendingar samþykki Icesave-kröfur Breta og Hollendinga jafnast á við rök handrukkarans sem ógnar saklausum vegfarendum og hefur af þeim fé. Vegfarendurnir þora ekki að standa á rétti sínum og láta undan kúgunum.

Hvað sem því líður er ljóst að ef ríkissjóður gerir kröfur Breta og Hollendinga að skuld þá gerir hann vonda stöðu sína enn verri. Jafnvel má telja líklegt að hann stefni hraðbyri í gjaldprot. Árið 2001 fóru 20% af heildartekjum ríkissjóðs Argentínu í vaxtagjöld, og brúttó skuldir hans voru um 54% af landsframleiðslu. Árið eftir var hann lýstur gjaldproti. Í dag fara um 22% af heildartekjum hins íslenska ríkissjóðs í vaxtagjöld, brúttó skuldir hans eru um 90% af landsframleiðslu og hallarekstur mikill. Er þorandi að bæta Icesave-klafanum ofan á þá byrði? Skattahækkanir eru hættar að skila sér í aukinni skattheimtu svo auknum álögum á ríkissjóð þarf að mæta með lántökum og djúpum, hröðum og sársaukafullum niðurskurði á rekstri hins opinbera.

Mun Icesave-klafinn draga erlendar fjárfestingar með sér til

Íslands, eins og margir hafa haldið fram? Hugsanlega. En hvaða gagn er að því ef ríkissjóður verður gjaldproti og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tekur við efnahagsstjórn Íslands? Sennilega lítið. Þeir, sem vantar erlent fjármagn, verða einfaldlega að sannfæra fjárfesta um arðsemi áætla sinna. Arðsamar fjárfestingar laða að sér fjármagn. Aðrar ekki. Ef stjórnvöld vilja laða fjármagn til landsins, ættu þau að hætta að áreita efnahagslífi landsmanna með síbreytilegum reglum, höftum, sköttum og tilheyrandi dökka og óvissu.

Hvað vakir fyrir stjórnvöldum að róa svona hart að því að taka við Icesave-kröfum Breta og Hollendinga? Þingmenn Vinstrigrænna eru varla á höttunum eftir fjármagni til fleiri virkjanafskvæmda, eða hvað? Er verið að friðþægja Alþjóðagjaldeyrissjóðnum svo hann láni okkur meira fé til að lengja í hengingaról gjaldprotis sem vofir yfir Íslandi?

Hvað vakir fyrir fjölmjólamönnum að flytja jafneinhliða og jafnlínulausan árdömur fyrir samþykkt Icesave-laganna og raunin er? Liggur einhver Samfylkingarþráður í gegnum þá starfsstétt?

Hvað hafa embættismenn Evrópusambandsins lofað íslenskum ráðamönnum ef þeim tekst að hengja Icesave-klafann á háls íslenskra skattgreiðenda?

Icesave-lögin eru rússnesk rúletta þar sem fimm af sex byssuhólfum eru hlaðin. Viltu spila?

SKULDAKREPPA EVRÓPU

Dr. Lee Buchheit fjallar um skuldakreppu Evrópu í sögulegu samhengi á hádegisfundum í Háskólanum í Reykjavík í dag, föstudag, kl. 12:10–13:00.



Lee Buchheit er lögmaður og sérfræðingur í alþjóðlegum lánasamningum og skuldasamningum sjálfstæðra ríkja. Buchheit hefur kennt lögfræði við suma virtustu háskóla heims og er einn meðeigenda alþjóðlegu lagaskrifstofunnar Cleary Gottlieb Steen & Hamilton LLP.

Lee Buchheit lauk doktorsprófi frá Pennsylvaníu háskóla árið 1975 og diplómagraðu í alþjóðalögum frá Cambridge University árið 1976. Hann hefur skrifað tvær bækur á sviði þjóðréttar og meira en 40 greinar um málefni tengd sínu sérsviði. Buchheit hefur hlotið ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir starf sitt, þar á meðal International Financial Law Review's Lifetime Achievement Award. Lee Buchheit hefur leitt starf samninganefndar Íslands um Icesavesamningana frá því snemma árs 2010.

Fundarstjóri: Dr. Ragnhildur Helgadóttir
Fundarstaður: Háskólinn í Reykjavík, Bellatrix
Fundurinn er haldinn á vegum lagadeildar og viðskiptadeildar

Allir velkomnir!



www.hr.is

Ljósmyndakaffi Ljósmyndasafns Reykjavíkur verður haldið í dag klukkan 12 í Tryggvagötu. Þar munu ljósmyndararnir Guðmundur Ingólfsson, Bára og Sissa spjalla við Leif Þorsteinsson um ljósmyndun.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



NOTALEG STUND



OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL. 11.30

GEYSIR Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími: 517 4300
www.geysirbistro.is

Úlfar Eysteinnsson stendur í ströngu í dag þegar hann matbýr gómsæt tryppaeistu fyrir gesti og gangandi.

Hneggjandi gott lostæti



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í tilefni Hestadaga í Reykjavík verða á boðstólum steikt tryppaeistu að enskum hætti í gamla söluturninum á Lækjartorgi í dag. Tryppaeistu eru heimskunnur frygðarauki en Íslendingum fágætt hnossgæti. „Ég hef nú sjálfur verið að laumast í að borða þetta í gegnum árin og alltaf fengið nokkrar kúlur undir borðið til að fönðra við í eldhúsinu, en auðvitað er orðið löngu tímabært að fleiri njóti þessa áhrifamikla sælkerafæðis sem fersk tryppaeistu eru í raun,“ segir Úlfar Eysteinnsson matreiðslumeistari á Þremur frökkum þar sem hann eldsteikir tryppaeistu með grænpiarsósu og káli. Verkefnið er að sönnu

óvenjulegt en sérpantað í tilefni hátíðarinnar Hestadaga í Reykjavík sem nú stendur yfir. „Tryppaeistu eru eftirsóknarvert hráefni og í þessu tilviki, af því ég þarf vænan skammt ofan í miðbæjargesti, varð ég að hafa samband við Árna Mathiesen dýralækni sem einmitt var að taka inn stóð frá bónda, og fékk hjá honum 26 væn eistu úr þrettán tryppum,“ upplýsir Úlfar sem framreiðir herlegheitin með brúnni sósu sem hægt er að dýfa pungsneiðunum í. „Það tekur svona mestan ótta úr fólki þegar japlað er á pungunum.“ Í sumum löndum í Asíu eru tryppaeistu alþekkt frygðarlyf en þar eru þau þurrkuð og mulin

niður í kynorkuaukandi drykki. „Bragðið minnr talsvert á hrútspunga, en áferðin er grófari, enda stórgerðari eistu,“ útskýrir Úlfar sem ætíð hefur farið ótroðnar slóðir í hráefnanotkun og prófað ýmislegt í gegnum tíðina. „Fyrir þorablót sjóstangveiðimanna nýverið sauð ég og setti í súr 36 gimbrarpíkur sem allar voru étnar þótt þær væru ekkert sérstaklega góðar. Tryppaeistun eru aftur á móti hnossgæti og enginn svikinn með þau í munni,“ segir Úlfar sem ætlar að bjóða upp á krásirnar seinni partinn í dag, eða á meðan birgðir endast í gamla söluturninum á Lækjartorgi. thordis@frettabladid.is

Pavel Ermolinski
Einn af bestu
körfuboltamönnum
landsins úr KR



Þau vita hvað þau vilja

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu. Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Heilsu-
réttir
Nings

NING

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

Arnaldur Birgir
Frankvæmdastjóri og
eigandi BootCamp
á Íslandi og keppandi
í Sahara eyðimerkur-
hlaupi 2011



Rannveig
Kramer
Íslandsmeistari
fitness 2010



og kroppurinn blómstrar





ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

GÆÐAFISKUR

Söluastaðir:
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðir, Ollis, N1, Kaupfélag V- Húsvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.

FRETTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

vísir

Vísindasýning verður haldin í húsakynnum Raunvísindadeildar og Raunvísindastofnunar HÍ frá klukkan 13 til 16 á morgun. Fluttir verða stuttir fyrirlestrar, stjörnutjaldið kynnt ásamt myndlistarsýningu á tituprjónshaus.

www.hi.is

SPANHELLUBORÐ Á SPENNANDI VERÐI!

ZEPA

Komdu og skoðuðu raftækjúrvalið í Friform

580x550mm

AÐEINS KR. 109.900

friform.is

Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Vigdís Erna Þorsteinsdóttir og Harpa Lilja Júníusdóttir standa fyrir skemmtidagskrá fyrir ung börn og foreldra þeirra í Krikaskóla á morgun. FRÉTTABLAÐID/GVA

Börnin aðaláhugamálið

Fjörkálfar og fylgihlutir nefnist dagskrá sem haldin verður í Krikaskóla í Mosfellsbæ á morgun. Þar verður boðið upp á skemmtiatriði, fræðslu, kynningar og vörutorg fyrir yngstu börnin og foreldra þeirra.

Það er hluti af náminu í viðburðastjórnun að skipuleggja og hrinda í framkvæmd einhverjum viðburði,“ segir Vigdís Erna Þorsteinsdóttir, sem í dag stendur fyrir skemmtidagskránni Fjörkálfar og fylgihlutir í Krikaskóla í Mosfellsbæ ásamt Hörpu Lilju Júníusdóttur. „Þessi dagskrá er sniðin fyrir börn frá fæðingu til sex ára aldurs, foreldra og verðandi foreldra,“ segir Vigdís. „Það verða bæði skemmtiatriði á sviði, vörukynning og alls kyns fræðsla. Mig langaði að gera eitthvað nýtt og öðruvísi og þar sem börnin eru aðaláhugamál mitt um þessar mundir fannst mér kjörið að búa til dagskrá sem höfðaði til þeirra yngstu.“

Vigdís Erna stundar nám á tómstunda- og félagsmálabraut við HÍ og Harpa á uppeldis- og menntunarbaut, en þær eru saman í áfanga sem nefnist viðburðastjórnun. „Við þekktumst ekkert fyrir,“ segir Vigdís. „En þegar ég fór að segja Hörpu frá hugmyndinni kviknaði áhugi hennar og hún ákvað að koma inn í þetta með mér. Við erum búnar að leggja nótt við dag við undirbúninginn, baka og reyna að safna styrktaraðilum og erum mjög spenntar.“ Dagskráin er afar fjölbreytt; nemendur úr Dansskóla Ragnars sýna dans, suzuki-tónlistarnemar úr Listaskólanum í Mosfellsbæ

spila, STOPP-leikhópurinn sýnir brot úr sýningunni Ósýnilegi vinurinn, barnakórinn Englaraddir syngur og fræðslufulltrúi Umferðarstofu fer yfir umferðaröryggi ungra barna. Það verður kynning á mataræði ungbarna, ungbarnasundi, ungbarnauddi, meðgöngutengdum þáttum og mörgu fleira. Kynnir verður Bjarni töframaður. „Svo verður lokaatriðið alveg æðislegt,“ segir Vigdís. „Soffía Karlsdóttir kemur og leiðir söng sem allir taka þátt í og þetta endar í allsherjar fögnuði.“ Dagskráin hefst klukkan 12 og lýkur klukkan 17 og aðgangur er ókeypis. fridrikab@frettabladid.is

mayoral

20% afsláttur af öllum kjólum og skyrtum

föstudaginn
1. apríl – 7. apríl

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opíð mánudag til föstudag 10-18,
laugardag 10-17

Vertu vinur á Facebook

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 6. apríl.

VERÐSPRENGJA Í FLASH

Flottir kjólar og skokkar fyrir veisluna

Kjólar áður 16.990 **Nú 9.990**

Skokkar áður 16.990 **Nú 5.000** Margar gerðir

Skokkar og bolur fylgir áður 14.990 **Nú 9.990**

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

1. apríl 2011

Systa Björnsdóttir

upplifir ævintýri í gegnum starf sitt

- Á rúmstokknum
- Hönnunarmarkaður
- Hljómur úr hönnun
- Nýtt dansverk frumsýnt

**TÖLVU
PAKKI**

Kr.

129.950



@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS



- CoolerMaster Elite 310 midi turn
- Athlon II X260 3,2GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- LG 21,5" LCD 1920x1080
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- Windows 7 Home Premium 64bit



núna

Fylgist með tiskunni



UNGLEG HÚÐ Immortelle & Bellis perennis-línan frá L'Occitane inniheldur andlitsvörur sem gefa húðinni frísklegt útlit. Tvær nýjar vörur hafa bæst við línuna, andlitsskrúbb og -maski sem hreinsa húðina og gefa henni fallega áferð. Fullkomin tvenna fyrir þær sem vilja hirða vel um húðina og viðhalda frísklegu útliti.

blogg vikunnar

Í hársaman

Mugshot er dönsk/íslensk hárgreiðslustofa sem er til húsa í Nýhöfn í Kaupmannahöfn. Eigendur stofunnar eru miklir tiskuspekúlantar og á milli þess sem þeir klippa og snyrta hárskrifa þeir um tisku og auðvitað hártísku líka. Hægt er að lesa færslur þeirra á slóðinni www.mugshothair.wordpress.com. Síðan er litrík, skemmtileg og myndin og skrifin fara öll fram á ensku, sem betur fer.



Síðan er litrík, skemmtileg og myndin og skrifin fara öll fram á ensku, sem betur fer.

Mannafælan

Bloggið www.manrepeller.com er stórskemmtileg lesning. Stúlkan sem heldur því úti er bæði hnyttin og óhrædd við að prófa hitt og þetta þegar kemur að tisku. Stúlkan er bandarísk og blogg hennar er vinsælt þar í landi.



Stærsti hönnunarmarkaður landsins haldinn um helgina:

BREYTA SAUTJÁN-HÚSINU Í MARKAÐ

Hönnunarmarkaður á vegum Pop-up og RFF fer fram í gamla Sautján-húsinu á Laugavegi 91 um helgina. Yfir þrjátíu hönnuðir taka þátt og því má fullyrða að þetta sé stærsti hönnunarmarkaður sem haldinn hefur verið hér á landi.

„Þetta er okkar stærsti markaður frá upphafi og jafnframt sá fyrsti sem við setjum upp í samstarfi við RFF. Alls taka þrjátíu og þrjú hönnuðir þátt og þar af eru allir þeir sem sýna á RFF í ár,“ útskýrir Þórey Björk Halldórsdóttir, einn skipuleggjenda hönnunarmarkaðsins. Hún segir markaðinn vera nokkuð sem enginn tiskunnandi ætti að láta framhjá sér fara því þar verður bæði hægt að kaupa nýjustu tisku auk þess sem margir hönnuðir munu selja eldri fatnað á afslætti. Þeir hönnuðir sem taka þátt í RFF munu einnig standa fyrir flottri tiskusýningu.

„Það verður mikið um skemmtileg tilboð og svo auðvitað frábær stemning og skrautlegt og gott úrval af allskyns fatnaði,“ segir Þórey.

Aaron Bullion hefur tekið að sér að taka húsnæðið í gegn og gefa markaðinum skemmtilegra yfirbragð og hefur hann unnið að því undanfarna tvo mánuði. Ekki mátti mála rýmið eða hengja nokkuð á veggina og því þurftu aðstandendur markaðarins að nota ímyndunaraflíð þegar kom að því að skreyta húsnæðið. „Við þurftum að leggja höfuðið í bleyti þegar kom að því að hanna rýmið og enduðum á því að skreyta það með fuglabúrum, risastórum innkaupapoka, blöðrum og stjörnufliskum sem hengdir verða á hvern bás,“ segir Þórey að lokum.

Markaðurinn hefst klukkan 11.00 báða dagana og stendur til klukkan 18.00. Fólki er bent á að fæstir hönnuðanna taka á móti greiðslukortum.

- sm

Stórkostlegt rými Þórey Björk Halldórsdóttir er á meðal skipuleggjenda hönnunarmarkaðsins. Tiskunnendur mega ekki láta þennan markað framhjá sér fara.



regenerist

30 sec. Wrinkle Filler
Inniheldur sílikon micro eindir:
1. Fyllingarefni sem sléttir yfirborð húðar.
2. Virkar á ákveðin svæði sem örgjafi.
3. Kemur strax í veg fyrir hrukku myndun.

Regenerist Eye Derma-Pod
1. Endurnýjar húðfrumur og gefur raka.
2. Dregur úr öldrunarmerkjum húðarinnar, þröta og baugum.

OLAY
Söluastaðir: Hagkaup Akureyri, Garðabæ, Holtgöðrum, Krínglunni, Skeifunni, Smáralind og Spönginni. Lyf og Heilsa Austurverí, Eiðistorgi, Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Krínglunni og Vestmannaeyjum. Debenhams, Nana Hólagerði og Urðar Apótek.



Sænsk flottheit Sænska tiskuverslunin opnar pop-up verslun við Laugaveg í dag. Hún verður aðeins starfrækt í tvo daga.

Monki opnar pop-up verslun við Laugaveg:

Monki stingur upp kollinum

Sænska tiskuverslunin Monki hefur ákveðið að opna svokallaða pop-up verslun við Laugaveg 87 í dag og á morgun. Margir munu án efa gleðjast við þessar fréttir því verslunin er þekkt fyrir flotta hönnun á viðráðanlegu verði.

Samkvæmt heimildum Föstudags munu forsvarsmenn Monki hafa ætlað sér að nota þessa aðferð til að þreifa fyrir sér á íslenskum markaði, en fyrirtækið rekur

nú þegar verslanir víða í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Hong Kong. Verslunin verður stútfull af nýjum vorvörum frá Monki og gildir án efa hið gamalkunna „fyrstir koma, fyrstir fá“ í þessu tilfalli. Svo er bara að bíða og vona að Monki-mönnum lítist svo vel á okkur Íslendinga að þeir opni hér verslun til frambúðar.

Verslunin verður opin frá klukkan 12 til 18 í dag og á morgun. - sm

augnablikið



EITURSVÖL Hönnuðurinn og raunveruleikastjarnan Nicole Richie var með þessa eiturgænu leðurtösku á handleggnum þegar hún mætti í veislu í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Stefán Karlsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



ÖFLUG VIRKNI
JURTASTOFNFRUMNA

LIVE BRILLIANTLY

HR
HELENA RUBINSTEIN

MIKILVÆG UPPGÖTVUN Á SVIÐI
JURTASTOFNFRUMNA

PRODIGY
POWERCELL
YNGINGARKRAFTUR


DREGUR ÚR HRUKKUM – STYRKIR HÚÐINA – EYKUR LJÓMA.
HÚÐIN VIRÐIST ENDURNÝJUD: STYRKARI OG SJÁANLEGA UNGLEGRI.

Rannsóknarstofur HR hafa einangrað fullkomna ímynd lífs frá jurta-
stofnfrumum úr Oceanic Crista plöntunni. **100% virkur kraftur hennar**
hefur einstaka lagfærandi eiginleika á 3 meginþætti öldrunar: eykur
frumuendurnýjun, lagfærir vefi og verndar húðina gegn sindurefnum*


MEÐ NÁTTÚRULEGUM JURTASTOFNFRUMUM ENDURHEIMTIR
YFIRHÚÐIN GÆÐI UNGRAR HÚÐAR*.

**in-vitro próf*

Proskuð húð
eftir meðferð vöru
ÁN JURTA-
STOFNFRUMNA



YFIRHÚÐ



Proskuð húð
eftir meðferð vöru
MEÐ JURTA-
STOFNFRUMUM

www.helenarubinstein-powercell.com

HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HYGEU, KRINGLU OG SMÁRALIND FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Tilboðsverð á nýju Prodigy Powercell dropunum, 50 ml á sama verði og 30 ml á kynningunni.

Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur:

- ~ HR taska
- ~ Prodigy Powercell nýja kremið 15 ml
- ~ Prodigy Powercell augnkrem 3 ml
- ~ Prodigy Re-PLASTY dagkrem 5 ml
- ~ Prodigy Re-PLASTY yngingarmaski 10 ml
- ~ Prodigy Liquid Light farði 5 ml
- ~ Sexy Blacks maskarinn

Verðmæti kaupaukans allt að 17.800 krónur
Einnig aðrar gerðir kaupauka



HYGEA
snyrtivöruverslun

Kringlan 533 4533 - Smáralind 554 3960

*Gildir á kynningunni meðan bírgör endast. Gildir ekki með deodorant eða blýöntum.



1. Steinefna- eða vítamínsprey til að gefa húðinni svolítinn lit og öll þau næringarefni sem hún þarf. Algjört undraefni sem frískar upp á útlitið eftir erfiðan dag. Þetta vítamínsprey er frá Lancôme.



2. Sólgleraugu eru nauðsynleg til að fela syndir gærdagsins. Auk þess er vor í loftinu og því leyfilegt að skarta fallegum sólgleraugum jafnvel þótt timburmennirnir séu víðs fjarri. Þessi fást í Rokki og rósum.



3. Hárduft sem gefur hárinu nauðsynlega lyftingu. Þessu dufti frá Aveda er stráð beint í hársvörðinn, ilmar dásamlega og gefur hárinu aukna þykkt. Ekki skemmir fyrir að flaskan er lítil og passar því auðveldlega í snyrtibúdduna. Duftið fæst í Aveda-versluninni í Kringlunni.

4. Dökkur varaliturlitur! Brúnir og fjólbláir tónar eru sérstaklega heitir um þessar mundir og sannar tiskudrósir ættu að vera búnar að festa kaup á einum slíkum varalit fyrir löngu. Þessi fást í Make Up Store í Kringlunni.



Tíu hlutir sem eru nauðsynlegir fyrir RFF:

Varalitur og myndavélar

Stundin sem allir tískuennendur hafa beðið eftir er nú runnin upp því Reykjavík Fashion Festival hefur göngu sína í dag. Dagskráin er þéttskipuð og ætli maður sér að taka þátt í öllu sem í boði er, er best að vera vel undirbúinn. Föstudagur setti saman gátlista sem gott er að renna yfir áður en haldið er út í tískuhelgina.




5. Dökkt naglalakk hefur einnig verið vinsælt í nokkurn tíma. Föstudagur mælir sérstaklega með svarta naglalakkinu frá OBI sem notað er ofan á aðra liti og gefur stórskemmtilega brotna áferð.



6. Fylltir eða klossaðir hælaskór verða án efa sjáanlegir víða meðan á hátíðinni stendur. Þessi gullfallegu skór fást í Kron.

7. Síðar, gegnsæjar flíkur halda velli og hafa jafnvel sjaldan verið heitari en einmitt núna. Þessi fæst í versluninni Einveru.



8. Myndavél um hálsinn. Þá helst vél með stórrí og öflugri linsu eða gömul Leica-myndavél.



9. Stórt og áberandi skart setur skemmtilegan svip á heildarútkomuna. Slíkt skart er hægt að fá víða en þessi hringur fæst í Accessorize í Kringlunni.



10. Verkjatöflur eru alveg nauðsynlegar í veski þessa helgina.



Vorum að fá nýja sendingu af flottum Carter's náttfötum, samfellum og fleiri flottum merkjum. Einnig erum við með frábært úrval af fallegum notuðum fötum ásamt íslenskri hönnun.

Fidriðid

Barnaverslunin Fidriðid
Notað og nýtt fyrir börnin

Faxafeni 9
www.fidridid.is
www.facebook.com/fidridid



Frjálsleg túlkun Vídeólistamaðurinn Póra Hilmarsdóttir er í hópi listamanna sem frumsýna nýtt dansverk í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýtt íslenskt dansverk frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld:

Frjálsleg túlkun á þjóðsögu

Nýtt íslenskt dansverk verður frumsýnt í Tjarnarbiói í kvöld. Verkið nefnist Gibbla og er samstarfsverkefni sjö listamanna úr ólíkum listgreinum sem tvíanna saman dans, tónlist og kvikmyndagerð í eina samræmda heild.

Innblástur verksins er sóttur til Asks Yggdrasils og örlaganornanna þriggja og fjallar um hvernig örlög manna eru ákveðin við fæðingu og hvernig lífsþæðirnir spinnast. Dansarar og danshöfundar verksins eru þær Guðrún Óskarsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Katla Þórarinsdóttir. Póra Hilmarsdóttir vídeólistamaður, skapaði aftur á móti myndverkið sem fléttast inn í sýninguna. Hún útskrifaðist frá

hinum virta listaháskóla Central St. Martins í London fyrir rúmu ári. Póra er enn búsett ytra og starfar hjá kvikmyndafyrirtækinu Ridley Scott Associates.

„Ég hafði unnið með tveimur dansaranna áður en ég fór út í nám og fannst mjög spennandi að fá tækifæri til þess að gera það aftur. Ég fékk frí í vinnunni og kom heim í febrúar og hef unnið að verkinu stanslaust síðan þá,“ útskýrir Póra. Hluti vídeóverksins var tekinn upp í gömlum lækna-bústað við Vífilsstaði og viðurkennir Póra að það hafi tekið svolítið á taugarnar. „Það er nánast eins og einhver hafi bara gengið út úr húsinu einn daginn og skilið allt eftir, þetta var mjög

draugalegt. Einu sinni var ég nokkuð viss um að það væri reimt þarna og ákvað að hætta tökum þann daginn,“ segir hún hlæjandi.

Hópurinn nálgast sögu örlaganornanna með nokkuð óhefðbundnum hætti og er nokkuð frjálslegur í túlkun sinni. Mikil vinna hefur farið í framkvæmd verksins enda eru þetta í raun þrjú verk sem steypt er saman í eitt og segist Póra spennt að sjá lokaútkomuna í kvöld.

Danstvíeykið Steinunn og Brian mun einnig frumsýna dansverk sama kvöld og ber það heitið „Steinunn and Brian DO art; How to be Original“. Allar nánari upplýsingar má finna á síðunni www.tjarnarbio.is.

WORLD OF INSPIRATION
 the
PIER
 FOR



TILBOÐSVERÐ
199.000.-
 ÖRFÁIR SÓFAR
 EFTIR

KERTI
⁷²⁹⁴
3 EYRIR 2



ÖDRUVÍSI
BLÓMAPOTTAR

BLÓMAPOTTAR FRÁ:
2990.-



KERTI FRÁ: **890.-**



KERTI **490.-**



LEDURSÓFI
119.900.-
 ÖRFÁIR SÓFAR
 EFTIR



LEDURSTÓLL
59.900.-



MÓSAÍKBORÐ
15.900.-

JÁRNSTÓLL
7990.-



HJÓLABLÓMAPOTTUR
4990.-

STELL FRÁ
490.- STK.



the
PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

GRÝTT MEÐ DÖÐLUM Í MAROKKÓ



Sigríður Björnsdóttir sviðsmyndahönnuður bjó í Milanó í ein tuttugu ár. Hún er nú flutt heim ásamt einkasyninum og nýtur þess að taka lífinu með ró.

SUMAROPNUN

12 – 18 virka daga
12 – 17 laugardaga.

FULL BÚÐ AF
NÝJUM VÖRUM.



Kjöll 8.990.-

Blúndutoppur 1.990.- SM - ML

Taska 9.990.- einnig til í vínrauðu

Hálsmen með eyrnalokkum
2.750.-

Vinur nr 7000 á facebook fær
veglega úttekt, skráðu þig núna.

SOHO
MARKET

 SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Grensásvegur 16 - sími 553 7300
Opið mán-fös 12-18. Laugd. 12-17

Eftir tuttugu ára starf í Milanó hefur Systa Björnsdóttir stimplað sig inn sem einn eftirsóttasti sviðsmyndahönnuður borgarinnar. Hún flutti nýverið heim til Íslands og nýtur þess að taka lífinu með ró, borða slátur og ala einkasoninn upp í heimahögunum.


Viðtal: Sara McMahon
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Systa ákvað að flytja út til Ítalíu eftir að hafa lokið námi á myndlistarbraut við Kennaraháskóla Íslands og leggja stund á iðnhönnun. Hún flutti til Flórens og þar kynntist hún fólki sem starfaði innan leikhúsbansans þar í borg og heillaðist mikið af því umhverfi. Hún ákvað því að flytja sig um set og hefja nám í leikmyndaönnun í Milanó og hefur nú starfað við það síðastliðin tuttugu ár. „Ég lærði sviðsmyndahönnun fyrir leikhús, kvikmyndir og sjónvarp. Þetta var nýtt nám við skólann og bekkurinn var mjög fámennur. Við fengum þess vegna mjög góða þjónustu frá kennurum okkar og fórum til dæmis oft með þeim í vettvangsferðir í vinnuna til þeirra. Flest okkar fengu einnig vinnu strax eftir útskrift í gegnum þá,“ rifjar Systa upp.

Áð náminu loknu vann Systa á ýmsum ólíkum vinnustöðum og um hríð vann hún til að mynda fyrir ítalska MTV. Hún segir tímann hjá sjónvarpsstöðinni hafa verið mjög skemmtilegan enda var starfsliðið allt ungt að árum líkt og hún. „Það var mjög eft-

irsóknarvert að vinna hjá MTV þó illa væri borgað, enda þótti það flott þegar maður var svona ungur,“ segir hún og skellir upp úr.

Hún vann einnig um stund hjá kaffiframleiðandanum Lavazza og hannaði fyrir þá kaffihús víða um heim í tengslum við afmæli fyrir-tækisins. Hún færði sig að lokum að mestu leyti yfir í auglýsingageirann þar sem hún vann sig upp í stjórnunarstöðu með vinnu-semi og ákveðni. „Það er svolítið gamli stíllinn á þessu á Ítalíu, þar

 Það var mjög eftirsóknarvert að vinna hjá MTV þó illa væri borgað, enda þótti það flott þegar maður var svona ungur.“

byrjar maður neðst og vinnur sig svo upp með tímanum. Ég byrjaði sem sagt sem aðstoðarmaður og vann sem slíkur allt þar til ég ákvað að klippa á naflastrenginn við yfirmann minn og fara að vinna sjálfstætt,“ segir hún.

GRÝTT MEÐ DÖÐLUM

Systa hefur ferðast mikið í tengslum við starf sitt, heimsótt ólíka menningarheima og unnið með alls konar fólki. Hún segir þetta einn af kostum starfsins en viðurkennir að ýmsar skrautlegar upptækur geti átt sér stað þegar tekið er upp í framtíð löndum. Hún minnst sérstaklega verkefni sem hún tók að sér fyrir breska leikstjórnann John Madden, sem leikstýrði meðal annars kvikmyndinni Shakespeare in Love, og fór fram í Marokkó. „Ég gleymi þessu atviki aldrei. Við vorum

áð taka upp Coke-auglýsingu og ég þurfti að fara á markaðinn til þess að finna muni fyrir tókurnar. Á þessum tíma var ég með mjög stutt hár og var klædd í gallabuxur og hlýraból og áður en ég lagði af stað ráðlagði aðstoðarmaðurinn minn mér að skella sjali yfir axlirnar á mér sem ég gerði. Þegar við komum svo á markaðinn fannst heimamönnum ég svo ósiðsamlega klædd að ég var grýtt með döðlum og öðrum ávöxtum og við aðstoðarmaðurinn minn þurftum að hlaupa í skjól,“ segir Systa og skellir upp úr.

Annað eftirminnlegt atvik átti sér stað við undirbúning á verkefni fyrir svissneskt fyrirtæki. „Við áttum að byggja eftirmynd af íbúðargötu og þar sem þetta var um sumar og veður var gott ákváðum við að smíða sviðsmyndina úti. Þegar allt var tilbúið skall allt í einu á þrumuveður og það myndaðist eins og vindsveipur akkúrat þar sem við höfðum byggst sviðsmyndina sem splundraðist á fimm mínútum. Maður hefur nú lent í ýmsu,“ segir hún hlæjandi.

EINKASONURINN LÍKT OG HIMNASENDING

Líkt og áður hefur komið fram bjó Systa í ein tuttugu ár í Milanó. Hún segir borgina íða af lífi og menningu, stutt er frá henni niður að strönd og ekki er nema nokkurra klukkustunda akstur til ítölsku Alpanna og því ekki furða að Systa hafi kunnað vel við lífið í menningarborginni. „Hverjum finnst ekki heillandi að búa við nánast stöðuga sól og sumarihit?“ spyr hún hlæjandi. „Matarmenningin í Ítalíu er líka einstök og Ítalir eru miklir nautnasleggir þegar kemur að mat. Mér fannst voða indælt að búa í Milanó og hefði líklega aldrei ílenst ef mér



Myndin er af samstarfskonum á örlagastundu!



Þessi mynd er af tökustað á auglýsingu í Suður-Afríku.

Verk unnið með vinkonu minni, Siggú Heimis, í tengslum við HönnunarMars þar sem sokkabuxur fengu nýtt hlutverk.

hefði ekki liðið vel þarna. Það eina sem ég sætti mig aldrei almennilega við var karlaveldið sem er við lýði þarna og ég barðist mikið fyrir réttindum mínum og viðurkönningu í starfi. Ítalskir karlmenn eru óttalegar karlrembur, það verður ekki af þeim tekið.“

Systa á soninn Ísak sem er þriggja mánaða gamall og líkir hún fæðingu hans við himnasendingu. „Allar vinkonur mínar eiga hálf fullorðin börn og eru hættar barneignum nú þegar ég loks eignast mitt fyrsta,“ segir hún og bætir við: „Stundum er bara eins og eitthvað gerist sem segir að maður eigi að breyta til og þetta var þannig atvik. Ég var búin að búa í ferðatösku í mörg ár, vann flesta daga vikunnar og var mjög upptekin af minni vinnu og óléttan fékk mig aðeins til að stoppa, slappa af og njóta þess að vera til. Ísak kom í raun eins og himnasending, ég átti alls ekki von á því að verða ólétt. Þetta er ótrúleg lífsreynsla og gefur manni mikið þó þetta séu auðvitað mikil viðbrigði eftir að hafa hugsað aðeins um rassinn á sjálfum sér í öll þessi ár,“ segir hún og brosir.

SAKNAR VEÐURBLÍÐUNNAR

Á meðgöngunni ákvað Systa að hún vildi ala Ísak upp á Íslandi en viðurkönnir að heimþráin hafi verið farin að segja til sín nokkru áður en það gerðist. „Ég ætlaði að flytja heim árið 2008 en þá skall kreppan á og ég frestaði heimferðinni þar til núna. Það er mikil „krísa“ í Ítalíu núna og til dæmis mikil skerðing á fjármagni til menntamála. Foreldrar þurfa til dæmis að senda börn sín með klósettappír og sápu í skólann því þeir hafa ekki fjármuni til þess að kaupa slíkt. Mig langaði miklu frekar að ala barnið mitt upp hér heldur en þar og þess vegna ákvað ég að koma heim,“ útskýrir hún.

Innt eftir því hvort það sé eitthvað sem hún sakni frá Mílanó segist hún helst sakna veðurblíðunnar sem ríkir þar nánast allan ársins hring. „Svo saknar maður auðvitað stórborgarbragsins. Þar var alltaf nóg um að vera og nóg að gera. En svo hugsa ég; „Hvað gerði ég eiginlega mikið af því sem hægt var að gera?“. Mér finnst annars voða gott að vera komin heim í faðm fjölskyldu minnar og vina og nýtt þess að borða slátur, kjötsúpu og annan þjóðlegan mat,“ segir hún.

Þegar Systa er að lokum spurð út í framtíðaráform sín er hún fljót til svars; „Ætli ég byrji ekki á því að kynna mig fyrir fólki því ég þekki ekki marga í bransanum hér. En ég ætla líka að halda tengslunum við útlönd svo ég geti haldið áfram að taka að mér verkfærni þar inn á milli,“ segir hún.

FANTA GOTT FORM

NÝTT!

Fanta gott form er æfingakerfi frá Hollywood sem hefur algjörlega slegið í gegn á Íslandi!

6-vikna námskeið fyrir konur og karla

Æfingakerfið byggist á einföldum æfingum sem þjálfa upp þol, styrk og snerpu á skjótan og hnitmiðaðan hátt. Grunnbrensla eykst og í hverjum tíma myndast eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeningabrensla heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.

Skráðu þig á þetta öflugna námskeið og vertu í fanta góðu formi í sumar. Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

Skráning í vefverslun Hreyfingar á www.hreyfing.is eða í síma 414-4000.

Allar upplýsingar á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Vorið er komið...

Kynning

**Arna verslun
Grímsbæ**
S. 527-1999



Arna | Hring trefill 2,490
Til í silfri/svörtu, fjólubáu,
hvítu og mosagrænu.

Arna | Sokkar
með skinni 2,490
Fást líka í svörtu.
Ein stærð.



Soho | Taska með blómum 9,990




SOHO | Stál armband með zirkon
steinum 5,450. Hringur í stíl 2,750.
Stálarmbönd minni 1.990

SOHO
Grensásvegi 16, í porti
S. 553-7300



SOHO | Leður armbönd 2,990

SOHO | Blúndu-
hálsklútar 2.990
- fást líka í svörtu,
ljósu, gráu og
bláu.



SOHO | Brún taska 7,990.-
Fæst líka í svörtu



SIX | Sóglæraugu 1,395 kr.



SIX | Hringur með Rós 795 kr
Hringur með steinum 1,195 kr
Hringur með stórum stein 995 kr



SIX | Armband 995 kr.

SIX - Smáralind
S: 772-6666
www.click-six.com



SIX | Eyrnalokkar
með plötum
995 kr



SIX | Eyrnalokkar
með steinum 775 kr



SIX | Hálsfesti
1,595 kr



Riccardo Tisci slær í gegn með Givenchy:

Sá allra besti í bransanum

Fatahönnuðurinn Riccardo Tisci hefur fært tiskuhúsið Givenchy í nýjar hæðir með þunglyndislegri og látlausri hönnun sinni sem slegið hefur í gegn. Tisci tók við af Julien Macdonald sem yfirhönnuður Givenchy árið 2005 og hefur síðan þá bætt hægt og rólega við aðdáendahóp sinn, sem nú inniheldur einstaklinga á borð við Nicole Richie, Kate Moss, Florence Welch og Carine Roitfeld. Anna Della Russo, listrænn stjórnandi japanska Vogue, sagði að lokinni tiskusýningu Givenchy um síðustu helgi: „Hann hefur þroskast mikið sem listamaður. Mér þótti Givenchy-sýningin sú besta það sem af er árinu.“


Haustlínan 2011 innihélt skemmtilegar peysur, „pin up“ sóglæraugu, gegnsæjar skyrtur og pilsfalda og myndir af Betty



Carine Roitfeld, fyrrum ritstjóri Vogue, og Riccardo Tisci eru miklir vinir.

Page og svörtum pardusum. Þetta hljómar ef til vill eins og undarlegur hræigrautur en Tisci frum-sýndi heilsteypta og fallega línu og þar liggur snilld hans sem hönnuðar. Tisci átti einnig eina fallegustu „couture“-vorlínu 2011. Að hans sögn sótti hann innblástur til japanska dansarans Kazuo Ohno og vélmenna og tók það um 4.000 klukkustundir að sauma hverja flík.

- sm



Multi-Active Day

Hver vill sjá ótímabærar hrukkur?

Framtíðin er falleg.
Multi-Active dagkremið
sem skartar þykkni úr
lækningajurtum veitir
húðinni allt sem hún
þarfnast til að viðhalda
æskuljómanum.

Þetta einstaka krem
eflir mótstöðuafli húðarinnar
þannig að hún þolir betur
þreytu, áreiti, mengun og
UV geisla. Húðin helst mjúk
og stinn.

Hrukkurnar geta bedið!
Clarins eru vinsælustu lúxus
húðvörurnar í Evrópu*.

*Heimild: European Forecasts

www.clarins.com



CLARINS

Fagnaðu vorinu með Clarins 1.-2. apríl

Við kynnum það nýjasta frá Clarins í Lyfju

Falleg gjöf fylgir þegar keyptar eru Clarins vörur fyrir 7.900.- eða meira*.
Vertu velkomin að koma og fá ráðgjöf og prufu af því sem hentar þinni húð.

*Gildir á meðan birgðir endast



20%
afsláttur af Clarins
vörum í dag og
á morgun

KAUPAUKI

 **LYFJA**
- Lifið heil

Clarins fæst í eftirfarandi verslunum Lyfju: Lágmúla, Smáratorgi, Laugavegi,
Smáralind, Garðatorgi, Setbergi, Grindavík, Selfossi og Eskifirði

Vel heppnuð sýning Andersen & Lauth og Farmers Market:

Rómantík og ævintýri

Fatahönnunarfyrtækin Andersen & Lauth og Farmers Market stóðu að viðburði í porti Hafnarhússins síðastliðið föstudagskvöld í tengslum við HönnunarMars. Atburðurinn nefndist Hljómur úr hönnun og var unninn í samstarfi við tónlistar- og kvikmyndagerðarfólk.

Sýningin var vel sótt og gekk vel að blanda hinu ævintýralega yfirbragði A&L saman við sveitarómantíkina sem einkennir Farmers Market og úr varð heilsteypt og ævintýralega falleg tískusýning. Hárhönnunin vakti einnig athygli Föstudags enda var hún einstaklega falleg og í samræmi við rómantískt yfirbragð sýningarinnar.

- sm




Skemmtileg samvinna Fatnaður Andersen & Lauth og Farmers Market fór vel saman þótt ólíkur sé.



Fallegar greiðslur Hár og förðun var sérstaklega vel heppnað og í samræmi við gamaldags og rómantískt yfirbragð sýningarinnar.



Gamaldags rómantík Fyrirsætan Elmar Johnson var á meðal þeirra sem sýndu fatnað Andersen & Lauth og Farmers Market. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skemmtilegar andstæður Þessi fallegi kjóll er úr haustlínu Andersen & Lauth og er skreyttur fingerðum keðjum.



Ævintýralegt svið Fötin, sviðið og tónlistin gerðu upplifunina einstaka.



Við eigum efnið fyrir þínar hugmyndir. Full búið af nýjum efnum, sniðum og sniðablöðum.



Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Ópið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16



Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Trekantur og tjáning

? Ég er í krísu! Kærasti minn vill prófa að fá aðra stelpu með okkur í rúmið og tönnlast endalaust á því. Ég veit ekki hvað ég á að gera því ég er hrædd um að þetta gæti haft skritin áhrif á sambandið og ég er líka hrædd um að verða öfundsjúk. Vill maður eitthvað sjá kærasta sinn vera með annarri stelpu og hvað ef ég enda útundan? Endar svona einhvern tímann vel?

Svar: Áhyggjur þínar eru réttmætar og fyrst þær eru til staðar þá er ég ekki viss um að viðbótarrekkjunautur sé eitthvað sem þið ættuð að prófa. Ég hvet þig til að forvitnast um hvaða hvati liggur að baki því hjá kærastanum þínum að fá aðra stelpu í rúmið. Hvernig hafði hann séð þetta fyrir sér; mætti viðbótarrekkjunauturinn vera strákur? Hvað má hver aðili gera við hvern? Þetta eru mikilvægar spurningar sem þarf að fá skýr svör við og ef þið ákveðið að gera þetta þarf að setja reglur og passa að báðir aðilar séu sáttir. Ef þú ert spennt fyrir því að prófa að vera með annarri stelpu þá gætu reglurnar snúist um það að kærastinn þinn fengi eingöngu að vera áhorfandi. Þó að þör hafi prófað að bæta við aðila í kynlífið er það einstaklingsbundið hvort vel tekst til eða ekki. Ef ykkur langar að krydda kynlífið gætuð þið til dæmis talað um „ósýnilega“ þriðja aðilann og hvað þið mynduð gera með viðkomandi. Passaðu bara að láta ekki pressa þig út í eitthvað sem þú ert ekki tilbúin í né sátt við.

? Hæ Sigga Dögg, Ég hef lesið pistlana þína nokkuð reglulega og þú talar oft um að lykllinn að góðu kynlífi sé tjáskipti, það að geta sagt til um hvað þú vilt. Þetta er alveg örugglega rétt hjá þér, en ertu með einhver ráð fyrir stelpur sem eiga alls ekki svo auðvelt með að tjá sig á þennan hátt án þess að fara í keng?

Svar: Fyrir mörgum er kynlíf feimnismál og tilhugsunin um að biðja um ákveðna hluti mjög framandi. Ég held að fyrsta skrefið sé að vita hvað maður vill. Þegar þú veist það þá er næsta skref að geta beðið um það. Þar skiptir máli að þér líði vel með kynlífsfélaga þínum og þú treystir viðkomandi. Þú gætir „æft“ þig á vinkonum þínum eða vinum og þá skiptir ekki höfuðmáli að segja nákvæmlega frá því sem þér finnst gott heldur almennt að æfa þig í að tala um kynlíf. Æfingin skapar meistaran og það gæti verið gott að byrja smátt og vinna sig svo upp frá því. Stundum getur verið auðveldara að færa athyglina frá sér þegar maður kynnist nýjum kynlífsfélaga. Fyrsta skrefið gæti verið að spyrja kynlífsfélagan hvað honum þyki gott og svo í framhaldinu að segja hvað þér þykir gott. Byrjaðu strax og nefndu upphátt öll þau mismunandi nöfn sem þér dettur í hug fyrir kynfæri karla og kvenna. Góða skemmtun!

✿ Ef þú ert spennt fyrir því að prófa að vera með annarri stelpu þá gætu reglurnar snúist um það að kærasti þinn fengi eingöngu að vera áhorfandi.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttar- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR


Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

Bókmenntir sem allir kunna að meta


Spenna, ást og dramatík

Með góða bók við höndina verður lífið aldrei leiðinlegt. Úr nægu er að velja í bókabúðum landsins en nýlega kom út fjöldi þekktra titla í kiljuformi. Hvort sem hugurinn gírnist spennu, ást eða dramatík, allir fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Táknið eftir Raymond Khoury. Úthugsaður og æsispennandi reyfari með sögulegu ívafi.



Sjöundi himinn eftir James Patterson. Þéttur krimmi úr smiðju eins vinsælasta rithöfundar í heimi.



Borða, biðja, elska, ein vinsælasta bók síðasta árs. Gletting og uppbyggileg sjálfsskoðun og ástarsaga, sögð af djúpu innsæi.


Brothætt eftir Jodi Picoult. Einlæg og áhrifamikil saga eftir höfund metsöluþókarinnar. Á ég að gæta systur minnar.



Mundu mig, ég man þig eftir Dorothy Koomson, höfund Góða nótt, yndið mitt og Dóttir hennar, dóttir mín. Áleitín saga um vinkonur sem þurfa að gera upp skelfilega fortíð.



Lofuð er sjálfstætt framhald af Borða, biðja, elska. Bráðskemmtileg úttekta á ástinni og hjónabandinu.



Snjóblinda „Vel byggð, vel stíluð og spennandi sakamálasaga með góðri persónusköpun og lausn sem kemur lesanda algjörlega í opna skjöldu.“ Friðrika Benónýsdóttir, Fréttablaðinu. Snjóblinda eftir Ragnar Jónasson - magnaður krimmi sem þýskir útgefendur bitust um!



Maðurinn sem var ekki morðingi „Sagan lofar svo sannarlega góðu um framhaldið og ég bið spenntur eftir næstu bók.“ Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu. Maðurinn sem var ekki morðingi eftir Hjorth & Rosenfeldt er spennandi, trúverðugur og hrikalega skemmtilegur sænskur krimmi!



Fyrirgefning „Frábær skáldsaga um reiði, hefnd og fyrirgefningu ... afbragðs glæpasaga, spennandi og á köflum óhugnanleg.“ Bjarni Ólafsson, Morgunblaðinu. Fyrirgefning er önnur glæpasaga Lilju Sigurðardóttur en fyrsta bók hennar, Spor, hefur þegar verið seld til Þýskalands.



Svívirða „Áhrifamikil saga ... vel þess virði að njóta.“ Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatímanum. Hvað gerist þegar almenningur tekur lögin í sínar hendur? Svívirða eftir Hammer systkinin er einhver besta glæpasaga sem út hefur komið í Danmörku, að mati gagnrýnenda.





YFIRHEYRSLAN

Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona.

Háir hælur eða flatbotna skór: Klárlega háir hælur og ef maður er þreyttur þá er gott að eiga fyllta hæla líka.

Ómissandi í snyrti-budduna: Mér finnst að það verði alltaf að vera góður maskari og kinnalit. Ég fékk svo augnskuggagrunn frá No-name og hann er meira að segja farinn að laumast með í sundtöskuna.

Uppáhaldsliturinn: Núna er ég brjálæðislega mikið fyrir fölbleikan og svona húðlita tóna en annars er rauður alltaf uppáhaldsliturinn.

Hver eru nýjustu kaupin? Ég er enn þá í einhverjum kósi fíling eftir veturinn og keypti mér æðislega fölbleika Filippa K silkiskyrtu. Svo fékk ég í gjöf frá Bruno, vini mínum sem er hönnuður í London, hálfgerð hnúajám. Það er silfur og gulllitað og mjög flott.

Hvað dremmir þig um að eignast? „Walk in closet“ með fullt af fallegum fötum. Langar mest í Sonia Rykiel-prjónakjól núna.



Hvaða lag kemur þér í gott skap? Ég er voða árs-tíðabundin þegar kemur að tónlist og stend mig að því að byrja alltaf að hlusta á soul þegar fer að vora. Núna er ég alveg háð laginu Dedicated to the One I Love í flutningi the Temprees og allt með Otis Redding.

Uppáhaldshönnuðurinn: Held það sé Vivienne Westwood. Einhvern veginn klæðir hönnun hennar mig alltaf vel.

Uppáhaldsdrykkurinn: Ég er algjör rauðvínssullari. Elska frönsk rauðvín og draumurinn er að eiga einhvern tímann svona ekta blautan og dimman helli fullan af rauðvíni.



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

4BLS BÆKFLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

8GB MINNISLYKILL
Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

4.990
4GB 2.990 • 16GB 9.990

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

3 LITIR

500GB FLAKKARI
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

12.900
320GB 9.990 • 1TB 19.900

1TB
LaCie Minimus USB3.0 flakkari, meiri hraði og minnsti sinnar tegundar

14.900

2TB
LaCie Minimus USB3.0 flakkari, meiri hraði og sá minnsti sinnar tegundar

19.900

HVERGI BETRA VERÐ

LACIE

1.5TB FLAKKARI
Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

14.900
HANNADUR AF NEIL POULTON

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

NINTENDO 3DS

Nýtt!

Verð: 49.900 kr.

NINTENDO 3DS
Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA

Komdu og sjáðu þetta undrataeki með eigin augum!

ORMSSON

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Upplifðu að spila tölvuleiki í **PRÍVÍDD** án þess að nota gleraugu. Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölur, taka ljósmyndir í 3 vidd og margt, margt fleira.

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800
Sjá nánar á www.ormsson.is

Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!

Kynning



Hjúkrunarfræðinemarnir átta sem munu halda til Naíróbí í maí.



Nemarnir koma til með að vinna á heilsugæslustöðvum nálægt miklum fátækrahverfum í Naíróbí.

My Secret styrkir hjúkrunarfræðinema til hjálparstarfs í Naíróbí í Keníu

Átta hjúkrunarfræðinema á þriðja ári við Háskóla Íslands eru á leiðinni til Naíróbí í Keníu í hjálparstarf.

„Við höfum gengið með þessa hugmynd í höfðinu síðan við byrjuðum í náminu fyrir bráðum þremur árum. Síðasta sumar tókum við endanlega ákvörðun um að fara og hófumst handa við að safna styrkjum fyrir ferðalaginu í haust. Eftir áramót keyptum við síðan flugmiðana út til Naíróbí og þá varð ekki aftur snúið,“ segir Birna Rut Aðalsteinsdóttir, ein átta hjúkrunarfræðinga við Háskóla Íslands sem eru á leiðinni í hjálparstarf í Naíróbí í Keníu í Afríku. Mikið er lagt upp úr verklegu námi í hjúkrunarfræði þannig að dvölin í Naíróbí á eftir að reynast ferðalöngunum vel í námi og starfi.

Að sögn Birnu hafa ýmis fyrirtæki styrkt ferðalag hjúkrunarfræðinamana ýmist fjárhagslega eða með leikföngum og

Mikið er lagt upp úr verklegu námi í hjúkrunarfræði. Dvölin í Naíróbí á því eftir að reynast vel í námi og starfi.

hjúkrunarvörum. „My Secret var eitt af þeim fyrirtækjum sem við báðum um styrk hjá og við fengum fund með Ólafi Sólímanni, framkvæmdastjóra My Secret, og tók hann vel í aðkomu My Secret að verkefninu með því að veita okkur styrk úr styrktarsjóði My Secret,“ segir hún og getur þess að þetta sé þriðja verkefni sem My Secret styrkir frá stofnun sjóðsins í október í fyrra.

„Á fundinum var okkur kynntur bæði engiferdrykkurinn aada og einnig það góða starf sem fer fram hjá My Secret, en fyrirtækið leggur mikla áherslu á að styrkja

góð málefni. Það hefur síðan skilad sér í því að My Secret er núna orðinn okkar stærsti styrktaraðili og munum við fá hluta af tekjum aprílmánaðar af sölu aada-drykkjanna frá My Secret á Íslandi í okkar ferðasjóð.“

Birna getur þess að My Secret framleiði engiferdrykkurinn aada og hópurinn hafi lesið reynslusögur þeirra sem hafa reynt hann. „Drykkurinn hefur hjálpað mörgum sem hafa verið að glíma við vandamál með meltingu, bólgur, gigt og fleira,“ segir hún, en allar upplýsingar um hann er að finna á heimasíðunni www.mysecret.is.

Í apríl segir Birna svo ætlunina að kynna ferðina í samstarfi við My Secret. „Við verðum með borð í völdum verslunum á föstudögum og laugardögum út mánuðinn þar sem fólki gefst tækifæri til að koma og spjalla við okkur og fræðast um ferðina, auk þess sem við munum bjóða fólki upp á blóðþrýstingsmælingu og að smakka engferdrykkurinn aada.“

Innt út í starfið í Naíróbí, segir Birna: „Þar sem við verðum, umlykja borgina svokölluð „slum“. Í þeim ríkir gífurleg fátækt og munum við koma til með að vinna á heilsugæslustöðvum sem þjóna þessum fátækrahverfum. Heilsugæslustöðvunum er haldið gangandi af samtökum sem heita Provide International og er aðbúnaðurinn sem fólkið

þarf að starfa við mjög slæmur, en heilsugæslustöðvarnar þjóna árlega hátt í 100.000 manns. Okkar aðkoma felst fyrst og fremst í því að veita aðhlyningu eftir minniháttar slyss, eftirliti með þunguðum konum og því að veita HIV-forvarnarfræðslu.“

Loks segist Birna þakklát My Secret og öðrum fyrirtækjum og aðilum sem lagt hafa sitt á vogarskálarnar til þess að gera starfið að veruleika. „Þeim sem vilja styrkja okkur er bent á styrktarreiðing okkar en hann er með reikningsnúmer: 0322-13-300277 á kennitölu: 090887-2899.“ Áhugasömum er bent á að hægt verður að fylgjast með undirbúningsferlinu og síðar starfseminni ytra á sérstakri blogg síðu www.hjukrunikenya.blogspot.is.

Reynslusögur



Sólveig upplifir mikinn mun eftir að hafa drukkíð aada um nokkurt skeið.

Líður mikið betur

Sólveig Jóna Jóhannesdóttir finnur á sér mikinn mun eftir að hún fór að drekka aada.

„Ég heyrði viðtal við eiganda My Secret í útvarpinu þegar fyrsti drykkurinn kom á markaðinn og ákvað að prófa. Ég drakk eitt glas að morgni á fastandi maga og annað glas um sjö leytið að kveldi og geri enn. Fyrstu áhrifin voru þau að ég fór að sofa betur, náði að losa mig við allan bjúg og meltingin lagaðist nánast um leið. Þá var ekki aftur snúið.“

Þetta segir Sólveig Jóna Jóhannesdóttir, sem hefur síðan drukkíð aada-drykkurinn að staðalri og líður betur. „Í dag er ég 30 kílóum léttari. Þar sem líkaminn er kominn í meira jafnvægi hef ég náð að losa mig við sykursýki sem ég var búin að borða á mig og hef náð að hætta að reykja líka,“ segir Sólveig sem hefur flösku af aada ávallt við höndina.

„Ég fór til Flórída í febrúar og tók með mér flösku af aada og lét þar af leiðandi allar kökur og sætindi vera. Ég á allt annað líf í dag og get ekki hugsað mér að sleppa því að drekka aada.“

Missir helst ekki úr einn einasta dag

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hjá Gyðju Collection, drekkur aada á hverjum degi.

„Ég byrjaði að drekka yndislega aada-drykkurinn á morgnana fyrir rúmum fjórum mánuðum og nú gæti ég aldrei hugsað mér að vera án hans. Drykkurinn er orðinn algjörlega fastur liður í minni daglegu rútinu,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hönnuður Gyðju Collection, sem drekkur glas af sterkum drykk á hverjum morgni. „Og svo stundum líka eftir hádegði ef mér finnst mig vanta aukaorku,“ bætir hún við.

Sigrún Lilja

hefur upplifað breytingar til hins betra eftir að hún byrjaði að drekka aada. „Ég fann strax gríðarlegan mun á orkunni og átti auðveldara með að vakna á morgnana. Fann að þetta hjálpar manni líka að halda einbeitingu. Þetta er í raun náttúrulegur orkudrykkur og þar sem ég drekk ekki kaffi þá er þetta mitt orkuskot fyrir daginn.“

Hún segir drykkurinn sömuleiðis vera mjög hreinsandi. „Ég finn líka fyrir því hve mikið hann eykur brennsluna hjá manni. Engifer hefur líka verið þekkt fyrir að styrkja ónæmiskerfið og hjálpar drykkurinn mér því við að halda heilsunni góðri.“

Drykkurinn segir hún því veita sér mikla vellíðan enda fari ekki á milli mála ef hún missir dag úr. „Fyrir mér er þetta því kraftaverkadrykkur sem hefur reynst mér ofboðslega vel í því sem ég tek mér fyrir hendur. Ég mæli hiklaust með honum fyrir alla sem vilja auka vellíðan, auka orku, brennslu og öðlast betri heilsu.“

Sigrún Lilja segir aada veita sér mikla vellíðan.



PANASONIC TILBOÐ



1000W HEIMABIÓKERFI MEÐ 3D BLU-RAY

Margviðurkennd myndtækni bæði í 3D og 2D með PHL Reference Chroma Processor Plus tækni skilar hæstu myndgæðum frá Blu-ray og DVD

Hágæða hljóðvinnsla og háþróuð hátalaratækni skilar 7.1 Virtual Cinema Surround hljómgæðum

Með VIERA CAST má nálgast spennandi vefþjónustu ásamt því að stjórna öllu kerfinu á þægilegann hátt gegnum VIERA Link

Innbyggð iPhone/iPod vagger ásamt USB tengi og SD kortaraf veita aðgang að afspilun skrársniða s.s. MP3, WMA, JPEG, MPEG4, MKV, DivX og AVCHD



Panasonic

INNBYGGÐ IPOD VAGGA



Panasonic SCBT350

1000w 5.1 heimabíó með 3D Blu-ray, Digital magnara, iPod/iPhone vögg, FM útvarpi með minnum, 1080p uppskiölun, 7.1 Virtual Cinema Surround, HD 1080p 24fps, P4HD, DTS-HD og Dolby TrueHD, VIERA CAST nettengingu, VIERA Link, Deep Color, x.v.Colour, 2 USB, HDMI ofl.

TILBOÐ **79.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic
ideas for life

Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borganesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetringsa, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupþún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Spærkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosstraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

FULLT VERÐ: 39.950,-
29.950,-

SPARID 10.000

VIOLA svefnsofi
 Flottur og nýfiskulegur svefnsofi með PU áklæði. Þrjár flottir litir: Gulllitaður, silfurlitaður og rauður. Stærð: 180 x H92 x D81 sm.
 Í svefnstöðu: B106 x L180 sm

BORIS skrifborðsstóll
 Flottur skrifborðsstóll með stillanlegu baki og setu. Frábær stuðningur við bakið. Fæst í rauðu/svörtu og bláu/svörtu.

SPARID 2.000

FULLT VERÐ: 7.995,-
5.995,-

ALLT FYRIR *fermingarnar*

TILBOÐIN GILDA 01.04-03.04

VERÐ PR. MTR.
695,-

Velourefni
 Fallegt velourefni. Nokkrir litir fánlegir. Breidd á efni: 150 sm. 100% polyester.

140 X 200 SM.
2.495,-

ALMA flisteppi
 Töf flisteppi með fallegu og sígildu myndri. Stærð: 140 x 200 sm.

140 X 200 SM.
2.995,-

SIRID sængurverasett
 Falleg sængurver í björtum og skemmtilegum litum. Fánleg í bláum lit og grænum lit. Efni: 100% bómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

VERÐ AÐEINS:
2.995,-

Hárblásari
 Neitur og góður hárbásari með 3 hraðastillingum.

KERTI VERÐ FRÁ:
99,-

Allt á veisluborðið
 Eigum mikið úrval af fallegu skreytingaefni fyrir fermin-garveisluna! Kerti, organza efni, skrautfiðrildi, borðar, gerviblóm o.m.fl. Fallegir litir: Lime, fjöluhlátt, turkis og bleikt. Komdu og skoðaðu úrvalið!

140 X 200 SM.
3.995,-

MALIE sængurverasett
 Efni: 50% polyester / 50% bómull. Sængurverasett með rússkinsáferð. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

VERÐ AÐEINS:
1.995,-

KORAL náttloppur
 Mjúkur og flottur náttloppur. Nokkrar stærðir og litir fánlegir.

VERÐ AÐEINS:
2.995,-

Skartgripaskrin
 Huggulegt skartgripaskrin með góðu plássi. Stærð: 15,5 x 15 x 24 sm.


RÚMFATA LAGERINN
 HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**20%
afsláttur
af köstum**

RAFVÖRU MARKAÐURINN

KASTARADAGAR



7.192

Verð áður 8.990



5.592

Verð áður 6.990




7.192

Verð áður 8.990



5.592

Verð áður 6.990



4.392

Verð áður 5.490



4.392

Verð áður 5.490



2.392

Verð áður 2.990



4.392

Verð áður 5.490

2.796

Verð áður 3.495



1.996

Verð áður 2.495

3.196

Verð áður 3.995



6.392

Verð áður 7.990



3.192

Verð áður 3.990



6.392

Verð áður 7.990

10.352

Verð áður 12.940



1.196

Verð áður 1.495

2.396

Verð áður 2.995



4.767

Verð áður 5.959



7.967

Verð áður 9.959



1.596

Verð áður 1.995



3.996

Verð áður 4.995



1.196

Verð áður 1.495



Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16

Sunnud. kl. 12 - 16

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. fiskur, 6. í röð, 8. laus greinir, 9. kúgun, 11. mun, 12. hengingartré, 14. safna saman, 16. í röð, 17. forað, 18. málmur, 20. þys, 21. þitt.

LÓÐRÉTT

1. ílát, 3. íþróttafélag, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. svelg, 7. skái, 10. angan, 13. gifti, 15. gegna, 16. stúlka, 19. guð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. útsi, 6. rs, 8. híd, 9. oki, 11. ku, 12. gágl, 14. smala, 16. mn, 17. fen, 18. eir, 20. ys, 21. yðar.
LÓÐRÉTT: 1. trog, 3. fh, 4. síkiley, 5. íðu, 7. skásníð, 10. ilm, 13. gaf, 15. ansa, 16. mey, 19. ra.

Skyggni og skjólveggir



Íslensk gæðaframleiðsla
Viðhaldsfritt efni
Endalausir möguleikar



Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

„Ég segi já vegna þess að með því að klára þetta mál getum við einbeitt okkur að öðrum verkefnum sem koma okkur áfram í baráttunni gegn atvinnuleysinu.“



Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs

 Já er leiðin áfram!

www.afram.is Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirbyggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfböðvinnu fjölda fólks.

Finnnum meiri peninga!

BAKPANKAR
Þórunnar
Elisabetar
Bogadóttur

Venjulegum borgarbúum hlýtur að þykja upp til hópa afskaplega ein-kennilegt hvernig batterí eins og Orkuveita Reykjavíkur getur nánast farið á hliðina. Hlutverk hennar hljómar svo einfalt og eins og ekki sé hægt að klúðra því, jafnvel þó að heilt bankahrún hafi haft sitt að segja.

PESSIR sömu borgarbúar hafa þó líklega lært fyrir einhverju síðan að þegar kemur að borgarmálunum er allt mögulegt. Og þá á ég ekki við síðustu kosningar og það sem þeim hefur fylgt heldur það sem á undan gekk. Fjórir meirihlutar og jafn margir borgarstjórar á einu ári með öllu því rugli sem tilheyrði verður vonandi ekki leikið eftir á næstunni.

ÆTLI það sé ekki meðal annars vandræðastaða Orkuveitunnar sem nú bitnar á okkur öllum á ýmsum öðrum vígstöðum. Ó ætli það ekki.

NIÐURSKURÐUR í grunnskólum er eitt þessara atriða og nú er að koma í ljós hvernig niðurskurðurinn

hefur áhrif á skólastarfið. Þroskaþjálfum og öðru fólki sem ætlað er að aðstoða þá nemendur sem þurfa hvað mest á því að halda verður til dæmis sagt upp. Ekki öllum, en einhverjum. Þessar ráðstafanir koma niður á öllum börnunum og kennurum þeirra. Fleiri börn verða afskipt, það verður ekki mögulegt að sinna þeim sem skyldi. Þetta gerist á sama tíma og mikil umræða fer fram um skóla án aðgreiningar hér á landi.

BEKKIR verða sameinaðir, vegna þess að kennurum verður líka sagt upp. Það þýðir að fleiri nemendur verða í bekkjunum, og af því að ekki er aukin aðstoð við þau börn sem á þurfa að halda verður álagið á börnunum og kennurum enn meira. Svo þegar kennarar og starfsfólk, sem verður þreyttara af því að börnin eru fleiri og aðstoðin minni, kemur á kennarastofur í frímínútur getur það ekki einu sinni fengið sér kaffi til að hressa sig við lengur – kaffivélar eru nefnilega of mikill lúxus í niðurskornum grunnskólum.

UNDARLEGT nokk þá fundust peningar í sjóðum til að bjarga Orkuveitunni frá falli. Það hljóta þá að finnast í leiðinni peningar til að bjarga leikskólum, grunnskólum og tónlistarskólum, er það ekki alveg örugglega?

myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Overli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

■ Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

Krakkavörur

á barnalega lágu verði

Síðerma peysa
„Music and rock“
1.499



Leggings
m. fiórildi
999

Hello Kitty bolur
1.299



Strigaskór
2.999

Barnaúlpa
3.499

Einnig úrval af strákaúlpum



Gallabuxur
2 fyrir 1 **999**

Smekkir

999

7 saman í pakka



Horsuga

299



Snuð

2 stk. **299**



Lúsakambur

199



Smáskæri

299



Barnahandklæði

1.499

Pelar

299

Alls kyns litir og stærðir



Mexíkóhattar

2 stk. **199**



Hagkaup Skeifunni

Cafe Milano

GULA HÚSIÐ

Okkur í GULA HÚSINU er mikið í mun að viðskiptavinir okkar séu ánægðir með þá upplifun sem þeir eiga þegar þeir versla hjá okkur. VERÐVERND tryggir alltaf lægsta verð. Í GULA HÚSINU kaupir þú vöruna á betra verði en hjá samkeppnisaðilum okkar!

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

„Þegar enginn góður kostur er í stöðunni, velur maður þann skásta. Hvað sem við gerum, verðum við fyrir tjóni. Að mínu mati er áhættan sem fylgir því að samþykkja samninginn miklum mun minni en að gera það ekki.“



Gunnar Svavarsson, viðskiptafræðingur



Já er leiðin áfram!

www.afram.is Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirbyggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfböðavinnu fjölda fólks.



DANSTVÍEYKI Brian og Steinunn Ketilsdóttir frumsýna nýtt dansverk í Tjarnarbíói í kvöld.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

VILJUM KOMA Á ÓVART

Í kvöld verða tvö ný íslensk dansverk frumsýnd í Tjarnarbíói. Dansflokkurinn Darí Darí Dance Company frumsýnir verkið „Gibbla“ og danstvíeykið Steinunn og Brian sýna verkið „Steinunn and Brian DO; How to be Original“.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja mikið um verkið okkar, við viljum eiginlega koma á óvart,“ segir Steinunn Ketilsdóttir danshöfundur og annar höfundur verksins „Steinunn and Brian DO; How to be Original“ sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói í kvöld. „En eins og nafn verksins gefur til kynna þá erum við að velta fyrir okkur frumleika. Og eins og í fyrri verkum okkur þá erum við

að vinna með dans og texta saman,“ bætir Steinunn við. Íslenskir dansáhorfendur fengu nýverið að njóta verksins Heilabrot eftir Steinunni og Brian í flutningi Íslenska dansflokksins á sýningu þeirra Sinnum þrjú en nýja verkið þeirra er hið fimmta sem þau semja saman.

„Við Brian kynntumst í námi í New York árið 2005 og dönsuðum saman þá. Tveimur árum síðar unnum við svo okkar fyrsta dúett saman. Hann fékk góð viðbrögð og við höfum unnið saman að nokkrum verkum síðan,“ segir Steinunn.

Verk Brians og Steinunnar hafa unnið til fjölda verðlauna og verið sýnd víða. Á þessu ári stendur til hjá þeim að sýna verk sín í Eistlandi, á Ítalíu og í Svíþjóð.

Auk Steinunnar og Brians verður dansflokkurinn Darí Darí Dance Company á sviðinu í Tjarnarbíói í

kvöld en hann mun sýna verkið „Gibbla“. Dansflokkurinn er skipaður þremur dönsurum, Guðrúnu Óskarsdóttur, Ingu Maren Rúnarsdóttur og Kötlu Þórarinsdóttur en verkið Gibbla er hið fjórða sem flokkurinn setur upp. Það er „afrakstur samstarfs sjö listamanna úr mismunandi greinum þar sem dans, tónlist og kvikmyndagerð fléttast saman og mynda eina samræmda heild“ eins og segir í fréttatilkynningu. Fyrri verk flokksins hafa verið sýnd á erlendum danshátíðum.

Sýningin hefst klukkan átta með verkinu Gibbla og eftir stutt hlé taka Steinunn og Brian við klukkann ný. Alls verða fjórar sýningar á dansverkunum, í kvöld, sunnudaginn 3. apríl, miðvikudaginn 6. apríl og sunnudaginn 10. apríl.

sigridur@frettabladid.is

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is	Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is	Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is
--	---	---

Bækur ★★★

Brothætt
Jodi Picoult. Þýðing: Ásdís Guðnadóttir

JPV-útgáfa

Óréttmæt fæðing er óhugnanlegt lögfræðilegt hugtak, sem hljómar enn verr á amerískunni þar sem talað er um „wrongful birth“, og felur í sér að foreldrar fatlaðra barna sækja lækna sína til saka fyrir að hafa ekki veitt nægar upplýsingar um ástand fósturs til þess að foreldrarri ættu það val að eyða því og losna þar með við þá andlegu og fjárhagslegu erfiðleika sem uppeldi slíkra barna útheimtir.

Brothætt eftir Jodi Picoult fjallar um slíkan málarekstur, en hún hefur gert það að sérgrein sinni að velta upp síðfræðilegum og lögfræðilegum álitamálum í skáldsögum sínum eins og lesendur sögunnar Á ég að gæta systur minnar? þekkja. Í Brothætt lýsir hún málarekstri foreldra stúlku með beinstökkva gegn fæðingarlækninum, sem til að gera málið enn flóknara og tilfinningaþrungnara er jafnframt besta vinkona móðurinnar.

Sagan er til skiptis sögð út frá sjónarhorni móðurinnar, föðurins, eldri systurinnar, fæðingarlæknisins og lögfræðingsins sem rekur málið fyrir foreldrana. Eins og gefur að skilja eru miklar og sveiflukenndar tilfinningar í spilu og Picoult tekst frábærlega vel að setja á svið þann tilfinningarússibana sem allir hlutaðeigandi lenda í. Tilfinningaklámið gengur reyndar úr hófi fram á köflum, einkum í síðari hluta sögunnar, og hefði að ósekju mátt slá léttar á þá strengi. Engu að síður er hér á ferðinni áhrifamikil og krefjandi saga um efni sem lesandinn kemst ekki hjá að taka afstöðu til.

Hver hefur rétt til þess að ákveða hver má fæðast og hver ekki? Er réttlæt看legt að leggja fjölskyldur í rúst fyrir hagsmuni veikasta fjölskyldumeðlimsins? Hvar drögum við mörkin ef það er sjálfsagt og eðlilegt að koma í veg fyrir fæðingu barna sem ekki eru eins og meðaltalið? Spurningarnar hrannast upp við lesturinn en höfundur gefur engin svör heldur lætur lesandanum það eftir að taka eigin afstöðu.

Jodi Picoult kann þá list að segja sögu, byggja upp hægt og hægt, gefa hæfilega mikið í skyn og halda lesandanum við efnið. Persónur hennar eru af holdi og blóði og auðvelt að finna samsvaranir við þær í raunveruleikanum, sem auðvitað togar lesandanum enn lengra inn í sögu þeirra. Kaflarnir um réttarhöldin verða þó ansi langdregnir og töluverð þétting hefði verið til bóta. Sömuleiðis eru eilífar kokuuppskriftir, sem notaðar eru sem allegoría um lífið, hvítleiðar og bæta engu við söguna.

Þýðing Ásdísar Guðnadóttur rennur ágætlega, þótt ekki sé tilþrífum fyrir að fara í máli og stíl.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Áhrifamikil og krefjandi skáldsaga um efni sem lesandinn kemst ekki hjá að taka afstöðu til.

REPUBLIC OF **Fritz Hansen**[®]

Skemillinn
fylgir frítt með
ef þú kaupir Egg
Arne Jacobsen
fyrir 1. maí

PáskaEgg

EGGID
HÖNNUÐUR: ARNE JACOBSEN

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Herbergi 606 í Epal

Árið 1960 hannaði Arne Jacobsen SAS hótelið í Kaupmannahöfn, öll húsgögn og innanstokksmuni. Þrátt fyrir ýmsar breytingar á hótelinu hefur einu herbergi verið haldið óbreyttu, herbergi 606. Herbergi 606 er eitt eftirsóttasta hótelerbergi í heimi og nú verður það sett upp til sýnis í verslun okkar, Skeifunni 6.





MÓTETTUKÓRINN Hörður Áskelsson stjórnar kórnum á þrennum tónleikum um helgina í Hallgrímskirkju og í Hofi á Akureyri.

Mótettukórinn flytur Jóhannesarpassíuna

Mótettukór Hallgrímskirkju flytur Jóhannesarpassíuna eftir Johann Sebastian Bach á þrennum tónleikum um næstu helgi. Þetta er í þriðja sinn sem Mótettukórinn flytur Jóhannesarpassíuna en kórnum til halds og trausts verður Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag.

Einsöngvarar á tónleikunum eru allir af yngri kynslóðinni. Benedikt Kristjánsson túlkar guðspjallamanninn ins, auk þess að syngja tenórariur verksins. Andri Björn Róbertsson bassarítón túlkar Jesú. Auk þeirra syngja

einsöng Þóra Einarsdóttir sópran, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran og Ágúst Ólafsson barítón.

Jóhannesarpassían verður flutt í Hallgrímskirkju annað kvöld klukkan 20 og á laugardag klukkan 17. Verkið verður flutt í Hofi á Akureyri sunnudaginn 3. apríl klukkan 17. Tónleikarnir á Akureyri eru haldnir í tilefni af því að 5. apríl verða 100 ár liðin frá fæðingu Áskels Jónssonar, föður Harðar Áskelssonar, stjórnanda Mótettukórsins.



LA FURA DELS BAUS Spænski fjöllistahópurinn, sem tók meðal annars þátt í opunarhátíð Ólympíuleikanna í Barcelona, verður með útiatriði í miðborginni um opunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík.

Talið niður í Listahátíð

Á fimmta hundrað erlendra og innlendra listamanna taka þátt í Listahátíð í Reykjavík í ár. Dans og söngur verða áberandi á dagskrá hátíðarinnar, sem var kynnt í gær.

Listahátíð í Reykjavík verður haldin í 25. sinn dagana 20. maí til 5. júní næstkomandi. Heildardagskrá hátíðarinnar var kynnt í gær og notaði Hrefna Haraldsdóttir, stjórnandi, hátíðarinnar, tækifærið til að greina frá helstu viðburðum og áherslum Listahátíðar í ár.

Einkennismynd hátíðarinnar er af spænska fjöllistahópnum La Fura dels Baus, sem er þekktur fyrir mikilfengleg sjónarspil og tók meðal annars þátt í opunaratriði Ólympíuleikanna í Barcelona 1992. Um opunarhelgina sýnir hópurinn stórt útiatriði sem fer fram í háloftunum, allt í sjötíu metra hæð frá jörðu.

Leikið í öllum söllum Hörpu

Að sögn Hrefnu setur opnun Hörpu einnig sterkan svip á dagskrá hátíðarinnar; sjö tónleikar fara fram í öllum söllum tónlistarhússins. Þar má helst nefna tónleika þýska óperusöngvarans Jonasar Kaufman og Sinfóníuhljómsveitar Íslands 21. maí og bandarísku sópransöngkonunnar Barböru Bonney 1. júní. Uppselt er á tónleika Kaufmans.

Af öðrum tónlistaratriðum í Hörpu má nefna flutning Karla-



HEFNA HARALDSDÓTTIR Stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík segir sífellt yngri áhorfendur sækja viðburði hátíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

kórsins Fóstbræðra á nýju verki eftir Högn Egilsson og Davíð Þór Jónsson, stefnumót þeirra Ólafar Arnalds og Skúla Sverrissonar og tónleika spænsku gleðisveitarinnar Ojos de brujo.

Í Tjarnarbíói ætlar Tómas R. Einarsson að frumflytja nýtt, persónulegt verk og konungur Afróbítsins, Tony Allen, heldur tónleika ásamt stórsveit Samúels J. Samúelssonar.

Fjölbreytt sviðsverk

Sjö ný íslensk dansverk verða flutt á Listahátíð í ár, eitt eftir Ernu Ómarsdóttur og annað sem nefnist Sex þör; þar sem sex þör tónskálda og danshöfunda flytja dans- og tónverk sem þau hafa samið í sameiningu. Slóvaski karladansflokkurinn Les Slovaks sýnir galsafullan þjóðdans í Borgarleikhúsinu en í Þjóðleikhúsinu setur kínverski dansflokkurinn Beijing Dance Theatre upp sýningu sem tekst á við umhverfis- og efnahagskreppu heimsins.

Mörg leikhúsværk fara á fjarirnar á hátíðinni ár, ófá tilraunakennd, þar á meðal Big Wheel Café frá Danmörku úr smíðju Kristjáns Ingimarssonar og Neander-leikhúss hans. Í Subtales gera leikkonur frá öllum Norðurlöndunum tilraunir með kynhlutverk en í Klúbbnum koma saman í einn karlklúbb fulltrúar ýmissa listgreina og reyna að fanga kjarna listarinnar.

Myndlist og bókmenntir

Í Listasafni Íslands verður boðið upp á sýningu á verkum franskbandarísku listakonunnar Louise

Bourgeois. Sjónarmið – á mótum myndlistar og heimspeki nefnist sýning í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur með þátttöku fjölda íslenskra listamanna. Harpa Árnadóttir heldur sýningu á Listasafni ASÍ og danski myndlistarmaðurinn og ljóðskáldið Claus Carstensen sýnir í Kling og Bang.

Af bókmenntaviðburðum ber án efa hæst komu franska rithöfundarinnar Michel Houellebecq, sem ræðir verk sín í Norræna húsinu 25. maí. Þá opna þjóðþekktir rithöfundar heimili sín fyrir gestum og bjóða upp á húslæstra.

Allir geti sótt Listahátíð

Hrefna segir að kappkostað hafi verið að stilla miðaverði á hátíðina í hóf; 2.900 krónur séu algengt miðaverð á stærri viðburði og 1.000 til 1.500 krónur á smærri viðburði, auk fjölda ókeypis viðburða.

„Allir eiga að geta komið á Listahátíð,“ segir hún, „og þess vegna reynum við að hafa miðaverðið eins hagstætt og hægt er.“ Ein af afleiðingum þessa sé að sífellt yngra fólk sækji hátíðina. „Við finnum fyrir því að yngra fólk sækir viðburði á vegum Listahátíðar í auknum mæli. Við viljum líka gera fólk á landsbyggðinni kleift að koma á hátíðina og því ætlar Flugfélag Íslands að bjóða borgarferðir á Listahátíð á sérstökum kjörum.“

Nánari upplýsingar um dagskrá Listahátíðar í Reykjavík má finna á vef hátíðarinnar sem var opnaður í gær, listahatid.is

bergsteinn@frettabladid.is

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1984

Útsalan er í fullum gangi

-60%

Andersen & Lauth Herraverslun
Laugavegi 7

TJARNARBIÓ
2. APRÍL

Söngleikja stund
með Margréti Eir
Perlur söngleikjanna í tali og tónum

13. APRÍL

Daníel Ágúst
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Mibásalan er opin alla virka daga frá kl.13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBIÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

L' O R É A L PARIS

DERMO-EXPERTISE

L'ORÉAL húðdagar

20% afsláttur af öllum

L'Oréal húðkremum og hreinsilinum
í verslunum Hagkaups dagana 1.-4. apríl.




VEGLEGUR
COLLAGEN FILLER
KAUPAUKI

Ef þú verslar fyrir meira en 5.900 kr.
færðu kaupauka að andvirði 4.399 kr.*



*Á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



2 barnabörn eru á leiðinni í mjúkan faðm auðkýfingsins Donalds Trump. Dóttir hans Ivanka og sonurinn Donald yngri eiga bæði von á barni.

Alvarlegt samband



ALDURSMUNURINN ER 24 ÁR Scarlett Johansson og Sean Penn mættu saman í brúðkaup leikkonunnar Reese Witherspoon.

NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan Scarlett Johansson mætti með Sean Penn upp á arminn í brúðkaup Reese Witherspoon og Jim Toth í síðustu viku og þykir það sanna að parið sé sannarlega miklu meira en aðeins vinir.

„Scarlett er kúnni Jim og þess vegna var hún í brúðkaupinu. Engan grunaði að hún mundi taka Sean með sér. Þetta er stórt skref af þeirra hálfu og sýnir Hollywood-fólkinu að samband þeirra er orðið alvarlegt,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Penn og Johansson sáust fyrst saman í frumsýningarpartíi kvikmyndarinnar Black Swan og í mars voru fluttar fréttir af því að þau hefðu eytt heilum degi saman í Mexíkó. Bæði eru Penn og Johansson til-
tölulega nýskilin við maka sína.



TIL ÍSLANDS Í FYRSTA SINN Ghostface Killah heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi á laugardaginn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Djammið og dömurnar heilla

Ghostface Killah, meðlimur Wu-Tang Clan, heldur tónleika á Nasa á laugardagskvöld. Hann er einhleypur og hlakkar til að kynna næturlífínu í Reykjavík.

UPPHAFLEGIR MEÐLIMIR WU-TANG CLAN

Meðlimir rappsveitarinnar Wu-Tang Clan voru upphaflega níu talsins, eða forsprakinn RZA, Method Man, Ghostface Killah, GZA, Raekwon, Inspectah Deck, U-God, Masta Killa og Ol' Dirty Bastard. Sá síðastnefndi lést út of stórum eiturfjaskammti árið 2004 og eru þeir því átta í dag. Æskuvinur þeirra Cappadonna hefur einnig aðstoðað þá og er stundum sagður einn af meðlimum hljómsveitarinnar.

Bandaríski rapparinn Ghostface Killah stígur á svið á Nasa á laugardagskvöld á tiskuhátíðinni Reykjavík Fashion Festival. Hann er klár í slaginn og ávarpar blaðamann eins og sönnum rappara sæmir: „Yo, wassup! Any Iceland dogs out there?“

Herra Ghostface hlakkar mikið til Íslandsfararinnar: „Ég hef aldrei komið þangað áður. Hvernig staður er þetta? Er góður matur þarna?“ Sjálfur segist hann ekki eiga neinn uppáhaldsmat: „Ég er hættur að borða ýmsar tegundir af mat. Ég vona bara að þegar við komum verði þið með eitthvað gott handa okkur,“ segir hann og vísar í breytt mataræði vegna sykursýki sem hann greindist með árið 1996. Hún hefur vita-skuld haft áhrif á hans daglega líf. „Maður getur ekki gert sumt af því sem maður gerði áður. Maður verður að fara varlega.“

Ghostface Killah heitir réttu nafni Dennis Coles og fæddist árið 1970. Hann ólst upp á Staten Island í New York og steig fyrst fram á sjónarsviðið á fyrstu plötu rappsveitarinnar Wu-Tang Clan, hinni vinsælu Enter the Wu-Tang (36 Chambers) sem kom út 1993. Wu-Tang Clan er ein áhrifamesta rappsveit sögunnar og hefur gefið út fimm plötur, þá síðustu fyrir fjórum árum. Liðsmenn sveitarinnar, sem upphaflega voru níu talsins, hafa einnig gefið út fjölda

sólóplata, þar á meðal Ghostface sem hefur sent frá sér níu stykki.

Hann er þekktur fyrir hratt og hnitmiðað rímnaflæði sitt og hefur verið duglegur við að nota búta úr eldri lögum á farsælum ferli sínum. Aðspurður segir hann engan sérstakan tónlistarmann vera í uppáhaldi hjá sér. „Þeir eru eiginlega margir. Það eru samt ekki þessir nýju gaurar

1 Fyrsta plata Ghostface Killah, Ironman, hefur selst í einni milljón eintaka í Bandaríkjunum.

heldur meira þessir frá því í gamla daga,“ segir hann. Innblásturinn fyrir lagasmíðum sínum og textagerð fær hann úr lífinu sjálfu. „Við upplifum alls konar kringumstæður og göngum í gegnum mismunandi hluti í lífinu. Maður tekur þessa hluti sem maður sér og það sem maður heyrir um og býr til setningar úr þessum aðstæðum,“ greinir hann frá. „Síðan tengir maður þetta auðvitað við tónlistina. Minn innblástur kemur úr lífinu sjálfu og hversu erfitt það getur verið. Ég gæti ekki skrifað þessa texta án þess að hafa upplifad alls konar hluti eða heyrt af því sem aðrir hafa gengið í gegnum.“

Ghostface er að undirbúa nýja plötu með D-Block sem kemur út

síðar á þessu ári. Sjötta plata Wu-Tang Clan er þó ekki á teiknaborðinu alveg strax. „Það eru margar plötur á leiðinni, maður verður bara að gripa þær. Sumir [úr Wu-Tang] eru tilbúnir með plötur eins og Masta Killa og Genius (GZA) og Raekwon er nýbúinn að gefa út. Sumir eru líka að vinna í bíómyndum þannig að það eru allir mjög uppteknir. Við gerum hlutina skref fyrir skref og sjáum svo til hvað gerist í framtíðinni.“

Aðspurður segist hann sakna þess að hanga með félögum sínum í Wu-Tang eins og í gamla daga. „Mér finnst frábært að vera með þeim en við erum orðnir eldri núna og erum ekki eins mikið saman og þegar við vorum að byrja. Menn eru líka með fjölskyldur og ýmislegt þannig. Ég sakna þess samt alltaf að búa til tónlist með þeim og fara í tónleikaferðir því þar er uppruni okkar.“

Ghostface er einhleypur og langar að kynna næturlífínu í Reykjavík og dömumum sem þar eru á hverju strái. Einnig vonast hann til að skoða sig um á landinu ef hann hefur tíma til þess. Enginn úr Wu-Tang Clan verður með honum á sviðinu á Nasa en samt sem áður lofar Ghostface kröftugum og flottum tónleikum. „Ég skora á fólk að mæta á tónleikana og sjá okkur. Við skulum skemma okkur vel saman á Íslandi.“

freyr@frettabladid.is

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1984

Fallegir kjólar
fyrir
fermingar...



Andersen & Lauth Dömuverslun
Laugavegi 7



Britney Spears kærð

Fyrirtækið Brand Sense Partners hefur kært Britney Spears og Jamie, föður hennar, fyrir samningsbrot.

Fyrirtækið sá um að semja við snyrtivörurinn Elizabeth Arden árið 2004 fyrir hönd Spears-feðginana. Elizabeth Arden þróaði ilmlínu Spears, sem hefur malað gull fyrir söngkonuna. Spears-feðginin gleyfdu að borga Brand Sense Partners

umboðslaun, samkvæmt kærufyrirtækisins, sem krefst þess að fá tíu milljónir dala í skaðabætur.

Samkvæmt Brand Sense Partners fór Britney fram á að fá öll laun fyrir ilmverkefnið inn á eigin reikning og hundsáði þar með umboðsgreiðslu upp á 35 prósent. Þá eiga Britney og Jamie Spears að hafa gert sersamning við Elizabeth Arden til að sleppa við að borga tíðrædd umboðslaun.

ÚLFÚR Í SAUÐARGÆRU Britney Spears er ekki heiðarleg í viðskiptum samkvæmt Brand Sense Partners.

VORDAGAR

Regatta 
GREAT OUTDOORS™

50-80% AFSL.

AF NÝJUM VÖRUM

Í NOKKRA DAGA

OPIÐ

VIRKA DAGA 11 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST
*verslun
heildverslun* **&SPORT**

Faxafen 12 S. 533-1550.

Tvær myndir um Þyrnirós í bígerð

Hailee Steinfeld, sem sló eftirminni-lega í gegn í Coen-vestranum True Grit, hefur verið ráðin til að leika Þyrnirós í nýrri Hollywood-kvikmynd. Ekki er búið að ráða leikstjóra myndarinnar en búast má við því að myndin verði fokdýr og stefnt verði að því að setja aðsóknarmet. Samkvæmt fyrstu fréttum segir myndin frá því þegar Þyrnirós er flutt yfir í furðulegan heim drauma sem vonða stjúpan stendur fyrir.

Þessi Þyrnirósar-útgáfa er ekki sú eina sem er í smíðum í draumaverk-smíðjunni því Tim Burton hyggst gera sína eigin útgáfu af þessu fræga ævin-

týri. Eins og við mátti búast þá er Þyrnirósar-útgáfan hans ekki alveg samkvæmt bókinni því hann hyggst einbeita sér að sögu stjúpunnar. Samkvæmt netmiðlum er búist fastlega við því að Angelina Jolie leiki hana en leikkonan hefur lýst því yfir að hún hafi alltaf verið mikill aðdáandi stjúpunnar. „Og að fá að leika undir stjórn Burtons væri náttúrulega bara frábært.“



ÞYRNIRÓS OG STJÚPAN Hailee Steinfeld leikur Þyrnirós í nýrri Hollywood-kvikmynd. Tim Burton er líka að gera kvikmynd um Þyrnirós en hann langar að beina sjónum sínum að sögu stjúpunnar. Og þá myndi Angelina Jolie leika hana.

Sænskir blaðamenn bítast um hlutverk

Fréttamenn sænska ríkissjónvarpsins bítast nú innbyrðis um lítið aukahlutverk í amerísku útgáfunni af Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson. Um 100 blaðamenn SVT sóttu um að komast á hvíta tjald-ið og láta ljós sitt skína en aðstandendur myndarinnar bjuggust ekki við svo góðum viðtökum.

Tökum lýkur senn í Stokkhólmi en mikil leynd



ROONEY MARA

er yfir þeim og hefur leikaraliðið, Daniel Craig, Robin Wright og Stellan Skarsgård, farið hulu höfði. Hin lítt þekkt leikkona Rooney Mara sem fer með hlutverk tölvuhakkarans Lisbeth Salander sást þó spóka sig nýverið í sænsku vörðslunni svarthærð, fól og flúruð. Frumsýning er áætluð í desember á þessu ári.

Sýndu lit í sumar

Vorum að taka upp nýja sendingu í verslun okkar í Austurhrauni. Litríkt úrval af flottum bolum frá Casall svo þú getir notið þín við æfingar eða úti í góða veðrinu.

Casall-drykkjarbrúsi fylgir í kaupbæti ef þú kaupir fyrir meira en 5.000 krónur.

casall®

*Tribodía gildir bara í Austurhrauni



ERFIÐIR TÍMAR Síðustu mánuðir hafa verið erfiðir hjá bresku söngkonunni Lily Allen en það rifjar hún upp í heimildarmynd um sjálfa sig sem sýnd var í Bretlandi á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Var nær dauða en lífi

Breska söngkonan Lily Allen hefur nú tjáð sig um veikindi sín, en hún missti fóstur í nóvember í fyrra sökum blóðeitrunar. Í heimildarmynd sem gerð var um söngkonuna segist hún hafa legið á milli heims og helju vegna veikindanna. „Það var tvísýnt í nokkra daga um líf mitt en sem betur fer á ég góða að og lít lífið allt öðrum augum núna.“

Söngkonan hefur átt erfitt með barneignir og missti einnig fóstur árið 2007. Allen hefur látið hafa það eftir sér að stærsti draumur hennar sé að verða mamma og að hún ætli sér að reyna aftur á þessu ári.

Murray sem Roosevelt

Leikarinn Bill Murray ætlar að túlka 32. forseta Bandaríkjanna, Franklin Delano Roosevelt, í nýrri kvikmynd sem er í bígerð.

Myndin er byggð á breska útvarpsleikritinu Hyde Park on the Hudson. Hún gerist árið 1939 og fjallar um umdeilt samband Roosevelts við frænku sína Margaret Stuckley meðan á fyrstu heimsókn bresku kongshjónanna til Bandaríkjanna stóð.

Leikstjóri myndarinnar verður Robert Michell, sem hefur áður sent frá sér gamanmyndina Notting Hill.



LEIKUR ROOSEVELT Bill Murray ætlar að túlka Franklin D. Roosevelt í nýrri kvikmynd.

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805



Verð: 7.990 kr.



Verð: 7.990 kr.



Verð: 9.990 kr.



Verð: 7.990 kr.



Kaupauki

Fór í alþjóðlegar vinnubúðir til Búdapest

„Ég fékk mjög mikið út úr þessari ferð og tek mikinn lærdóm með mér aftur heim.“ segir Frosti Jón „Gringo“ Runólfsson kvikmyndagerðamaður en hann er nýkominn til landsins eftir átta daga dvöl í alþjóðlegum vinnubúðum kvikmyndagerðarmanna í Búdapest, sem nefnast Moving Districts.

Frosta var boðið út ásamt fjórum Íslendingum, þeim Ágústu Jóhannesezdóttur, Antoni Mána Svanssoni og Gunnari Auðuni Jóhannssyni, en Frosti er nemandi í Kvikmyndaskólanum og hefur heimildarmyndirnar Mínus og Meinvill í myrkrinu á ferilskrá sinni.

Moving Districts er á vegum listamanna í Búdapest sem vilja láta reyna

á alþjóðlega samvinnu í kvikmyndagerð en þetta er í annað skipti sem vinnubúðirnar voru haldnar. Öllum þátttakendum var skipt í hópa og gert að setja saman eina stuttmynd. „Okkar stuttmynd var um sannsögulegan harmleik sem átti sér stað í bænum og því áhugavert að vinna rannsóknarvinnuna á bak við myndina sjálfa. Ég kynntist fullt af góðu fólki og myndaði sambönd sem eiga eflaust eftir að nýtast í framtíðinni. Stuttmyndin sem kom út úr þessu verkefni var ekki endilega tilgangur ferðarinnar heldur lærði ég svo margt annað nýtsamlegt í sambandi við kvikmyndagerð.“

Skilyrði til að komast inn á Moving

Districts var að koma með stuttmynd um íslenskan listamann, en Frosti hefur undanfarið verið að vinna að heimildarmynd um íslensku listakona Gabrielu Friðriksdóttur og fannst því tilvalið að sýna myndina. „Ég fékk mjög góðar viðtökur við henni og stefni nú á að sýna hana ásamt nýjustu afurð minni, myndinni Hudas Hudas, á Skjaldborg í sumar.“

- áþ

NAUT SÍN Í BÚDAPEST Frosta „Gringo“ Runólfssyni var boðið í samvinnuverkefni kvikmyndagerðarmanna í Búdapest ásamt fjórum öðrum Íslendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HRINGLAUS Vilhjálmur Bretaprins vill ekki ganga með giftingarhring. NORDICPHOTOS/GETTY

Hringlaus Bretaprins

Nú styttist óðum í hið konunglega brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton. Tímaritið People hefur þó heimildir fyrir því að hinn tilvonandi brúðgumi neiti að bera hring á fingri.

„Það verður aðeins smíðaður einn hringur að ósk brúðhjónanna tilvonandi. Fröken Middleton fær sérsmíðaðan hring úr velsku gulli en prinsinn verður hringlaus.“ sagði talsmaður konungshallarinnar. Tímaritið greinir þó ekki frá því hver ástæða hringleysisins er.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 1. apríl 2011

→ Tónleikar

18.00 Sigríður Lárusdóttir heldur tónleika í Hásohlum í kvöld kl. 18. Tónleikarnir eru liður í framhaldsprófi Sigríðar í einsöng frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

21.00 Tónlistarmaðurinn Mugison spilar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum kl. 21 í kvöld. Húsið opnar kl. 19. Takmarkaður sætafjöldi. Ekkert aldurstakmark en miðaverð er 1500 kr.

22.00 Hljómsveitin **Lame Dudes** fagnar fimm ára afmæli sínu með tónleikum á Bar 46 í kvöld kl. 22. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

23.00 Í kvöld hefst ný tónleikaröð á Faktorý í boði Monitor og Tuborg. Í kvöld koma fram hljómsveitirnar **Agent Fresco**, **Reason to Believe** og **The Vintage Caravan**. Húsið opnar kl. 22 og hefjast tónleikarnir kl. 23. Frítt inn.

23.00 Hljómsveitin **Stóns** heldur tónleika á **Sóðómu** í kvöld kl. 23. Leikin verða lög sem spanna 40 ára feril hinnar merku hljómsveitar, **The Rolling Stones**. Miðaverð er 1500 kr.

→ Hátíðir

20.30 Vinjettuhátíð á Suðureyri fer fram í **Talisman** kl. 20.30 í kvöld. Um tónlist annast Auður Birna Guðnadóttir söngkona við gítarundirleik. Ármann Reynisson les ásamt fleirum.

→ Myndlist

14.00 Óli Róbert Hediddeche opnar málverkasýninguna **Fjörtíu og fjögurþúsund fjögurhundruð fjörtíu og fjórar og sleppum aurunum** í gallerí Auga fyrir Auga í dag kl. 14. Sýningin verður opin allar helgar í apríl á milli kl. 14 og kl. 18.

16.00 Sýning myndlistarkonunnar **Auðar Vésteinsdóttur**, VIÐMIÐ, opnar í Listasal Mosfellsbæjar í dag kl. 16. Á sýningunni eru ný collage-verk. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

VERSLUNIN OPNAR
1. APRÍL
KL. 10.00

Í dag föstudag og á morgun fylgja sólgleraugu og stuttermabolur frítt með öllum keyptum gallabuxum.

Herra

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400

Góðir gestir á frumsýningu

Gamanmyndin Kurteist fólk í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar var frumsýnd í Laugarásbíói á miðvikudagskvöld. Góðir gestir mættu á sýninguna, sem heppnaðist einkar vel.



ÞRÍJÁR HRESSAR Leikkonurnar Nanna Kristín Magnúsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir voru hressar á frumsýningunni.



Spaugstofumaðurinn Karl Ágúst Úlfsson mætti á sýninguna með dætrum sínum Brynhildi og Álfheiði.



Rapparamirnir Ómar Örn Hauksson og Erpur Eyvindarson fengu sér popp og kók.



Ágústa Eva Erlendsdóttir ásamt kærasta sínum Jóni Viðari Arnþórssyni (lengst til vinstri), móður sinni Sigurðisi Sveinsdóttur og Práni Kolbeinssyni.



Rithöfundurinn Sigtryggur Magnason og Svandís Dóra Einarsdóttir voru á meðal gesta.

Framleiðandinn Kristín Andrea Þórðardóttir, leikstjórinn Ólafur Jóhannesson, handritshöfundurinn Hrafnkell Stefánsson og Jóhann G. Jóhannsson, leikari og meðframleiðandi.

Blessuð sértu sveitin mín

Kvikmyndir ★★★

Kurteist fólk
Leikstjóri: Ólafur Jóhannesson

Aðalhlutverk: Stefán Karl Stefánsson, Eggert Þorleifsson og Hilmir Snær Guðnason.

Verkfræðingur (Stefán Karl Stefánsson) í tilvistarkreppu flytur vestur í Búðardal, þangað sem hann á ættir að rekja, til að koma sláturhúsi staðarins í gang. Sú tilraun á þó eftir að reynast þrautin þyngri þar sem ekki er öllum jafn gefið um þennan björgunarleiðangur.

Kurteist fólk gerir grín að „besservisserum“ úr borginni sem þykjast ætla að bjarga landsbyggðinni frá sjálfri sér, þar búa líka eintómur aumingjar eins og einn leyfir sér að benda á. Verkfræðingurinn Lárus leggur þannig af stað vestur svoltið kokhraustur án þess að hafa græna glóru um hvað hann er að ana út í, enda bera tilraunir hans til að vinna bæjarbúa á sitt band lítinn árangur framan af.

Í upphafi er reyndar ljóst að Lárus hefur litla stjórn á þessari vegferð. Tónninn er settur þegar honum tekst ekki að skipta um geisladisk í notuðum bíl sem hann kaupir til að keyra vestur. Með misheppnað hjónaband, atvinnu-



með endurlitum úr fortíð Lárusar og dökkri mynd af sveitapólitíkinni, þótt allt sé fremur á léttum nótum. Það má þakka ágætu handriti sem þó hefði mátt vera aðeins þéttara. Lopinn er teygður og afleiðingarnar þær að myndin verður langdregin á köflum og kraftlaus.

Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson nær að laða það besta fram í leikhópnum enda fagmaður á ferð. Stefán Karl Stefánsson dansar á milli þess að vera brjóstumkennanlegur og myndinn sem hinn lánausi Lárus. Eggert Þorleifsson er skemmtilega slóttugur sveitarstjóri og Halldóra Geirharðsdóttir er fírna sterk í hlutverki ískalds bankastjóra, fulltrúa spillingar aflanna í sveitinni. Hilmir Snær Guðnason smellpassar í hlutverk ástsjúks mjólkurbússtjóra og Ágústa Eva Erlendsdóttir er víðkunnanleg sem ástarviðfang Hilmis og Stefáns. Aðrir skila sínu vel, einkum Margrét Ákadóttir sem drykkfelld móðir Lárusar.

Loks á Wojciech Golczewski sérstakt hrós skilið fyrir tónlist sem styður myndefnið, sem er fallega rammað inn og skeytt saman þökk sé góðri myndatöku og klippingu.

Roald Eydvsson

Niðurstaða: Ágætis mynd með boðskap sem á fullt erindi í íslenskan samtíma.

SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI! **HÁSKÓLABÍÓ**

KURTEIST FÓLK KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 L

HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 - 5.45 L

LIMITLESS KL. 8 - 10.20 14

OKKAR EIGIN OSLÓ KL. 3.30 - 5.45 - 8 L

BATTLE: LOS ANGELES KL. 10.15 12

NO STRINGS ATTACHED KL. 5.40 - 8 - 10.20 12

RANGO ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 L

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á
mid.is 5%
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á **5%**

KURTEIST FÓLK KL. 5.45 - 8 - 10.10 L

HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 5.45 L

LIMITLESS KL. 8 - 10.20 14

OKKAR EIGIN OSLÓ KL. 5.45 - 8 - 10.10 L

BIUTIFUL KL. 6 - 9 12

BORGARBÍÓ NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á

HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 6 L

KURTEIST FÓLK KL. 6 - 8 - 10 L

LIMITLESS KL. 10 14

NO STRINGS ATTACHED KL. 8 12

ÞRIÐJUDAGSSTÍÐIÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar **LAUGARÁS BÍÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

HOPP - ISL TAL 2, 3, 4 og 5

HOPP - ENS TAL 6, 8 og 10

KURTEIST FÓLK 4, 6, 8 og 10

NO STRINGS ATTACHED 8 og 10.10

RANGO - ISL TAL 2

SKANNADU SAMbio.is

SUCKER PUNCH FRÁ ZACK SNYDER, LEIKSTJÓRA 300 OG WATCHMEN **ÓVÆNTASTA BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS**

SKANNADU **ALFABAKKA** **EGILSHÖLL**

SUCKER PUNCH	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12	SUCKER PUNCH	kl. 5:20 - 8 - 10:35	12
SUCKER PUNCH	kl. 8 - 10:20	VIP	LIMITLESS	kl. 5:20 - 8 - 10:35	14
THE ADJUSTMENT BUREAU	kl. 8 - 10:20	10	UNKNOWN	kl. 8 - 10:35	16
THE ADJUSTMENT BUREAU	kl. 5:40	10	MARS NEEDS MOMS-3D	kl. 5:30	L
UNKNOWN	kl. 8 - 10:20	16	JUSTIN BIEBER-3D	kl. 5:30	L
MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D	M/Ísl. Tali kl. 4 - 6	L	HALL PASS	kl. 8	12
HALL PASS	kl. 8 - 10:20	12	ADJUSTMENT BUREAU	kl. 10:30	10
THE WAY BACK	kl. 5:40	12	SKANNADU KRINGLUNNI		
RANGO	M/Ísl. Tali kl. 3:40 - 5:50	L	SUCKER PUNCH	kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	12
JUSTIN BIEBER MOVIE	Með texta kl. 3:40 - 5:50 - 8	L	ADJUSTMENT BUREAU	Númerub satti kl. 8:20 - 10:30	10
THE RITE	kl. 10:20	16	UNKNOWN	Númerub satti kl. 10:20	16
GEIMAPARNIR 2	M/Ísl. Tali kl. 3:40	L	MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D	Ísl. Tali kl. 3:40 - 6	L
YOGI BEAR	M/Ísl. Tali kl. 3:50	L	THE KING'S SPEECH	Númerub satti kl. 5:40	L
SKANNADU AKUREYRI			TRUE GRIT	Númerub satti kl. 8	16
SUCKER PUNCH	kl. 8 - 10:20	12	JEVINTÝRLEGUR FLÓTTI	Ísl. Tali kl. 3:30	L
THE ADJUSTMENT BUREAU	kl. 6	10	SKANNADU SELFOSS		
HALL PASS	kl. 6	12	HOP	M/Ísl. Tali kl. 6 - 8	L
UNKNOWN	kl. 8 - 10:20	12	KURTEIST FÓLK	kl. 8 - 10:10	7
SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR			SEASON OF THE WITCH	kl. 10:10	14
MEÐTAKAR MEÐ APPELSINGULU OG			MÖMMUR VANTAR Á MARS	M/Ísl. Tali kl. 6	L
KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU					

BAR & CAFE **BÍÓ PARADÍS**

BLUE VALENTINE (L)	17:50, 20:00, 22:30
FOUR LIONS (L)	18:00, 20:00, 22:00
BLACK SWAN (14)	17:40, 22:10
LOVE AND OTHER DRUGS (L)	22:10
ANOTHER YEAR (L)	17:40
MAX OPHULS MÁNUÐUR: MADAME DE	20:00
HREYFINGIN: FLOW: FOR LOVE OF WATER	20:00

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Nýtt !



BARNAFATADEILD



**Barnaföt frá Claire - Animal tails
Beauti and the Bib - Melton**



**10%
Kynningarafsláttur**



Opið
Mánudaga
Föstudaga
10.00 - 18.00
Laugardaga
11.00 - 16.00



Skemman verslun með garn,
prjóna og ýmsar prjónavörur ásamt hönnun,
handverki og nú barnaföt.



Við erum á [facebook](#) Skemman garn og handverk.
Skemman- verslunarmiðstöðin Fjörður / Fjarðargata
13-15, 220 Hafnarfjörður / Sími 445-3485



LOKALEIKUR Íslenska kvennalandsliðsins í íshokki á HM kvenna er í kvöld en heimsmeistarakeppnin fer nú fram í fyrsta sinn í Skautahöllinni í Laugardal. Íslensku stelpurnar hafa unnið tvo síðustu leiki sína og mæta Suður-Kóreu klukkan 20.00 í kvöld. Nýja-Sjáland hefur unnið alla leiki sína og er komið upp í 3. deildina en íslensku stelpurnar keppa um annað sætið við þær kóresku í kvöld.

Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var sigurreifur í Hólminum í gær:

Leikgleðin skín af okkur

KÖRFUBOLTI „Menn eru að stíga upp á réttum tíma. Við gátum ekkert fyrir áramót en við höfðum ekkert miklar áhyggjur af því. Við vorum betra liðið í þessari rímu og það er enginn vafi á því,“ sagði glaðbeittur þjálfari Stjörnunnar, Teitur Örlygsson, eftir sigurinn á Snæfelli í gær.

Teitur sagði í lok tímabils í fyrra að hann vissi nokkurn veginn hvaða púsl vantaði í liðið svo það gæti farið lengra. Hann virðist hafa fundið réttu púslin.

„Renato gefur okkur mikið inni í teignum en það hefur okkur vantað. Svo fáum við Daníel og Marvín til þess að styrkja þetta,“ sagði Teitur en hann hefur talað niður vonir síns liðs hingað til en það er ekki hægt að taka lið sem sópar út meisturunum annað en mjög alvarlega.

„Snæfell er í einhverri smá kreppu núna og það hjálpaði. Það er erfitt að verja titil og ég þekki það vel sjálfur. Ég sá KR gegn Keflavík og þeir líta hrottalega vel út. Það er seinni tíma vandamál og ég vil helst ekki hugsa um það strax. Ég ætla að njóta þess að hafa náð þessum árangri,“ sagði Teitur en er hann með lið



TEITUR ÖRLYGSSON Hefur margoft spilað til úrslita um Íslandsmeistaratið sem leikmaður en hann er nú búinn að koma Stjörnunni alla leið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í höndunum sem getur farið alla leið?

„Ég vil ekki vera með neinar slíkar yfirlýsingar. Við ætlum að njóta áfangans og svo undirbúa okkur af kappi fyrir það sem bíður okkar. Það leggja sig allir

fram í liðinu og það ber menn oft langt en hvort það dugi veit ég ekki. Leikgleðin skín samt af mínum mönnum og það er frábær liðsheild hjá okkur. Við vinnum og töpum saman.“

- hbg



STÓR STUND FYRIR STJÖRNUNA Stjörnumenn fagna hér sigri á Snæfelli og sæti í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratið. FRÉTTABLAÐIÐ/PORSTEINN

Lömbin þögnuðu í Fjárhúsinu í gær

Það var hljóðlát í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gær þegar Stjarnan sópaði Íslandsmeisturum Snæfells í sumarfrí. Stjarnan vann öruggan sigur, 88-105, í gær og rímu liðanna samtals 3-0. Stjarnan mætir annaðhvort KR eða Keflavík í lokaúrslitunum.

KÖRFUBOLTI Það eru stórir hlutir að gerast í Garðabænum en sveinar Teits Örlygssonar í Stjörnunni eru að blómstra á besta tíma. Þeir unnu Íslandsmeistara Snæfells í tvígang í Fjárhúsinu í Stykkishólmi en þetta voru einu töl Snæfells á heimavelli í vetur. Það þarf alvörulið til þess að sópa sjálfum Íslandsmeisturinum í sumarfrí.

„Þetta er mjög sárt og ég er ekkert viss um að maður átti sig á þessu fyrr en síðar. Ég er ekki alveg tilbúinn að sætta mig við þetta eins og er,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir leikinn en það féllu tár hjá leikmönnum Snæfells inni í klefa eftir leik.

Snæfell varð deildarmeistari þvert á spár fjölmargra spekinga en var síðan sópað í frí. Enn færri áttu von á þeirri niðurstöðu.

Flestir þjuggust við spennuleik en spennan var í raun búin í hálfleik. Stjarnan hreinlega gekk frá meisturunum í öðrum leikhlutum sem liðið vann 30-9.

„Við stilltum ekkert upp í öðrum leikhlutum. Á meðan klikkaði Fannar Helgason ekki á skoti hinum megin. Þeir hittu á svaka frammistöðu og náðu 20 stiga forskoti. Við vorum ekki nógu sterkir andlega og náðum aldrei að stjórna þessum leik,“ sagði Ingi.

Strákarnir hans reyndu að spyrna við fótum en Stjarnan átti svör við öllu. Mótlaetið fór síðan í taugarnar á heimamönnum og Sean Burton var vísað úr húsi þegar hann fékk sína aðra óþróttamannslegu villu. Í kjölfarið kom upp almennur pirringur þegar byrjað var að hrinda andstæðingnum.

Stjörnumenn létu það ekki trufla sig heldur léku við hvurn sinn finger. Þeir voru sterkari aðilinn í einvíginu og undirstrikuðu það í þessum leik að þeir eru einfaldlega betri í dag. Jovan er



63 STIG Í SÍÐUSTU TVEIMUR Jovan Zdravevski fór á kostum í einvíginu á móti Snæfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að spila frábærlega, Lindmets er mikill fengur fyrir liðið og Justin Shouse ávallt traustur og skilar stórum körfum. Þess utan er liðsheildin mögnuð.

„Það féll allt með Stjörnunni sem átti að falla. Ég óska þeim innilega til hamingju og þeir eru vel að þessu komnir. Þetta er ekki ósanngjörn niðurstaða. Þá langaði meira í sigur en okkur. Það voru ekki sömu vígtennurnar í okkur og fyrr í vetur. Ég veit nokkurn veginn af hverju en ætla ekki að segja það núna,“ sagði Ingi Þór en hann verður áfram þjálfari liðsins. henry@frettabladid.is



Íslendingadagar í Vesturheimi

Ferð á merkustu hátíðir Íslendinga í Vesturheimi á vegum Þjóðrákisfélags Íslendinga og Vesturheims sf dagana **24. júlí-7. ágúst.**

Ferðatilhögun: Flug til Winnipeg sunnudaginn 24. júlí

Skoðunarferð um Nýja Ísland

Nýjung: Skoðunarferð um Íslendingaslóðir í vestanverðu Manitoba – farið um *Voga* og til *Reykjavíkur!!*

Minnsta nýlenda Íslendinga í Norður Ameríku heimsótt

Hvað er Baldur í Manitoba?

Íslendingadagur í Mountain í Norður Dakota

Íslendingadagurinn á Gimlí í Manitoba

Frjálsir dagar í Winnipeg – Gist í miðbænum

á Delta Winnipeg

Ferðalýsing á www.vesturheimur.is

**ATH
LÆKKAÐ VERÐ**



Nánari upplýsingar á www.vesturheimur.is og hjá Jónasi Þór í síma 861-1046 og á jonas@vesturheimur.is

Snæfell-Stjarnan 88-105 (32-51) Stjarnan vann 3-0

Stig Snæfells: Zeljko Bojovic 19, Sean Burton 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 13, Jón Ólafur Jónsson 11, Ryan Amaroso 10, Egill Egilsson 8, Emil Þór Jóhannsson 6, Sveinn Amar Davíðsson 5, Kristján Andrésson 2, Daniel A. Kazmi 1.

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 25, Renato Lindmets 22, Justin Shouse 15, Fannar Freyr Helgason 14, Guðjón Lárusson 8, Marvín Valdimarsson 8, Daniel G. Guðmundsson 7, Ólafur Aron Ingváson 3, Dagur Kár Jónsson 2, Kjartan Atli Kjartansson 1.

ALLTAF BETRA VERÐ



TOSHIBA

harman/kardon
HÁGÆÐA HÁTALARAR

HDMI



ORKU BOLTI

HIGH DEFINITION VEFMYNDAVÉL

15,6" LED



Toshiba Satellite A660-1HL

- 2.66GHz Intel Core i5-480M Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 640GB SATA diskur
- 1GB DDR3 Geforce GT 330M skjákort

1 69.990

DRAUMAEGG
FYLGR ÖLLUM TÖLVUM

Nr. 9 frá Freyju

- meðan birgðir endast!



Acer Aspire 5742G-454G75Mn

- Intel Core i5-450M
- 4GB DDR3 minni
- 750GB diskur
- 1GB GeForce GT 540M skjákort
- 15,6" WXGA LED skjár

**i5
750GB
Alvöru
skjákort**

1 39.990



23"

SAMSUNG

Með cPVA filmu
sem sýnir réttari liti
og víðari sjónarhorn

HÁGÆÐA SKJÁR

Samsung 2333T

23" Full HD LCD flatskjár með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, VGA, DVI-I, cPVA filmu sem sýnir réttari liti og víðari sjónarhorn o.fl.

29.990

TURN TILBOÐ



ACE TURN

- CoolerMaster Elite 310
- Intel Pentium E6500
- 4GB DDR3 minni
- 750GB WD Blue SATA3 diskur
- Dual layer DVD skrifari
- 1GB MSI AMD MD5450 - DX11 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64bit stýrikerfi
- 7.1 Dolby Digital 8 rása hljóðkort



89.990



Toshiba Satellite C660D-10W

- AMD Mobile V140
- 2GB DDR3 minni
- 250GB diskur
- AMD HD4250 skjákort
- 15,6" WXGA LED skjár

79.990



EPSON FJÖLNOTATÆKI

Epson SX218

- Prentari og skanni
- Prentar A4 í 5760 x 1440p
- Skannar í 1200 x 2400p
- LCD skjár, kortalesari og USB
- Virkar með Windows og Mac

1 2.990

TVX

HÁSKERPU SPILARI



1080P
HDMI
H.264
LAN

ViCO TViX N-1 H.264

HD margmiðlunarspilar sem spilar alla staðla í USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og kortalesari.

1 9.990

VAXTALAUS 12 MÁNAÐA TÖLVULISTALÁN

TÖLVU LISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
SÍMI 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730

MÍDVANGI 2-4
SÍMI 414 1735

HAFNARGÖTU 90
SÍMI 414 1740

AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1750

ÚRSLIT Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Akureyri-Afturelding 21-24 (11-13)

Mörk Akureyrar (skot): Bjarni Fritzon 8/4 (17/6), Oddur Gretarsson 3/2 (9), Guðmundur Hólmur Helgason 3 (10), Daniél Einarsson 2 (4), Halldór Logi Árnason 2 (5), Heimir Örn Árnason 2 (4), Bergvin Gíslason 1 (3).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 14 (32) 44%, Stefán Guðnason 0 (2) 0%.

Hraðauppplau: 4 (Bjarni 2, Bergvin, Halldór, Bjarni 2)

Fiskuð víti: 8 Halldór 4, Bjarni 2, Bergvin, Heimir)

Mörk Aftureldingar (skot): Þrándur Gíslason 6 (9), Sverrir Hermannsson 6 (9), Bjarni Aron Þórðarson 3/1 (8), Reynir Árnason 3 (4), Ásgeir Jónsson 2 (2), Arnar Theódórsson 2 (3), Jóhann Jóhannsson 2 (6), Daniél Jónsson 0 (2), Hilmar Stefánsson 0 (4).

Varin skot: Hafþór Einarsson 26/2 (46) 57%, Smári Guðfinnsson 0 (1) 0%.

Hraðauppplau: 2 (Þrándur 2)

Fiskuð víti: 2 (Daniél, Bjarni).

FH-Haukar 24-23 (12-11)

Mörk FH (skot): Ólafur Andrés Guðmundsson 7 (13), Ásbjörn Friðriksson 5/2 (11), Baldvin Þorsteinsson 4 (6), Ólafur Guðafsson 3 (9), Örn Ingi Bjarkason 2 (5), Benedikt Reynir Kristínsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2).

Varin skot: Pálmar Pétursson 13 (40) 32,5%

Hraðauppplau: 1 (Sigurgeir)

Mörk Hauka (skot): Freyr Brynjarsson 5 (5), Heimir Óli Heimisson 4 (4), Sveinn Þorgeirsson 4 (5), Björgvin Þór Hólmgeirsson 4 (15), Tjörvi Þorgeirsson 2 (6), Þórður Rafn Guðmundsson 2 (6), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (8)

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 15 (36) 41,7%, Aron Rafn Eðvarðsson 3 (6/1) 50%

Hraðauppplau: 4 (Freyr 2, Þórður, Heimir)

Valur-Selfoss 25-19 (11-8)

Mörk Vals: Valdimar Fannar Þórsson 5, Anton Rúnarsson 5, Ernir Arnarson 4, Orri Freyr Gíslason 3, Finnur Ingi Stefánsson 3, Jon Björgvin Pétursson 2, Heiðar Þór Ádalsteinsson 1, Sturla Ásgeirsson 1, Fannar Þorbjörnsson 1.

Mörk Selfoss: Ragnar Jóhannsson 6, Einar Héðinsson 4, Atli Hjörvar Einarsson 3, Guðjón Finnur Drengsson 2, Milan Ivancev2, Hörður Gunnar Bjarnarson 1, Guðni Ingværsson 1.

Fram - HK 26-35 (14-17)

Mörk Fram (skot): Magnús Stefánsson 7 (15), Jóhann Karl Reynisson 6 (6), Einar Rafn Eðsson 6/2 (10/3), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (5), Andri Berg Haraldsson 2 (4), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (3), Róbert Aron Hostert 0 (3), Stefán Baldvín Stefánsson 0 (2), Matthías Daðason 0 (2).

Varin skot: Magnús Gunnar Erendsson 6 (21/2, 22%), Björn Viðar Björnsson 7/2 (12/2, 37%)

Hraðauppplau: 3 (Einar Rafn, Jóhann Karl, Andri Berg)

Mörk HK (skot): Ólafur Bjarki Ragnarsson 9/2 (14/4), Bjarki Már Elisson 9/2 (13/2), Atli Ævar Ingólfsson 7 (7), Atli Karl Backmann 4 (5), Sigurjón Björnsson 2 (2), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2 (3), Bjarki Már Gunnarsson 1 (2), Hörður Másson 1 (2), Daniél Berg Grétarsson 0 (5).

Varin skot: Björn Ingi Friðbjósson 21 (25/1, 45%), Valgeir Tómasson 0 (1)

Hraðauppplausmörk: 9 (Bjarki Már Elisson 5, Atli Ævar 3, Sigurjón Björnsson)

STAÐAN Í DEILDINN

Akureyri	20	14	3	3	574-526	31
FH	20	13	2	5	581-524	28
Fram	20	11	1	8	628-591	23
HK	20	11	0	9	606-600	22
Haukar	20	8	4	8	520-525	20
Valur	20	9	0	11	526-546	18
Afturelding	20	5	0	15	506-563	10
Selfoss	20	2	4	14	560-626	8

Rhein-Neckar Löwen áfram:

Ólafur með sex mörk í gær

HANDBOLTI Lærisveinar Guðmundar Guðmundssonar í Rhein-Neckar Löwen tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar með því að gera 27-27 jafntefli á heimavelli á móti króatíska liðinu RK Zagreb í gærkvöldi í seinni leik liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Ólafur Stefánsson skoraði 6 mörk og var annar markahæsti leikmaður liðsins á eftir Uwe Gensheimer sem var með 9 mörk. Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk en Guðjón Valur Sigurðsson fékk ekkert að spila.

Löwen-liðið vann fyrri leikinn í Króatíu 31-28 en Ólafur skoraði alls fjórtán mörk í þessum leikjum. - 66j



HK eyddi vonum Hauka og Val um sæti í úrslitakeppninni með níu marka stórsigri á Fram í Safamýri í gær:

HK-ingar komnir inn í úrslitakeppnina

HANDBOLTI HK-ingar tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni eftir frábæran sigur á Fram, 35-26, í næstsíðustu umferð N1-deilda karla í gær.

Jafnræði var með liðunum í byrjun leiks, en gestirnir gjör samlega keyrðu yfir lánlausa Framara í síðari hálfleik. Munurinn var mestur 11 mörk á liðunum og sigur HK aldrei í hættu. Björn Ingi Friðbjósson, markvörður HK, var stórkostlegur en hann varði 21 skot. Ólafur Bjarki Ragnarsson var einnig frábær fyrir HK en hann skoraði 9 mörk.

„Þetta kemur mér virkilega á óvart,“ sagði Björn Ingi

Friðbjósson eftir sigurinn í gær. „Það valta ekki allir svona yfir Fram á þeirra eigin heimavelli. Mér fannst einkennilegt hvernig Framarar komu út í seinni hálfleikinn og við náðum að nýta okkur það. Leikur okkar var nánast fullkominn síðustu 45 mínúturnar og varnarleikur okkar var á heimsælikvarða. Það er lítið mál að verja vel þegar maður stendur fyrir aftan svona vörn,“ sagði Björn Ingi.

„Þetta var mjög svo lélegur

ÓLAFUR BJARKI RAGNARSSON Lék mjög vel með HK í Safamýrinni í gær og skoraði 9 mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



leikur hjá okkur og ég skil hreinlega ekki hvernig menn komu stemmdir,“ sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, eftir leikinn í gær.

„Menn sýndu engan vilja til þess að koma sér aftur inn í leikinn. Það var í raun ekkert að ganga upp hjá okkur í kvöld, hvorki í vörn, sókn né markvörslu. Við verðum núna að spýta í lófana og klára þennan eina leik sem við eigum eftir. HK var með bakið upp við vegg fyrir þennan leik og við vissum allveg að þeir kæmu dýrvitlausir til leiks, því skil ég ekki hvernig við nálgúðumst þennan leik.“ - sáþ

ÉG ER MEÐ BETRA LIÐ EN ÉG HÉLT

Akureyri tók á móti deildarmeistararitlinum í gær. Atli Hilmarsson stýrir skútunni og þrátt fyrir tap gegn Aftureldingu í gær er hann stoltur af liðinu sínu. Mosfellingar fara í umspil en Selfoss er fallið.

HANDBOLTI Akureyri uppskar ríkullega í gær þegar hið unga félag fékk bikarinn fyrir sigur í N1-deildinni afhendan. Aðeins einn leikmaður hefur tekið fullan þátt í öllum fimm tímabilunum sem Akureyri Handboltafélag hefur spilað. Hörður Fannar Sigbórssen er maðurinn en reyndar hefur Þorvaldur Þorvaldsson spilað eitt-hvað öll tímabilin.

Liðið tapaði með þremur mörkum fyrir Aftureldingu í gær en enginn efast um að Akureyri hefur spilað best allra liða í vetur. „Það er virkilega góð tilfinning að ná loksins í titil. Við höfum verið í sénsnum en aldrei tekið þá. Það er kærkomið að landa þessu og frábært fyrir svona ungt félag,“ sagði Hörður en gróarleg stemning var í Höllinni á Akureyri í gær þegar bikarinn fór á loft.

„Uppbyggingin hefur tekið smá tíma en við höfum tekið skref í rétta átt. Við erum með gott lið og allt hefur smellið. Margir efuðust kannski um okkur eftir að hafa misst sterka pósta en við fengum nýjan þjálfara og frábæra leikmenn inn. Þeir hafa spilað stórt hlutverk. Umgjörðin er samt aðalatriðið, allt frá leikmönnum, þjálfurum og stjórn til stuðningsmanna, þetta helst allt í hendur,“ sagði Hörður.

Fyrri hálfleikurinn í gær var ekki góður. Óreynt lið Akureyrar, sem hvíldi sterka menn í gær, átti erfitt uppráttar Skórnarleikur Aftureldingar var eins og hjá utandeildarliði á köflum, menn þvældust hver fyrir öðrum, hentu boltanum útaf, gripu ekki einfaldar sendingar og misstu boltann án þess að vera undir pressu. Hafþór Einarsson markmaður var nokkuð lengi í gang en varði svo vel út leikinn. Munurinn á liðunum í hálfleik var 11-13.

Afturelding var yfir nánast



FYRSTI BIKARINN Á LOFT Heimir Örn Árnason, fyrirlíði Akureyrar, lyftir bikarinn við mikinn fögnuð félaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR

allan síðari hálfleikinn og landaði frábærum þriggja marka sigri, 21-24. Liðið er þar með komið í umspil um laust sæti í N1-deildinni en Selfoss er fallið. Hafþór bar af í leiknum. „Það er frábært að vera búinn að tryggja sig í umspilið. Við ætlum að byggja þar á þessum leik,“ sagði Hafþór.

Atli Hilmarsson kom norður á handboltavertíð eins og hann kallaði það. Atli landaði strax titli og er með sigurstranglegt lið í höndunum. „Þetta hefur tekið á. Þetta er mjög erfið deild en að vera

búinn að klára þetta löngu fyrir mótslok er frábært. Við getum verið stolt af liðinu, allir sem einn, í kringum félagið,“ sagði Atli.

„Ég var ekki lengi að koma mér inn í hlutina. Strákarnir eru auðveldir í umgengni og hafa mikinn metnað. Maður gerði samt aldrei ráð fyrir þessum árangri. Ég er með betra lið en ég hélt í höndunum. Ég vissi ekki að 17 og 18 ára guttur myndu stíga svona upp en þeir eldri hafa kennt þeim vel,“ sagði Atli. - hþ



ÞRÍR GÓÐIR Hörður Fannar Sigbórssen, Heimir Örn Árnason og Atli Hilmarsson með bikarinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR

FH-ingar unnu Hauka 24-23 í gær og sáu til þess að nágrannar þeirra komast ekki í úrslitakeppnina í ár:

Ólafur tryggði FH sigur og sæta hefnd

HANDBOLTI FH gulltrygðir sé annað sætið í N1-deild karla með sigri á grönnum sínum í Haukum í frábærum handboltaleik í Kaplakrika í gærkvöldi, 24-23. Ólafur Guðmundsson skoraði sigurmarkið þegar hálf mínúta var eftir af leiknum. FH náði þar með sætri hefnd gegn grönnum sínum því sigurinn þýðir að Haukar komast ekki í úrslitakeppnina í ár.

Leikurinn var ávallt í jánnum og munaði aldrei meiru en tveimur mörkum á liðunum. Liðin skiptust á að leiða leikinn en Ásbjörn Friðriksson tryggði FH forystu í hálfleik, 12-11, með marki úr víti þegar leiktíminn var liðinn.

Sama var uppi á teningnum í síðari hálfleik og náði hvorugt liðið yfirhöndinni. FH náði að jafna leikinn þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum og hálfri mínútu fyrir leikslok kom Ólafur Guðmundsson FH yfir með góðu skoti. Haukar reyndu hvað þeir gátu til að



ÓLAFUR GUÐMUNDSSON Fær hér harðar móttökur frá Haukunum í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

jafna og fengu aukakast í þann mund er leiktíminn rann út. Þórður Rafn Guðmundsson tók aukakastið, náði lúmsku skoti í gegnum

varnarvegg FH en Pálmar Pétursson náði að verja og tryggja FH sigur á erkifjendum.

„Að skora sigurmarkið gegn Haukum á lokasekúndunum fyrir fullu húsi er eitthvað sem mig hefur alltaf dreymt um,“ sagði Ólafur Guðmundsson kátur í leikslök og sagði FH-inga hafa viljað hefna fyrir hvernig Haukar komu í veg fyrir að FH kæmist í úrslitakeppnina í fyrra með því að tapa viljandi í lokaleiknum í deildinni í fyrra. „Það þurfti ekki mikið til að peppa okkur upp fyrir leikinn. Við ætludum að hefna fyrir framkomu Hauka og nú kom þetta í bakið á þeim.“

Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, var að vonum óhress með að komast ekki í úrslitakeppnina. „Þetta eru mikil vonbrigði og allt annað en við ætludum okkur. Við erum að byggja upp nýtt lið frá grunni og það fylgir því fórnarkostnaður. Það verður vonandi stutt í nýtt gullaldartímabil Hauka.“ - jjk

CHAMPION-DAGAR

Champion®

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
CHAMPION FATNAÐI!



GERÐU FRÁBÆR KAUP!

- Fatnaður fyrir alla fjölskylduna
- Íþróttafatnaður
- Skór
- Töskur
- Skartgripir
- Snyrtivörur
- Málverk

BOLATILBOÐ!

KEYPTU TVO OG FÁÐU
ÞANN ÞRIÐJA FRÍAN!
RÝMUM FYRIR NÝJUM
MYNDABOLUM FYRIR DÖMUR,
HERRA OG BÖRN!

ENN STÆRRI OG BETRI
GÖTUMARKAÐUR

ALLAR VÖRUR Á
KR. 500 EÐA 1.000

**KORPU
OUTLET**

Stærsti lagermarkaður landsins!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

> Kevin Spacey

„Mér finnst það vera viss ábyrgð fyrir þá sem hafa komist upp í ákveðnar hæðir, að senda lyftuna aftur niður og gefa öðrum far upp.“

Kevin Spacey leikur í kvikmyndinni *21* sem fjallar um hóp háskólanema sem svindluðu í fjárhættuspili í Las Vegas en myndin er á Stöð 2 Bíói kl. 22.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SLETTIR STJÖRNUM

Pressa og Bond sjónvarpsins

Spooks: Ef það væru gerðir sjónvarpsþættir um James Bond, leyniþjónustumanninn í þjónustu hennar hátignar, væru þeir eins og Spooks. BBC er einu skrefi framur en allir aðrir þegar kemur að gerð sjónvarpsfínis fyrir okkur hin. ★★ (Danir eru þó farnir að narta í hæla þeirra, spyrjið bara þá sem horfa á Livvagterne).

Modern Family: Það fyndnasta í sjónvarpinu um þessar mundir. Þeir eru fyndnir og hæfilega „nasty“ fyrir minn smekk. Ég hef reynt að horfa á *The Big Bang Theory* og *How I Met Your Mother?* og loks *Two and a Half Men* en mér finnst húmorinn vera *Friends* í nýjum fötum, fyrir utan Charlie Sheen-þáttinn, hann er uppfullur af lélegum fimm aura bröndurum. ★★ (Hef stundum velt því fyrir mér af hverju Stöð 2 sýni svona mikið af amerísku rusli stuttu eftir fréttir).



SPENNANDI Pressa er eitt mest spennandi sjónvarpsfínið í íslensku sjónvarpi um þessar mundir. Ég legg mig allavega fram og horfi á næsta þátt.

Dyngjan: Tvær konur sitja og ræða um málefni kvenna við aðrar þjóðþekktar konur. Hljómar spennandi og þegar Skjár einn opnaði fyrir dagskrá sína í vikunni ákvað ég að poppa, blanda djús og fara í ullarsokka (djók). Það hefði mátt brjóta þáttinn meira upp og þáttarstjórnendur verða að gæta sín á að kjafta viðmælendurnar ekki í kaf. Og hver er tilgangurinn með áhorfendum ef þeir fá ekki að taka þátt. ★★ (Mæli samt með matreiðsluþætti Hrefnu Róasar Sætran, skilst að ég fái rússneskan mat út næstu viku).

Og að lokum. **Pressa.** Sennilega mest spennandi sjónvarpsfínið á dagskránni um þessar mundir. Skemmtilegar persónur og spennandi framvinda. Allavega þáttur sem ég ætla að fylgjast með. Og það þarf mikið til þess. ★★ (Það er nefnilega alltaf golf á sama tíma á Stöð 2 Sport).

SJÓNVARPIÐ

- 15.25 Opinberun Hannesar (e)
- 16.50 Kallakaffi (5:12)
- 17.20 Skólahreysti (2:6) (e)
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Otrabörnin (15:26)
- 18.22 Pálína (10:28)
- 18.30 Hanna Montana Leiknir þættir um unglingstúlkur sem lifir tvöföldu lífi sem poppstjarna og skólástúlka sem reynir að láta ekki frægðina hafa áhrif á líf sitt.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Útvarp Úrslitapáttur spurningakeppni sveitarfélaganna.
- 21.25 King Kong Bandarísk bímynd frá 2005. Árið 1933 fer metnaðarfullur kvikmyndasafur með leikara og tækni-fólk til Haukúpueyjar að gera mynd. Þar hittir hópurinn fyrir rísaappann Kong sem heillast af aðalleikkonunni. Leikstjóri er Peter Jackson og meðal leikenda eru Naomi Watts, Jack Black, Adrien Brody, Thomas Kretschmann, Andy Serkis og Jamie Bell. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.30 Leynibróðirinn Bandarísk bímynd frá 2002. Þegar „Maðurinn“ reynir að spilla fyrir forsetaframboði þeldóks frambjóðanda taka Leynibróðirinn og útsendarar hans til sinna ráða. Leikstjóri er Malcolm D. Lee og meðal leikenda eru Eddie Griffin, Chris Kattan og Denise Richards. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Til Death (11:15)
- 11.25 Auddi og Sveppi
- 11.50 Logi í beinni
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (4:24)
- 13.25 Jurassic Park
- 15.30 Barnatími Stöðvar 2
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (11:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Auddi og Sveppi Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem allt er leyfilegt.
- 19.50 American Idol (22:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurveggar fyrir þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðin heimsfrægir söngvarar og leikarar.
- 21.15 American Idol (23:45)
- 22.00 Blonde Ambition Rómantísk gamanmynd sem byggð er á Óskarsverðlaunamyndinni *Working Girl* með Jessica Simpson og Luke Wilson í aðalhlutverkum. Jessica leikur unga smábæjarstelpu sem flytur í stórborgina með stóra framadraumum. Í fyrstu gengur allt á afturfótunum hjá henni en hún gefst ekki upp og fyrr en varir er hún komin í draumastarfið og ástin bankar upp á.
- 23.30 The Hitcher Spennumynd um ungan mann sem sleppur undan morðóðum puttalingi en er síðan sakaður um morð og líf hans lagt í rúst.
- 00.55 Romance and Cigarettes
- 02.40 Jurassic Park
- 04.45 The Simpsons (11:22)
- 05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 17.00 Guru of Go Mögnuð heimildarmynd um körfuboltaþjálfarann Paul Westhead sem tók við háskólabólhlöðu Loyola Marymount og fullkomnaði þar leikkerfi sitt sem vakti mikla athygli og var byggt upp á miklum hlaupum og hröðum sóknarleik. Aðalstjarna liðsins þoldi ekki álagið og lést úr hjartaáfalli á vellinum.
- 17.45 Augusta Masters Official Film (Augusta Masters Official Film) Þáttur um hið frábæra Masters-mót sem er hið fyrsta af fjórum árlegum risamótum í golfinu.
- 19.00 Iceland Express deildin (KR - Keflavík) Bein útsending frá leik KR og Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í körfuknattleik.
- 21.00 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Skygngst á bak við tjöldin hjá liðnum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
- 21.30 La Liga Report
- 22.00 World Series of Poker
- 23.40 European Poker Tour 6
- 00.30 Iceland Express deildin (KR - Keflavík)

SPORT 2

- 17.00 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá leik Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.45 Tottenham - West Ham Útsending frá leik Tottenham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.30 Ensku mörkin Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilbrif.
- 21.00 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki heilgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
- 21.30 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 22.00 Paolo Maldini Sýnt frá bestu knattspyrnumönnum samtímans og að þessu sinni er komið að Paolo Maldini.
- 22.30 Premier League Preview
- 23.00 Chelsea - Man. City Sýnt frá leik Chelsea og Manchester City í ensku deildinni.

SKJÁREINN

- 07.30 Game Tívi (10:14)
- 08.00 Dr. Phil (146:181)
- 17.00 Dr. Phil (147:181)
- 17.45 America's Next Top Model (1:13)
- 18.30 How To Look Good Naked (7:12)
- 19.20 America's Funniest Home Videos (9:50)
- 19.45 Will & Grace (14:24) Endursýningar á gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögreglingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
- 20.10 Got To Dance (13:15) Got to Dance er raunveruleikapáttur þar sem hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
- 21.15 HA? (11:15) Íslenskur skemmtiþáttur með spumingaivafi.
- 22.05 The Bachelorette - LOKAPÁTTUR (12:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
- 22.55 Makalaus (5:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölibók Tobbu Marinós og fjalla um Lilju Sigurðardóttur, einhleypa stúlkunni í Reykjavík sem stendur á tímamótum.
- 23.25 30 Rock (17:22)
- 23.50 Law & Order: LA (2:22)
- 00.35 Whose Line is it Anyway? (32:39)
- 00.40 Dr. Phil (144:181)
- 01.00 Saturday Night Live (13:22)
- 01.55 Will & Grace (14:24)
- 02.15 Jay Leno (220:260)
- 03.00 Jay Leno (221:260)

SKJÁRGOLF

- 08.10 Shell Houston Open (1:4)
- 11.10 Golfing World (53:240)
- 13.45 Arnold Palmer Invitational (4:4)
- 17.45 Inside the PGA Tour (13:42)
- 18.10 Golfing World (55:240)
- 19.00 Shell Houston Open - Dagur 2 - BEINT (2:4) Shell Houston mótið er hluti af PGA mótariðinni sem fram fer í Houston í Texas. Það var ungstímið Anthony Kim sem vann mótið á síðasta ári, þá aðeins 25 ára gamall.
- 22.00 Golfing World (55:240)
- 22.50 PGA Tour - Highlights (12:45)
- 00.15 Shell Houston Open (2:4)

EXTRA

- 19.30 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi lækningar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
- 20.15 Smallville (19:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingarárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.55 Arnar og Ívar á ferð og flugi (2:5) Skemmtilegur ferðapáttur með Arnari og Ívari sem heimsækja fimm borgir og skoða m.a. matarvenjur og heilsufar viðkomandi þjóðar, smakka og kryfja vinsælasta skyndibita staðarins og athuga hollustu hans.
- 22.25 NCIS (8:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnið eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
- 23.10 Fringe (8:22)
- 00.00 Life on Mars (16:17)
- 00.45 Smallville (19:22)
- 01.30 The Doctors
- 02.15 Auddi og Sveppi
- 02.55 Fréttir Stöðvar 2



18.15 Föstudagsþátturinn Með Hildu Jónu Gísladóttur.

Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.



20.00 Hrafnaping Heimastjórinn.

21.00 Ævintýraboxið Stefán Drengsson og félagar.

21.30 Punkturinn Ærslí og ólátabelgir stundum alveg á mörkunum.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

- 08.00 12 Men Of Christmas
- 10.00 Mr. Bean
- 12.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear
- 14.00 12 Men Of Christmas
- 16.00 Mr. Bean
- 18.00 Naked Gun 2 ½: The Smell of Fear
- 20.00 The Women
- 22.00 21
- 00.00 Posse
- 02.00 Friday the 13th
- 04.00 21
- 06.00 Someone Like You

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Rádió	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun



Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir


Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli.

Við hlustum á raddir lesenda og erum lífandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.



Allt sem þú þarft

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Janúar til mars 2011, meðaltestur á tölublað 18–49 ára.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50

American Idol



Söngvararnir eru enn þá ellefu þar sem enginn var sendur heim í síðustu viku. Að þessu sinni þurfa tveir þeirra að yfirgefa sviðið í lok kvöldsins. Núna eru sungin lög sem Elton John gerði vinsæl. Í úrslitabættinum koma meðal annars fram Fantasia, will.i.am og Jamie Foxx.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunúvarp hefst 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.03 Vilt og breitt 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstud með KK 09.00 Fréttir 09.05 Oskastundin 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.15 Sagnslóð 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisúvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Kallinn 14.00 Fréttir 14.03 Gími, grúsk og glórir 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Rán 15.25 Þær höfðu áhrif 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Fimm fjórðu 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Spegillinn 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Eyðieyjan 21.10 Hringtöl 22.00 Fréttir 22.10 Lestur Passíusálma 22.15 Litla flugan 23.00 Kvöldgestir 00.00 Fréttir 00.05 Næturúvarp Rásar 1

BBC entertainment

09.00 Deal or No Deal 10.10 My Family 10.40 Top Gear. Winter Olympics Special 11.30 Keeping Up Appearances 12.00 Allo, Allo! 12.30 Fawty Towers 13.00 Judge John Deed 13.55 Jonathan Creek 14.50 Deal or No Deal 16.00 Keeping Up Appearances 16.30 Allo, Allo! 17.00 Fawty Towers 17.30 Hustle 18.20 Ashes to Ashes 19.10 Kiss Of Death 20.00 Kiss Of Death 20.50 Spooks 21.45 Spooks 22.40 Keeping Up Appearances 23.10 Allo, Allo! 23.40 Fawty Towers

DR 1

10.10 Jersild Live 10.35 Grøn glæde 11.30 Søren Ryge 12.00 Vores Liv 12.30 Gintberg på kanten 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Aftenshowet 14.00 Humf 14.05 Timmy-tid 14.15 Kasper & Lise 14.30 Peter Pedal 15.00 Landsbyhospitalet 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Bonderøven 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Ørkenens Sønner 19.00 TV Avisen 19.30 Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen 20.15 Juryen 22.15 The Master of Disguise

NRK 1

11.35 Urix 12.00 NRK nyheter 12.05 Schrødingers katt 12.35 Norge rundt 13.00 NRK nyheter 13.10 Dallas 14.00 NRK nyheter 14.10 Oppdrag Sognefjorden 14.40 Filmavisen 1960 14.50 Tradisjonshandverk 15.00 NRK nyheter 15.10 Fredag i hagen 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.40 Norge rundt 18.05 Popstokk 18.55 Nytt på nytt 19.30 Skavlan 20.30 Ari og Per 21.00 Kveldsnytt 21.15 Sporløst forsvunnet 22.00 Nightclubbing med Grace Jones

SVT 1

09.15 Go'kväll 10.00 Rapport 10.05 Debatt 10.50 Huset fullt av hundar 11.50 Gynekologen i Åskim 12.50 Phoenix Dance 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Party animals 14.55 Antikrundan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kultumyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Sá ska det låta 19.00 Skavlan 20.00 Charlie Wilson's War 21.40 Veckans brott 22.40 Maverick 00.45 Rapport 00.50 Party animals



30 milljón ástæður til að eiga miða!

24. mars gengu **30 milljónir** út í **Milljónaveltu** Happraðttis Háskólans. Vinningshafinn var kona á sjötugsaldri búsett á höfuðborgarsvæðinu sem hefur átt einfaldan miða um árabil.

Happraðtti Háskólans óskar henni innilega til hamingju með vinninginn og óskar miðaeigendum heppni þegar **Milljónaveltan** hefur gang sinn að **nýju 27. apríl**.

EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

Aðalútdráttur

hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.



PIPAR/IBVA • SÍA • 110722

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.



Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happraðtti er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.



Helgarblað

alla laugardaga



Meðal annars efnis:

Dagleið á fjörðum

- Stefán Karlsson ljósmyndari sigldi um Jökulfirði í vikunni.

Frægasta sófatölva í heimi spennir á sig megingjarðirnar

- Fréttablaðið ber iPad 2 saman við keppinauta





„Auðvitað byrjar maður kvöldið á Mushroom með Can, drekkur í takt við endurtekningarsaman taktinn, þar til maður hefur safnað kjarki til að hlusta á Katy Perry og Lady Gaga.“

Jón Örn Loðmfjörð ljóðskáld.

Fyndnasti Verzlingurinn fær tækifæri

„Hjólin eru farin að snúast,“ segir Margrét Björnsdóttir, nemandi í Verzlungarskóla Íslands.

Margrét vann keppnina fyndnasti Verzlingurinn í síðustu viku. Á meðal dómara í keppninni voru Dóri DNA og Bergur Ebby úr grínhópnum Mið-Íslandi, en Margrét faladist etir að fá að starfa með þeim í viðtali við Fréttablaðið á laugardaginn. Þeir hafa nú boðið henni að vera sérstakur gestur á uppstandskvöldi hópsins í Þjóðleikhúskjallaranum á miðvikudaginn í næstu viku. Margrét segir kvöldið leggjast vel í sig. „Þetta er algjör snillið

– ég er ógeðslega spennit,“ segir hún.

Spurð hvort hún ætli að nota sigurbrandarana úr keppninni í Verzló í Þjóðleikhúskjallaranum segist hún ekki vera viss. „Ég kem kannski með nýja rútínu,“ segir hún. „Mér fannst hitt höfða meira til framhaldsskólanema og aldurshópsins míns. Þarna verður fólk á öllum aldri og ég vil reyna að höfða til þess. Ég læt kannski brandara um pikuprump vera. Mig langar samt að vera svölítið óviðeigandi.“

Mið-Íslandshópurinn, þeir Ari Eldjárn, Jóhann Alfreð, Dóri



FYNDIN VERZLÓPIA Margrét vann keppnina Fyndnasti Verzlingurinn og hefur nú verið boðið að troða upp á skemmtikvöldi grínhópsins Mið-Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

DNA og Bergur Ebby, var með tvö skemmtikvöld í Þjóðleikhúsk-

bjallaranum í mars og var uppselt á þau bæði. Þá var Sólmundur Hólm sérstakur gestur, en ásamt Margréti verður enginn annar en Pétur Jóhann Sigfússon gestur í næstu viku. Margrét er gríðarlega ánægð með að fá að skemmta á sama kvöldi og hann, enda mikill aðdáandi.

Ertu stressuð?

„Nei, það hjálpar mér ekki að vera stressuð,“ segir hún. „Það er best að vera mjög slök – taka þessu með stóískri ró. Mér finnst það langbest.“

Miðasala á skemmtunina fer fram á Midi.is. - afb

FRÉTTIR AF FÓLKI



Risinn í íslensku sjónvarpi síðustu þrjú ár, spurningaþátturinn Útsvar, hefur verið felldur af stalli sem vinsælasti sjónvarpsþáttur landsins. Og það þurfti leikstjóra sem hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna til að hirða hásetið. Tími nornarinnar náði þessum einstaka áfanga um

helgina þegar rúmlega þriðjungur landsmanna í aldursþópnum 12-49 ára horfði á svaðilfarir Einarsson blaðamanns í leikstjórn Friðriks Þórs. Það virtist ekki hafa áhrif á Pressu, sem var sýnd á sama tíma á Stöð 2, því hún var með tæplega fjórðungs áhorf eins og í síðustu viku.

Peir Auðunn Blöndal og Sverrir Þór Sverrisson hafa sennilega upplifað einhvern mesta hvírfilvind á ferli sínum á þessu sjónvarpsári. Fyrst kallaði umboðsmaður barna þá á sinn fund og greindi þeim frá fjölda kvartana vegna þáttar þeirra á leikskóla. Svo kom Einarsson Báraðar málið þar sem þeir voru sakaðir um að kynda undir einelti gagnvart feitu fólki og þeir hafa ekki komist inn á topp tíu lista Stöðvar 2 í

dágóðan tíma þar sem þeir voru fastagestir. Það kom því vafalítið fáum á óvart að Auðunn Blöndal skyldi lýsa því yfir í viðtali við Monitor að þetta væri síðasta þáttaröð þeirra félaga, þeir væru orðnir þreyttir.

- fgg



FRÍÐRIK ÓMAR: TÓNLEIKARNIR GENGU EINS OG Í LYGASÖGU

Sólóferill Friðriks fær fljúgandi start

„Þetta gekk alveg eins og í lygasögu,“ segir tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar.

Hann hélt á fimmtudagskvöld sína fyrstu tónleika í Svíþjóð, þar sem hann hefur búið undanfarin misseri. „Þetta var ofboðslega gaman og ég fékk rosalega góðar móttökur.“

Tónleikarnir fóru fram í leikhúsinu Göta Lejon í Stokkhólmum og um átta hundruð manns mættu. Stemningin var gríðargóð, sérstaklega í loklaginu þegar Friðrik söng Eurovision-lagið This Is My Life með leynigestinum Regínu Ósk. Áður hafði Friðrik sungið dúett með Jóhönnu Guðrúnu, auk þess sem hún söng Eurovision-lögin sín Is It True? og Nótt.

Með tónleikunum vildi Friðrik kynna sig og sína tónlist fyrir Svíum og naut hann til þess liðsinnis íslenska sendiráðsins í Stokkhólmum. Eftir háls árs undirbúning mætti Friðrik vel undirbúinn til leiks með slatta af nýjum lögum í farteskkinu sem hann hefur samið, öll á ensku. Einnig söng hann eitt lag á sænsku, ballöðuna Stad i ljus sem Tommy Körberg söng í Eurovision árið 1988.

Friðrik viðurkennir að hafa verið svölítið stressaður fyrir tónleikana, enda voru sænskir söngvararar, umboðsmenn og fulltrúar frá útgáfufyrirtækjum á meðal gesta. Nú þegar hafa nokkrir lagahöfundar óskað eftir samstarfi við hann. „Það sem er svo gaman við að gera þetta í nýju landi er að enginn veit hver maður er. Þetta minnti mig á þegar maður var að byrja að syngja. Þá kom þessi extra fiðringur en heima var maður orðinn svo vanur að koma fram að maður hálfpartinn sagn-



Í ISLENSKA SENDIRÁÐINU Friðrik Ómar og Jóhanna Guðrún ásamt Guðmundi Árna Stefánssyni, sendiherra Íslands í Stokkhólmum, í hófi sem var haldið fyrir tónleikana.

að þess að vera stressaður,“ segir hann.

Eitthvað af Íslendingum var í salnum, þar á meðal þingmenn sem voru á Norðurlandaráðstefnu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þau Bjarni Benediktsson, Sív Friðleifsdóttir og Helgi Hjörvar á meðal gesta.

Friðrik er þessa dagana að undirbúa sólóplötu með nýju lögum og er hún væntanleg í haust. Tilefnið

er þrjúgusafmælið hans 4. október og heldur hann einmitt afmælistónleika í Hofi á Akureyri 1. október. Þar ætlar hann að syngja í fyrsta sinn opinberlega dúett með þabba sínum.

freyr@frettabladid.is

Ásgeir stofnar Kolb Entertainment

„Þetta er bara fyrirtæki sem á að vera notað í kringum þann rekstur sem ég er í. Nafnið er síðan náttúrulega snillið,“ segir Ásgeir Kolbeinsson um nýstofnað fyrirtæki sitt, Kolb Entertainment. Ásgeir er maður með mörg járn í eldinni, hann kemur að rekstri veitinga- og skemmtistaðarins Austur og er með sjónvarpsþáttinn Sjáðu á Stöð 2 en hann fjallar um allar þær kvikmyndir sem frumsýndar eru á Íslandi.

Ásgeir hefur einnig komið að tónleikahaldi á Íslandi, var meðal annars einn þeirra sem fluttu inn teknótröllið Scooter sællar minningar, en tilgangur hins nýstofnaða félags er meðal annars innflutningur á skemmtikröftum og tónlistarmönnum. Ásgeir segist þó ekki ætla að hella sér út í tónleikahald á nýjan leik, að minnsta kosti ekki alveg strax, þótt hann viðurkenni að vissulega sé markaður fyrir þekkta stórstjörnu fyrir aðdáendur í yngri kantinum. „Maður heldur þessu auðvitað alltaf opnu og maður er með augun



NÓG AÐ GERA Ásgeir Kolbeins er með mörg járn í eldinni og hefur stofnað fyrirtækið Kolb Entertainment til að halda utan um þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og eyrun hjá sér. Hins vegar er það alltaf ljóst að þetta eru erfiðir tímar eins og gengið er núna. Þetta var erfitt þegar Scooter kom en núna er þetta helmingi verra. Og svo er alltaf mikil áhætta tekin með svona tónleikahaldi.“

- fgg

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á dögunum stendur söngvarinn Alan Jones fyrir sérstökum stjórnu-leik í körfubolta í KR-heimilinu á morgun, en allur aðgangseyrir leiksins rennur til styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Áður hefur komið fram að Haffi Haff, Auðunn Blöndal, Örlygur Smári, Sverrir Bergmann og rapparinn Kristmundur Axel spili í leiknum en nú hafa meðherjinn **Logi Bergmann**, kraftframherjinn Gazman og partíppinninn Óli Geir bæst í hópinn ásamt útvarpsmanninum Heiðari Austmann og hjartaknúsanum Júlí Heiðari. Það er því ljóst að leikurinn verður mikil sjónarspil. - fb



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Allir synir mínir (Stóra sviðið)
Fös 1.4. Kl. 20:00 8. sýn Fim 14.4. Kl. 20:00 Mið 4.5. Kl. 20:00
Lau 2.4. Kl. 20:00 Mið 27.4. Kl. 20:00 Fim 5.5. Kl. 20:00
Mið 13.4. Kl. 20:00 Lau 30.4. Kl. 20:00

Ballíð á Bessastöðum (Stóra sviðið)
Sun 3.4. Kl. 14:00 Sun 10.4. Kl. 17:00 Sun 1.5. Kl. 14:00
Sun 3.4. Kl. 17:00 Sun 17.4. Kl. 14:00 Sun 1.5. Kl. 17:00
Sun 10.4. Kl. 14:00 Sun 17.4. Kl. 17:00

Bjart með köflum (Stóra sviðið)
Mið 6.4. Kl. 20:00 Fors. Fös 15.4. Kl. 20:00 3. sýn Fös 6.5. Kl. 20:00 7. sýn
Fim 7.4. Kl. 20:00 Fors. Lau 16.4. Kl. 20:00 4. sýn Lau 7.5. Kl. 20:00 8. sýn
Fös 8.4. Kl. 20:00 Frms. Fim 28.4. Kl. 20:00 5. sýn
Lau 9.4. Kl. 20:00 2. sýn Fös 29.4. Kl. 20:00 6. sýn

Hedda Gabler (Kassinn)
Lau 2.4. Kl. 20:00 Sun 10.4. Kl. 20:00 Sun 17.4. Kl. 20:00
Lau 9.4. Kl. 20:00 Lau 16.4. Kl. 20:00

Brák (Kúlan)
Fös 8.4. Kl. 20:00 Þri 12.4. Kl. 20:00 Fös 15.4. Kl. 20:00 að sýn

Sindri silfurfiskur (Kúlan)
Sun 3.4. Kl. 15:00 | Sun 10.4. Kl. 15:00 | Sun 17.4. Kl. 15:00

FRÉTTIR VÍDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



VÍSI

LAGERSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF GLÆSILEGUM ÚTIVISTAR- OG GOLFFATNAÐI

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI	ÁÐUR	NÚ
Útivist:		
3 laga jakkar	37.990	15.900
3 laga buxur	37.990	18.900
Útivistarjakkar	24.990	9.900
Barnaúlpur	17.990	7.900
Skiðabuxur barna	13.990	6.900
Skiðaúlpur 2 laga	29.990	14.900
Skiðabuxur	22.990	9.900
Soft shell barnapeysur	14.990	2.900
Barnagallar	11.990	5.900
Barnaregnjakkar	10.990	4.900
Regnbuxur	12.990	7.900
Göngubuxur	22.990	7.900
Soft shell jakkar	15.990	3.900
Golf:		
Golfjakkar	19.990	9.900
Golfbolir	10.990	5.900
Golfpeysur	13.990	7.900
Golfregnbuxur	22.990	12.900
Golfbuxur	13.990	7.900
OPNUNARTÍMAR		
Föstudagur	1. apríl	kl. 12–20
Laugardagur	2. apríl	kl. 10–18
Sunnudagur	3. apríl	kl. 11–18
Mánudagur	4. apríl	kl. 12–20



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kamelljónið Gísli

Kvikmyndin Kurteist fólk var frumsýnd með pomp og pragt á miðvikudagskvöldið. Að sýningunni lokinni var frumsýningarpartí á skemmtistaðnum Austur. Þar skemmti leikstjórninn Ólafur Jóhannesson sér ásamt ýmsu frægðarfólki á borð við Ingvar E. Sigurðsson og Ágústu Evu Erlendsdóttur, fatahönnuðinn Munda vonda og leikstjórnann Ágúst Guðmundsson. Á sama tíma var Stefán Einar Stefánsson, sem sigraði í formanskjöri VR, með sigurpartí í sal á efri hæðinni. Gestir á neðri hæðinni urðu ekki mikið varir við sigurgleði hjá Stefáni og hans fólki nema þegar góðgláður **Gísli Tryggvason**, talsmaður neytenda og stjórnlagaráðsmaður, gekk vaskur um menningarveisluna og heilsaði upp á viðstadda.



Grínið krufið

Húmorþing verður haldið á Hólmavík á Ströndum um helgina. Þetta er í þriðja skipti sem blásið er til þings af þessari sort þar sem fræðimenn stíga á stökk og varpa ljósi á nýjustu rannsóknir og miðlun húmors, grín verður skoðað sem valdataeki og sérstök málstofa verður haldin um mun á húmor í þéttbýli og dreifbýli. Er þá lítið talið upp af dagskránni. Á meðal þátttakenda eru Ása Ketilsdóttir, Kristinn Schram, Saga Garðarsdóttir, **Þorsteinn**

Guðmundsson og fleiri. Það er síðan spurning hvort stuðið endist því þingid hefst í dag og lýkur annað kvöld.

- hdm, jab



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Strípalingar á ferð í Hveragerði
- 2 Athafnamaður úthrópaður sonur Satans
- 3 Áhrif Icesave ofmetin
- 4 Gullgæsir sækja um ríkisborgararétt
- 5 Lugu til um geimferð Gagaríns

Arlon banki

skemmtilegri

60 MINUTES

Sunnudaga og sunnudagskvöld á Stöð 2.

GEYSIR

Íslensk framleiðsla - íslenskt hráefni.

20% afsláttur af tízkulínu Geysis

Þjer getið ekki fengið fallegri fatagerðir en okkar. Penfield, Hunter stígvél, franskar duggarapeysur, gallafatnaður með 101 Lee vörumerkinu og Farmers Market varningur. Ullarsokkarnir og gúmmískórnir komnir aftur og ullarpeysurnar frá Geysi halda á yður hita allan ársins hring.

GEYSIR

- Kaupið yður nytsama hluti, fyrir lítið verð. -

Verið hjartanlega velkomin í verzlun okkar. Opið frá 10 til 19. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310.

Daman á myndinni klæðist Þórdísi úr tízkulínu Geysis. Afsláttarverð 15.200 kr.